


**skoðun** 12

## 2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu

Allt

Lífrænn lífsstíll




## Ánægð með nýja laug
*Sundlaugin í Boðaþingi opnar á morgun en hún hefur staðið tilbúin en ónotuð í marga mánuði.*

**allt** 1




# FRÉTTABLAÐIÐ

**Þriðjudagur**
**10. maí 2011**
107. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

10 ÁRA 2001-2011

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar – mars 2011




## Evrópumaður ársins
*Anna Margrét Guðjónsdóttir varaþingmaður er fyrsta konan sem valin er Evrópumaður ársins.*

**tímamót** 16

## Góðir siðir og vondir
*Áður fyrr stóð stundum karl uppi á kassa á Lækjartorgi, skrifar Jónína Michaelsdóttir.*

**í dag** 13



## Ballið búið
*Atvinnumannsferill Einars Hólmgeirssonar er á enda. Meiðsli bundu enda á hann.*

**sport** 26

## veðrið í dag




**VÍÐA SKÚRIR** Í dag verða víðast austan eða norðaustan 3-10 m/s. Skýjað með köflum og skúrir. Hiti 7-15 stig, mildast SV-til.

**VEÐUR** 4

# Gjaldeyrishöft blása upp fasteignaverðið

**Fátt stendur íslenskum fjárfestum til boða annað en fasteignakaup vegna gjaldeyrishafta. Við blasir að það mun hækka fasteignaverð, að mati Arion banka. Alltaf hætta á eignabólum í umhverfi gjaldeyrishafta, segir viðskiptaráðherra.**

**EFNAHAGSMÁL** Íslenskir fjárfestar eru farnir að sýna fasteignamarkaðnum aukinn áhuga. Þinglýstum samningum vegna fasteignakaupa hér á landi fjölgaði um 70 prósent á höfuðborgarsvæðinu fyrstu fjóra mánuði ársins miðað við sama tímabil 2010. Samkvæmt upplýsingum frá Seðlabankanum hafa útlán þó ekki aukist í samræmi við það.

Í Markaðspunktum greiningardeildar Arion banka kemur fram að þrátt fyrir aukin umsvif á fasteignamarkaðnum megi ekki greina samsvarandi aukningu í útlánum vegna íbúðakaupa.

Í Markaðspunktunum kemur jafnframt fram að þessi auknu umsvif séu ein afleiðing gjaldeyrishaftanna og að aukinn áhuga fjárfesta á fasteignakaupum megi rekja til þess að fáir aðrir fjárfestingakostir séu í boði.

Ásdís Kristjánsdóttir, forstöðumaður greiningardeildar Arion banka, segir þó að engar tölur séu til sem staðfesti þessa þróun, en þetta sé engu að síður afar líkleg skýring á þessum auknu umsvifum á markaðnum. Þó að útlán hafi lítillega verið að taka við sér séu þau ekki í takti við veltuna, sem hefur aukist um allt að 100 prósent á milli ára.

„Það hefur verið mikill kippur á síðustu mánuðum og á sama tíma höfum við séð verðið hækka,“ segir Ásdís. Hún segir þetta meðal annars vísbendingu um að fjársterkir einstaklingar séu að kaupa fasteignir.

Gera má ráð fyrir að þessi þróun geri almenningi erfiðara fyrir að kaupa íbúðir, sérstaklega þeim sem séu að kaupa sína fyrstu íbúð.

Árni Páll Árnason, efnahags- og viðskiptaráðherra, tekur undir það að afar líklegt sé að markaðurinn sé að færast í þessa átt. „Með lækkandi vöxtum virðast vera einhver drög að því að menn séu að fara með innistæðurnar sínar út,“ segir hann.

Árni Páll segir að vissulega geti þetta leitt til verðþrýstings upp á við og í hagkerfi sem starfi í umhverfi gjaldeyrishafta sé alltaf hætt við eignabólum. „En þessi þrýstingur er þó að minnsta kosti byggður á raunverulegum eignum,“ segir Árni Páll. „Einhvers staðar verða þessir peningar að finna sér farveg. En það er auðvitað hætta á eignabólum í umhverfi gjaldeyrishafta, þegar peningamagnið í umferð eltir takmarkað magn af eignum.“

Viðskiptaráðherra segir erfitt fyrir stjórnvöld að bregðast við svona þróun þegar um sé að ræða tilflutning á fjármagni á milli ólíkra eignaforma. **- sv**



**HUNDRAÐ LEITUÐU** Fjöldi björgunarsveitarmanna fór á staðinn og leitaði á stóru illfæru svæði. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fluttur með þyrlu á sjúkrahús:

## Fannst aðframkominn á Esju

**BJÖRGUN Björgunarsveitir voru kallaðir út á sjöunda tímanum í gærkvöldi til að leita manns á Esjunni. Hann fannst rétt fyrir klukkan átta, illa áttaður og aðframkominn.**

**Hátt í hundrað björgunarsveitarmenn tóku þátt í leitinni, enda svæðið stórt og erfitt yfirferðar, að því er fram kemur í tilkynningu frá Landsbjörg. Þoka var á svæðinu þegar maðurinn týndist en leitin gekk þó vel þar sem þokunni létti um það leyti sem leitin hófst.**

**Þyrla Landhelgisgæslunnar tók jafnframt þátt í leitinni. Hún sótti manninn og flutti hann á bráðamóttöku Landspítalans. - sh**



**ATHENA BRENNUR** Gríðarlegt eldhaf og sprengingar urðu til þess að þúsundum manna var sagt að yfirgefa heimili sín í gær. MYND/KJARTAN MADSEN/DIMMALÆTTING

Stór verksmiðjutogari gjörónýtur eftir eldsvoða í höfninni í Skálafirði í Færeyjum:

## Logaði stafna á milli í höfninni

**FÆREYJAR** Færeyski verksmiðjutogarinn Athena stóð í ljósum logum í bænum Runavík við Skálafjörð í Færeyjum í gær og gekk afar illa að slökkva eldana. Runavík er um ellefu kílómetra norður af Þórshöfn.

Öflugar sprengingar hafa orðið í skipinu; eitraðan reyk og mikinn hita lagði frá því og yfir bæinn. Flytja þurfti þúsundir íbúa í nágrenninu burt af öryggisástæðum.

Eldur kviknaði í skipinu í fyrrakvöld þar sem það hefur verið í slipp vegna viðgerða. Þrír menn voru um borð í skipinu þegar eldurinn kviknaði, en engan þeirra sakaði. Athena er um átta þúsund tonn að stærð.

**8.000**
brúttólestir er stærð Athenu, sem var eitt stærsta verksmiðjuskip Færeyinga.

Skemmdir urðu á skipinu vegna eldsvoða á síðasta ári, en þá var það nýkomið úr allsherjar endurnýjun í Kína.

Eins og myndir frá færeyskum fjölmiðlum sýndu í gær logaði skipið stafna á milli í gær og miklar sprengingar urðu í skipinu. Yfirvöld hafa mælt með því að skipið verði dregið burt frá höfninni.

Ljóst er að skipið er gjörónýtt en þetta er í þriðja skiptið sem kviknar í því. Skipið er í eigu útgerðarfélagsins Thor í Færeyjum. **- gb, - shá**

Arnar Grant glímir við stam:

## Fékk aðstoð í Þýskalandi

**FÓLK** Heilsuræktarfrömuðurinn Arnar Grant gerir grín að sjálfum sér í auglýsingu fyrir próteindrykkinn Hámark. Þar er vísað í myndina The King's Speech sem fjallar um baráttu Bretlandskonungs við stam og ótta hans við að tala opinberlega.



**ARNAR GRANT**

„Ég stama sjálfur. Ég þekki þetta vandamál mjög vel þannig að ég átti ekkert erfitt með að leika þetta,“ segir Arnar, sem hefur leitað sér aðstoðar til Þýskalands vegna stams. **- fb / sjá síðu 30**







**SPURNING DAGSINS**



*Helgi, fá útlendingar nokkuð svið-skrekk þegar þeir kynnast íslenskri matargerð?*

„Nei, nei, það er alltaf áhugi á matargerð fyrri ára, en yfirleitt kynnum við almenna nútímamatargerð.“

Helgi Einarsson er einn þriggja Íslendinga í stjórn Heimssamtaka matreiðslumanna. Stjórnarseta þeirra hefur eflt kynningu á íslenskum mat og matarmenningu.

Hraðbraut starfrækt áfram þó að samningur við ríkið verði ekki endurnýjaður:

# Gangast í persónulegar ábyrgðir

**MENNTAMÁL** Eigendur Menntaskólans Hraðbrautar hafa ákveðið að innrita nýnema þrátt fyrir að þjónustusamningur við mennta- og menningarmálaráðuneytið kveði aðeins á um kaup ráðuneytisins á þjónustu skólans vegna nemenda á öðru ári. Eigendur Hraðbrautar ætla hins vegar að gangast í persónulegar ábyrgðir fyrir áframhaldandi rekstri skólans næsta skólaár. Það á við um alla nemendur skólans; þá sem ljúka námi og þá sem teknir verða inn á fyrra námsár í haust.



**ÓLAFUR HAUKUR JOHNSON**

Þetta kemur fram í fréttatilkynningu frá eigendum Hraðbrautar sem Ólafur Haukur Johnson skólastjóri undirritar. Þar segir: „Fréttir af andláti Menntaskólans Hraðbrautar eru því stórlega ýktar! Pólitísk atlaga ráðherra og ráðuneytis mennta- og menningarmála hefur vissulega stórskaðað rekstur skólans og ímynd. Einnig hefur atlaga ráðherra með ósanngjörnum hætti skaðað nemendur skólans og skólastarfið mikið en þrátt fyrir afar ómálefnalega atlögu eru aðstandendur skólans staðráðnir í að láta þessi öfl ekki knésetja sig.“

Ráðuneytið ákvað að endurnýja ekki þjónustusamning við skólann að undanfarinni rannsókn Ríkisendurskoðunar þar sem niðurstaðan var að skólinn hafi fengið tæplega 192 milljónir ofgreiddar frá ríkinu. - shá

Lögregla kölluð til í Dallas:

## Nakinn þjófur tekinn höndum

**BANDARÍKIN** Lögreglan í Dallas í Texas var kölluð til eftir að kona hafði komið að nöktum innbrotsþjófi í síðustu viku.

Þegar Jennifer Espinoza kom heim eftir að hafa ekið dóttur sinni í skóla sá hún að baðherbergisgluggi hafði verið brotinn. Þegar hún opnaði dyrnar að baðherberginu sat þjófurinn nakinn í baðvaskinum og lagði sér til munns frosinn kjúkling sem hann hafði stolið úr eldhúsinu.

Espinoza kallaði til lögreglu, sem handtók manninn. - þj

# Segja bellibrögðum beitt í vínbúðarmáli

**Íbúar í nágrenni vínbúðar á Akureyri telja bæinn misfara með vald og sniðganga lög til að tryggja að ÁTVR geti byggt við húsnæðið. Íbúarnir segja um verulegt inngrip í réttindi sín að ræða og óttast verðfall á húsum sínum.**

**SKIPULAGSMÁL** Fjölmargir íbúar og húseigendur í nágrenni við vínbúð ÁTVR á Hólabraut á Akureyri mótmæla harðlega fyrirhugaðri deiliskipulagsbreytingu sem gera mun fyrirtækinu kleift að reisa viðbyggingu við húsnæði sitt.

Í bréfi JP lögmanna fyrir hönd sautján húseigenda og íbúa er bent á að fyrri ákvörðun um að veita ÁTVR byggingarleyfi fyrir viðbyggingu við Hólabraut hafi verið kærð og felld úr gildi. Nú ætli bærinn hins vegar að sameina lóðir til að gera stækkunina mögulega fyrir ÁTVR. „Með þessu er sveitarstjórn að misfara með skipulagsvald og um er að ræða „skipulagssniðgöngu“,“ er vitnað til erindis JP lögmanna í fundargerð skipulagnefndar Akureyrar.

Meðal þeirra galla sem íbúarnir segja á fyrirhugaðri stækkun vínbúðarinnar er bílastæðaekla á svæðinu. Viðbyggingin muni auka umsvif ÁTVR og það leiða til meiri umferðar við verslunina. Til standi að breyta Hólabraut í botnlangagötu og það bjóði upp á endalausar umferðarstíflur. Í bréfi Brynhildar Ólafar Frímannsdóttur og Guðjóns Hreins Haukssonar er því mótmælt að ÁTVR verði áfram á Hólabraut án þess að fyrirtækið opni aðra vínbúð annars staðar á Akureyri til að minnka álagið á Hólabraut.

Þórkatla Sigurbjörnsdóttir segir í bréfi til bæjarins óásættanlegt að hagsmunir ÁTVR séu teknir fram yfir hagsmuni íbúanna. „Stækkun núverandi húsnæðis að Hólabraut 16 og sameinaðar lóðir mun skerða lífsskilyrði bæði utan og innandyra í fasteign hennar og rýra verðgildi,“ segir um efni bréfs Þórkötlu í fundargerð skipulagsnefndar. JP lögmenn taka í sama streng. „Um er að ræða verulegt inngrip í réttindi íbúa sem hefur veruleg neikvæð áhrif á verðmæti fasteigna þeirra,“ segir JP.



**VÍNBÚÐIN Á HÓLABRAUT** Ósáttir húseigendur segja það óviðunandi að hagsmunir ÁTVR séu teknir fram yfir hagsmuni íbúanna í kringum Vínbúðina á Hólabraut. MYND/GUÐJÓN HREINN HAUKSSON

Mörg fleiri rök eru nefnd í mótmælabréfum íbúanna, meðal annars aukin hætta á eldsvoðum, takmarkaða aðgengi neyðarbíla og hætta sem verði af blindu horni á útakstursleið. Þá bætist við þau óþægindi sem íbúarnir verði fyrir.

Málinu var frestað á síðasta fundi skipulagsnefndar. Fulltrúi VG í nefndinni, Edward H. Huijbens, sagði í bókun að málið hefði „undið hressilega upp á sig“ og að meirihluti íbúa væri kominn með lögfræðistofu í málið. „Að mati fulltrúa VG er þessi þróun mála endurspeglun stefnuleysis skipulagsnefndar, þar sem hún reynir frekar að sigla á milli skers og báru í álitamálum á einstökum deiliskipulagsreitum í stað þess að leggja fram heildarsýn á skipulagsmál í miðbæ Akureyrar,“ bókaði Edward.

gar@frettabladid.is



**HVÍTABJÖRNINN** Hann var skotinn á Hornströndum hinn 2. maí síðastliðinn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Áhugi á uppstoppuðum birni:

## Fjórir vilja hvítabjörninn

**NÁTTÚRA** Ekki verður tekin ákvörðun fyrr en næsta vetur um það hvar hvítabjörninn, sem skotinn var hér á landi í síðustu viku, verður vistaður. Fjögur erindi um vörslu hans hafa borist Náttúrufræðistofnun.

Frá þessu er greint á vestfirska vefnum bb.is, en Vestfirðingar og Skagfirðingar hafa lýst yfir áhuga á dýrinu. Hornstrandastofa, Hótel Núpur í Dýrafirði og Melrakkasetrið í Súðavík vilja fá dýrið í sína vörslu, auk Fljóta í Skagafirði.

Björninn verður ekki stoppaður upp fyrr en næsta vetur og ákvörðun um dvalarstað hans ekki tekin fyrr en að því loknu. - þeb

Manna á sendibíl leitað:

## Reyndu að lokka drengi upp í bíl

**LÖGREGLUMÁL Fjórir til fimm ungir menn í rauðum sendiferðabíl reyndu að lokka nokkra drengi upp í bifreiðina nálægt Vesturbæjarskóla í dag.**

**Skólinn sendi í kjölfarið bréf til allra foreldra og forráðamanna barna í skólanum. Þar kemur fram að mennirnir hafi boðið drengjunum sælgæti gegn því að þeir kæmu upp í bílinn.**

**Drengirnir hlupu í burtu og eru mjög skelkaðir samkvæmt bréfinu. Skólayfirvöld létu lögreglu umsvifalaust vita af málinu.**

Sýknaðir af hylmingu:

## Hleyptu úr dekkjum og týndu hettum

**DÓMSMÁL Þrír menn á þrítugsaldri hafa verið sýknaðir af ákæru um hylmingu, eftir að stolinn skjávarpi fannst á skemmtistað sem þeir ráku.**

**Skjávarpanum hafði verið stolið í innbroti í Háskólann á Bifröst og hafði einn þremenninganna keypt hann fyrir 40 þúsund krónur. Dómurinn taldi ekki sannað að mönnunum hefði verið ljóst að um þýfi væri að ræða.**

**Hins vegar voru tveir þeirra dæmdir fyrir að hleypa lofti úr dekkjum bifreiðar, þannig að hún stóð á felgunum, og týna hettunum af þremur loftventlum hennar. Annar greiðir 30 þúsund í ríkissjóð en hinum var ekki gerð refsing.** - jss

Vændi í Sádi-Arabíu:

## Stúlkur seldar í þúsundatali í kynlífsþrælkun

**SÁDI-ARABÍA** Stúlkubörn á aldrinum fimm til tólf ára eru seld ríkum körlum í Sádi-Arabíu þar sem þeim er haldið sem kynlífsþrælum. Þetta kemur fram í svokölluðum sendiráðspóstum Bandaríkjanna sem Wikileaks hefur birt og greint hefur verið frá í Aftenposten.

Stúlkurnar eru fluttar frá Máritaníu og Jemen í þúsundatali. Þegar þær verða kynþroska eru þær látnar stunda vændi.

Vel skipulagt net glæpamanna heimsækir fátækar fjölskyldur og falast eftir börnunum. Því yngri sem börnin eru, þeim mun hærra verð fæst fyrir þau. Brúður á barnsaldri getur kostað um 2,5 milljónir króna. - ibs


SUMARTILBOÐ
45.000.kr (69.800)



2b.is
Frábær Ferðafélagi
Erum á móti IKEA í Gallery Art2b
Kauptún 3 - Garðabær - S.5 800 800 - www.2b.is


Sorporkustöð Vestmannaeyja beitt þvingunaraðgerðum af Umhverfisstofnun:

# Sorpbrennsla í Eyjum beitt hörðu

**UMHVERFISMÁL** Umhverfisstofnun hefur ákveðið að beita Sorporkustöð Vestmannaeyja dagsektum frá og með 1. júní næstkomandi ef mengunarvarnabúnaður verður ekki bættur. Einnig verður starfsemi stöðvarinnar takmörkuð við tilteknar veðuraðstæður.

Umhverfisstofnun kynnti Bæjarveitum Vestmannaeyja áform um sviptingu starfsleyfis í febrúar 2011 þar sem ítrekaðar ábendingar um að úrbætur á hreinsibúnaði höfðu ekki leitt til þess að rekstraraðilinn gerði nauðsynlegar ráðstafanir til úrbóta á sorpbrennslunni.

Umhverfisstofnun telur að fram séu komin áform um ráðstafanir til úrbóta á sorporkustöðinni en ákvörðun um hvað úrræði verði fyrir valinu liggur þó ekki fyrir, né hvenær úrbætur verða framkvæmdar. Sá tími sem er áætlaður fram að endanlegri ákvörðun er allt of langur að mati Umhverfisstofnunar og framkvæmdatíminn er óviss.

Þvingunaraðgerðirnar vegna þessa eru 50 þúsund króna dagsektir frá 1. júní þar til fullnægjandi úrbætur hafa verið gerðar, sem hækka í hundrað þúsund krónur 16. ágúst. Þá er starfsemin takmörkuð með tilliti til veðurs.



**SORPORKUSTÖÐIN Í VESTMANNAEYJUM** Ryk í útblæstri er umkvörtunarefni Umhverfisstofnunar. Rykmagn hefur verið allt að þrefalt það sem tilgreint er í starfsleyfi. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR

Beri aðgerðir þessar ekki árangur innan sex mánaða mun Umhverfisstofnun taka til skoðunar á ný að svipta rekstraraðila starfsleyfi, segir í fréttatilkynningu. - shá

**Nýtt happdrættisár byrjar í maí**

HAPPDRÆTTI das
Vinningur í hverri viku

# Viltu einfaldan eða tvöfaldan?

dregið vikulega!
52 útdrættir á árinu!

## Þú getur unnið Toyota Avensis

**6 Toyota Avensis á 5 milljónir króna hver á einfaldan miða**

Miðaverð **1.100 kr. pr. mán**




DRÖGUM Í KVÖLD

## Þú getur unnið Toyota Land Cruiser 150

**6 Toyota Land Cruiser á 10 milljónir króna hver á tvöfaldan miða**

Miðaverð **2.200 kr. pr. mán**




# Eða allt í peningum



6 aðalvinningar á 10 milljónir hver,
10 aðalvinningar á 6 milljónir og
36 aðalvinningar á 4 milljónir hver.

**845 milljónir dregnar út á árinu | Kauptu miða á www.das.is**

VISA MasterCard **Aðalumboð | Tjarnargata 10 | 561 7757**

ÍSLENSKA SIA.IS DAS 543803 04/11

**GENGIÐ 09.05.2011**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 113,64 | 114,18 |
| Sterlingspund | 185,91 | 186,81 |
| Evra | 163,44 | 164,36 |
| Dönsk króna | 21,916 | 22,044 |
| Norsk króna | 20,738 | 20,86 |
| Sænsk króna | 18,202 | 18,308 |
| Japanskt jen | 1,4063 | 1,4145 |
| SDR | 181,72 | 182,8 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
218,4551

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Embættismenn ESB segja ekkert hæft í því að Grikkir ætli að kasta evrunni:

# Grikkland þarf meiri aðstoð

**BRETLAND, AP** Embættismönnum virtist í gær hafa tekist að sannfæra fjárfesta um að Grikkir ætluðu ekki að yfirgefa evrusvæðið. Í það minnsta komst kyrrð á gengi evrunnar eftir umrót sem stafaði af ótta við afdrif Grikklands.

Ljóst er hins vegar orðið að Grikkland þarf að biðja um frekari fjárhagsaðstoð, annað hvort meira lánsfé eða hagstæðari vaxtakjör á 110 milljarða evra láni sem Grikkir fengu á síðasta ári úr neyðarsjóði Evrópusambandsins og frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.


GIORGOS PAPAKONSTANTINOU

„Við teljum að Grikkir þurfi frekari aðlögunarkerfi,“ sagði Jean-Claude Juncker, forsætisráðherra Lúxemborgar, að loknum fundi með fjármálaráðherrum Grikklands, Frakklands, Þýskalands og Ítalíu á föstudagskvöld. Juncker er talsmaður evruríkjanna innan Evrópusambandsins, en einnig sátu fundinn þeir Olli Rehn, peningamálastjóri ESB, og Jean-Claude Trichet, seðlabankastjóri ESB.

Að loknum fundinum sögðu ráðamenn Evrópusambandsins ekkert hæft í fullyrðingum þýska tímaritsins Spiegel um að grísk stjórnvöld stefndu á að taka upp drökmuna aftur en kasta evrunni.

Giorgos Papakonstantinou, fjármálaráðherra Grikklands, sagði Grikki hins vegar standa í því núna að finna leiðir til þess að lifa af næstu tvö árin, meðan markaðir virtust ætla að verða þeim að mestu lokaðir. **- gb**

Ammoníakleki í Sandgerði:

# Engar skemmdir urðu á fiski

**SANDGERÐI** Engan sakaði þegar ammoníak lak af kælikerfi í húsi Slægingarþjónustu Suðurnesja í Sandgerði í fyrrakvöld.

Menn frá slökkviliði Sandgerðis fóru inn í húsið í hlífðarbúningum og lokuðu fljótlega fyrir lekann. Þá var vindátt hagstæð og stóð út á haf, en ekki yfir bæinn.

Einn af forsvarsmönnum Slægingarþjónustunnar sagði í samtali við Fréttablaðið að engar skemmdir hefðu orðið á fiski sem var þar innandyra og starfsemi hófst strax aftur í gær. **- þj**

Börn rannsökuð í S-Kóreu:

# Einkenni einhverfu algengari

**VÍSINDI, AP** Eitt af hverjum 38 börnum greinist með einkenni einhverfu samkvæmt nýrri rannsókn sem gerð var í Suður-Kóreu og birt í bandarísku vísindatímariti.

Til þessa hefur verið stuðst við bandaríska rannsókn sem gaf þær niðurstöður að eitt af hverjum hundrað börnum væri einhverft.

Suður-kóresku vísindamennirnir telja nýju rannsóknina ekki benda til þess að einhverfa sé algengari í Suður-Kóreu en í Bandaríkjunum né að hún sé orðin algengari en áður var, heldur nái rannsóknin til fleiri barna, líka þeirra sem ekki þurfi endilega á aðstoð að halda vegna einhverfueinkenna sinna.

„Þetta þýðir ekki að skyndilega séu fleiri börn með einkenni á einhverfurófinu,“ segir Young-Shin Kim, einn höfunda rannsóknarinnar. **- gb**

Tíu ára stúlku bjargað:

# Æð búin til úr stofnfrumum

**VÍSINDI Tíu ára gömul stúlka, sem var með blóðtappa í æð sem liggur frá þörmunum yfir í lifrina, fékk ígrædda nýja æð úr eigin stofnfrumum á Sahlgrenska sjúkrahúsinu í Gautaborg. Stúlkan losnar ekki bara við lifrarígræðslu, heldur einnig ævilanga lyfjameðferð vegna mögulegrar höfnunar.**

**Tekinn var æðarbútur úr lífæragjafa og hann meðhöndlaður með efnum þannig að allar frumur og erfðaefni hurfu. Eftir var stofn sem stofnfrumur stúlkunnar voru látnar vaxa á. Síðan var æðin grædd í barnið. Aðgerðin var gerð fyrir þremur mánuðum.** **- ibs**

# Eftirgjöf Kaupþingsmanna var ólögmæt

**Á þriðja tug starfsmanna gamla Kaupþings gæti þurft að standa skil á milljarða króna skuldum eftir tvo dóma í gær. Þar komst héraðsdómur að því að stjórn bankans hefði ekki mátt fella niður persónulegar ábyrgðir þeirra af lánunum.**

**DÓMSMÁL** Stjórn Kaupþings var óheimilt að fella niður persónulegar ábyrgðir á lánum sem starfsmenn höfðu fengið til að kaupa bréf í bankanum. Þetta er niðurstaða Héraðsdóms Reykjavíkur, sem kvað upp tvo dóma þess efnis í gær.

Starfsmenn bankans fengu alls um 32 milljarða að láni til hlutabréfakaupa, þar af voru um fimmtán milljarðar með persónulegri ábyrgð. Stjórnin tók þá ákvörðun 25. september 2008, tveimur vikum fyrir bankahrun, að fella ábyrgðirnar niður.

Dómar gærdagsins snúast um lán til tveggja fyrrverandi starfsmanna, annars vegar samtals tæplega 700 milljóna lán til Helga Þórs Bergs og hins vegar lán til Þórðar Bogasonar, sem í september 2008 stóð í um 273 milljónum.

Helgi var í persónulegri ábyrgð fyrir þorra lánsfjárhæðarinnar og er því gert að endurgreiða þrotabúi Kaupþings um 642 milljónir króna. Þórður var einungis í ábyrgð fyrir tíu prósentum láns síns og þarf því að endurgreiða 27,3 milljónir.

„Það er ekki fallist á að fólkið hafi verið á neinn hátt blekkt eins og haldið var fram. Það er bara fallist á að fólkinu hafi verið gefnir fjármunir,“ segir Guðni Ástþór Haraldsson, lögmaður slitastjórnarinnar. „Stjórnin greip náttúrlega bara til örþrifaráða vegna þess að hún var búin að koma sínum starfsmönnum í þvílík vandræði að það varð að reyna að leysa þetta einhvern veginn.“

Verði þessi niðurstaða staðfest í Hæstarétti þýði það einfaldlega að slitastjórnin fái hluta fjármunanna til baka.


**STARFSMENN KAUPÞINGS FUNDA** Flestir helstu lykilstarfsmenn bankans fyrir hrun fengu lán af þessu tagi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

> Stjórnin greip náttúrulega bara til örþrifaráða vegna þess að hún var búin að koma sínum starfsmönnum í þvílík vandræði
>
> **GUÐNI ÁSTÞÓR HARALDSSON**
> LÖGMAÐUR SLITASTJÓRNAR KAUPÞINGS

Alls hefur slitastjórnin freistað þess að innheimta skuldirnar hjá um sextíu starfsmönnum gamla Kaupþings. Samið hefur verið við 35 manns um endurgreiðslur á hluta lánsfjárhæðarinnar eins og hún leit út í september 2008.

„Fólki gafst færi á að borga 65 prósent af höfuðstólnum með þeim fyrirvara að krafa slitastjórnar ætti rétt á sér. Ef dómstólarnir hefðu dæmt þannig að hún ætti ekki rétt á sér hefðu menn fengið peningana til baka,“ útskýrir Guðni.

Það er aðallega fólk sem skuldaði, og skuldar mikið til enn, lægri fjárhæðir. „En það liggur fyrir að það eru margir í þeirri stöðu að geta væntanlega aldrei borgað það sem þeir skulda;“ segir Guðni. Formlega séu öll þau mál fyrir dómstólum en ekki sé útilokað að fólkið geti leitað eftir samningum, enda sé slitastjórninni mikið í mun að hámarka eigur þrotabúsins en hafi ekki sérstakan áhuga á að keyra fólk í þrot.

**stigur@frettabladid.is**


**REIÐHJÓL** Danskt tryggingafyrirtæki leggur sitt af mörkum til að efla samfélagsverkefni í Afríku. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Danskt tryggingafyrirtæki:

# Selur stolin hjól til Mósambík

**DANMÖRK Danska tryggingafélagið Alm. Brand hefur afráðið að efla samfélagsverkefni í Afríku með því að selja reiðhjól sem safnast upp í geymslum þess til Mósambík.**

**Oft finnast stolin hjól eftir að búið er að greiða út tryggingabætur til eigenda. Nú hefur Alm. Brand ákveðið að selja hjólin til fyrirtækis sem mun selja 1.000 mósambískum mjólkurbændum hjólin á góðum kjörum.**

**Bændunum er þar með gert kleift að flytja framleiðslu sína á markað og afla sér stöðugra tekna, að upphæð fimm til átta Bandaríkjadala á dag.** **- þj**

Vöruskiptin jákvæð í apríl:

# Niðurstaðan betri í fyrra

**EFNAHAGSMÁL** Vöruskipti við útlönd voru jákvæð um 7,6 milljarða króna í apríl. Fluttar voru út vörur fyrir 43,6 milljarða króna en innflutningur nam 36 milljörðum, samkvæmt Hagstofu Íslands.

Það sem af er ári hafa vöruskiptin verið jákvæð um 32,1 milljarð króna. Útflutningur hefur numið 180 milljörðum en innflutningur 147,9 milljörðum. Á sama tíma í fyrra höfðu vöruskiptin verið jákvæð um 38,6 milljarða, 6,5 milljörðum meira en í ár. **- bj**


Fyrir þinn innri mann

Dagleg neysla ab-drykkjar stuðlar að bættu heilsufari og vellíðan.





## VEÐURSPÁ



Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

**SKIN OG SKÚRIR**
Það er svo sem lítið hægt að kvarta undan veðrinu þessa dagana, en áfram verður milt í veðri og vindur tiltölulega hægur. Hins vegar má víða búast við skúrum á landinu á dag en björtu veðri og stöku síðdegisskúrum syðra á morgun.




**Á MORGUN** 3-8 m/s.

**FIMMTUDAGUR** Hæg norðlæg átt.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 22° |
| Basel | 26° |
| Berlín | 26° |
| Billund | 20° |
| Frankfurt | 27° |
| Friedrichshafen | 26° |
| Gautaborg | 18° |
| Kaupmannahöfn | 18° |
| Las Palmas | 21° |
| London | 20° |
| Mallorca | 25° |
| New York | 22° |
| Orlando | 33° |
| Ósló | 18° |
| París | 24° |
| San Francisco | 18° |
| Stokkhólmur | 18° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is* ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is* RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is* KYNNINGARSTJÓRI: Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*







## Sjálfskiptur eða beinskiptur – hvað hentar þér best?







**Suzuki Alto beinskiptur**
Verð kr. 1.790.000
Eyðsla 4,4 L/100 km
$CO_2$ 103g/km

**Suzuki Alto sjálfskiptur**
Verð kr. 2.040.000
Eyðsla 5,2 L/100 km
$CO_2$ 122g/km

## FYRIR SKYNSAMT FÓLK

SUZUKI

## TRAUST UMBOÐ Í YFIR 40 ÁR

Hugtök Markaðsráðgjöf Feb. 2011

**SUZUKI BÍLAR HF · SKEIFUNNI 17 · SÍMI 568 5100 · WWW.SUZUKI.IS**

## KJÖRKASSINN



*Ert þú sátt(ur) við nýgerða kjarasamninga?*

| | |
|---|---|
| Já | 38,3% |
| Nei | 61,7% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Telur þú að íslenska evróvisjónlagið komist áfram í kvöld?*

Segðu skoðun þína á visir.is

vísir

Matís opnar áttundu starfsstöð sína utan höfuðborgarsvæðisins:

# Ráðgjöf og aðstaða í Matarsmiðju

**LANDBÚNAÐUR** Matís mun opna áttundu starfsstöð sína utan höfuðborgarsvæðisins á fimmtudaginn á Flúðum. Um er að ræða svokallaða matarsmiðju en smiðjur sem þessar hefur Matís byggt upp með góðum árangri á Höfn í Hornafirði og á Egilsstöðum.

Matarsmiðjan er rekin í samstarfi við sveitarfélögin í uppsveitum Árnessýslu, Atvinnuþróunarfélag Suðurlands, Háskólafélag Suðurlands og Háskóla Íslands. Líkt og í öðrum matarsmiðjum Matís er ætlunin að bjóða áhugasömum aðilum um vinnslu á matvörum heima í héraði upp á ráðgjöf og aðstöðu til að þróa vörur í markaðshæft form.

Ljóst er að miklir þróunar- og nýsköpunarmöguleikar eru í þessari framleiðslu, til dæmis hvað varðar nýtingu á afurðum sem falla til í hefðbundinni grænmetisframleiðslu og á grænmeti sem ekki selst.

Auk þess að vinna að ýmsum garðyrkjutengdum verkefnum mun matarsmiðjan á Flúðum aðstoða alla þá aðila sem vilja þróa framleiðslu á matvælum til beinnar sölu heima í héraði. - shá



**AFURÐIR FRÁ FLÚÐUM** Staðsetningin ræðst af því að 80 prósent grænmetisframleiðslu á Íslandi eru á Suðurlandi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hormón eykur fólki matarlyst:

# Fitna af völdum of lítils svefns

**SVÍÞJÓÐ Of lítill svefn getur leitt til þess að líkaminn safni sérstaklega mikilli næringu. Eftir aðeins eina vökunótt eykst framleiðsla fituhormónsins ghrelin sem til lengdar getur leitt til þess að menn fitni. Sambandið milli svefnleysis og fitu hefur verið staðfest í mörgum rannsóknum. Ekki hefur þó verið mikið vitað um ástæðurnar.**

**Nú hefur teymi evrópskra vísindamanna bent á aukningu á fyrrnefndu fituhormóni sem eykur matarlystina og dregur úr brennslu.** - ibs




# Skoska þingið vill kjósa um sjálfstæði

**Alex Salmond, leiðtogi Skoska þjóðarflokksins, reiknar með því að Skotar fái að kjósa um það á seinni hluta kjörtímabilsins hvort Skotland verði sjálfstætt ríki. Einungis þriðjungur Skota hefur hins vegar sýnt stofnun sjálfstæðs ríkis áhuga.**

**SKOTLAND** Alex Salmond, leiðtogi Skoska þjóðarflokksins, segir að sjálfstæði Skotlands sé nú óumflýjanlegt. Flokkur hans, sem hefur á stefnuskrá sinni aðskilnað Skotlands frá Bretlandi, náði meirihluta á skoska þinginu í kosningum á fimmtudag.

„Mín skoðun er sú að sjálfstæði sé meira eða minna óumflýjanleg örlög, en tímasetningin er auðvitað algerlega undir skosku þjóðinni komin,“ höfðu fjölmiðlar eftir Salmond.

Spurningin snúist eingöngu um það hvenær efnt verði til þjóðaratkvæðagreiðslu í Skotlandi um málið. Jafnvel Annabel Goldie, leiðtogi Íhaldsflokksins á Skotlandi, sem fékk reyndar aðeins fjórtán prósent atkvæða, hefur lýst sig fylgjandi því að efnt verði til þjóðaratkvæðagreiðslu. Hún hefur að vísu boðað afsögn sína vegna slaks gengis Íhaldsflokksins.

David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, sér hins vegar enga þörf fyrir þjóðaratkvæðagreiðslu í Skotlandi og sagðist undrandi á því að Goldie skyldi ljá máls á því.

Salmond telur þó enga þörf á að hraða þjóðaratkvæðagreiðslu, hugsanlega vegna þess að skoðanakannanir benda til þess að einungis þriðjungur Skota myndi greiða atkvæði með stofnun sjálfstæðs ríkis í Skotlandi.

Hann segist stefna á að halda hana á seinni hluta kjörtímabilsins, sem nú er að hefjast.

Gott kosningagengi Þjóðarflokksins, sem fyrir utan þjóðernismálið hefur að mestu sósíaldemókratískar áherslur, má að nokkru rekja til óánægju kjósenda bæði með núverandi samsteypustjórn Íhaldsflokksins og Frjálslyndra demókrata í Bretlandi og með fyrrverandi Bretlandsstjórn Verkamannaflokksins undir forystu George Brown.

Á síðasta þingi lagði Skoski þjóðarflokkurinn fram frumvarp um að efnt yrði til þjóðaratkvæðagreiðslu um stofnun sjálfstæðs ríkis, en það frumvarp var fellt á skoska þinginu. Nú er flokkurinn kominn í meirihluta og getur samþykkt þetta frumvarp án stuðnings annarra flokka.

Í kosningunum á fimmtudag var einnig kosið til heimastjórnarþings í Englandi, Wales og á Norður-Írlandi. Þá höfnuðu kjósendur með yfirgnæfandi meirihluta tillögu um nýtt kosningakerfi til þings í Bretlandi.

gudsteinn@frettabladid.is



**ÁNÆGÐUR LEIÐTOGI** Alex Salmond ætlar ekki að hraða þjóðaratkvæðagreiðslu, þótt hann hafi nú meirihluta til þess á þingi. NORDICPHOTOS/AFP

> Mín skoðun er sú að sjálfstæði sé meira eða minna óumflýjanleg örlög, en tímasetningin er auðvitað algerlega undir skosku þjóðinni komin.
>
> **ALEX SALMOND**
> LEIÐTOGI SKOSKA ÞJÓÐARFLOKKSINS




Evrópudagurinn haldinn hátíðlegur í Þjóðmenningarhúsinu:

# Undirstrika hinn evrópska anda

**EVRÓPUMÁL** Evrópudagurinn var haldinn hátíðlegur í gær og hélt sendinefnd Evrópusambandsins (ESB) meðal annars hóf í Þjóðmenningarhúsinu í tilefni dagsins.

Evrópudagurinn er haldinn ár hvert til að minnast þess að hinn 9. maí árið 1950 markaði Robert Schuman, utanríkisráðherra Frakklands og einn af frumkvöðlum Evrópusamstarfs, upphaf þess sameiningarferlis sem síðar gat af sér ESB eins og við þekkjum það nú.

Í samtali við Fréttablaðið sagði Timo Summa, sendiherra ESB á Íslandi, að dagurinn væri táknmynd um evrópskan samruna og samvinnu.

„Þjóðríkin hafa sinn dag, en þetta er dagur Evrópu þegar við fögnum og hömpum evrópskri menningu. Þannig undirstrikum við hinn evrópska anda.“

Summa bætti því við aðspurður að Evrópudagurinn og athöfnin í gær tengdist ekki aðildarviðræðum Íslendinga við ESB.

Summa sagði að íslensk menning hefði einnig verið í forgrunni á athöfninni þar sem barnakór hefði sungið íslensk lög, meðal annars.

„En það er auðvitað líka hluti af evrópskri menningu.“ - þj



**TIMO SUMMA** Sendiherra ESB á Íslandi flutti tölu á Evrópudeginum sem haldinn var hátíðlegur í Þjóðmenningarhúsinu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



Ford Focus
í dag
nýr
Komdu í
Brimborg
í dag
Græn skref í Reykjavík
P
90 mín.
Visthæfur bíll
Ford
Nýtt tákn um gæði
Kauptu bíl sem
notar aðeins
3,7 lítra
á hundraðið frá
Blönduósi
Komdu í Brimborg
í dag. Skoðaðu
nýjan Focus.
Kostar aðeins
frá 3.350 þús. kr!
Lestu meira á ford.is
Nýr Focus getur bakkað sjálfur í bílastæði fyrir þig.
Færð líka frítt í stæði.
Nýtt - spyrðu um framlengda verksmiðjuábyrgð í allt að 5 ár.
Komdu í Brimborg í dag!
Venjulegt
íslenskt
fjölskyldufyrirtæki
í 47 ár
brimborg
Öruggur staður til að vera á
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | ford.is

**VEISTU SVARIÐ?**



*1. Hvaða lánafyrirtæki sameinast Landsbankanum?*

*2. Hve margar rúður á heimili Ögmundar Jónassonar voru brotnar með grjótkasti um helgina?*

*3. Hvaða dýr á norðurslóðum eru í mestri hættu vegna aukinnar kvikasilfursmengunar?*

**SVÖR**

**1.** *SP fjármögnun og þrotabú Avant.* **2.** *Tvær.* **3.** *Hvítabirnir, selir og hvalir.*

Dómari telur ekki ástæðu til að vísa frá ákæru í skattahluta Baugsmálsins:

# Dómurinn telur ákæruna vera skýra

**BAUGSMÁL** Dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur hafnaði í gær frávísunarkröfu verjenda í skattahluta Baugsmálsins. Dómarinn taldi ákæru í málinu ekki svo óskýra að ákærðu gætu ekki varið sig.

Í málinu eru þrír einstaklingar ákærðir fyrir skattalagabrot, persónulega og í rekstri fyrirtækja. Ákærðu eru þau Jón Ásgeir Jóhannesson, Kristín Jóhannesdóttir og Tryggvi Jónsson.

Verjendur töldu ákæru svo óskýra að ekki væri hægt að átta sig á ákæruatriðunum. Vísuðu þeir einkum til þess að ekki væri sundurliðað hvaða skattar og gjöld hafi ekki verið greidd á því tímabili sem ákært er vegna.

Við málflutning um frávísunarkröfuna hafnaði settur ríkislögreglustjóri í málinu þeim málatilbúnaði og sagði ákæruna í fullu samræmi við lög og venjur í slíkum sakamálum. Á það féllst dómarinn í úrskurði sínum.

Verjendur vísuðu til dóms sem féll í fyrri hluta Baugsmálsins árið 2005. Þar var málinu vísað frá dómi þar sem Pétri Guðgeirssyni héraðsdómara þótti ekki mega lesa sakagiftir úr ákæru. Pétur er einnig dómari í þeim hluta Baugsmálsins sem nú er fyrir dómi.

Ekki er hægt að kæra úrskurðinn til Hæstaréttar. Næsta skref er því aðalmeðferð, sem áformað er að fari fram í haust. **- bj**



**KRAFA** Ekki er hægt að kæra niðurstöðu héraðsdóms til Hæstaréttar. Aðalmeðferð í málinu er áformuð í haust. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Vistvænni byggð!

heilbrigðara umhverfi = betri líðan = bjartari framtíð

**Ráðstefna Vistbyggðarráðs og Vistmenntar**
**Norræna húsinu, fimmtudaginn 12. maí 2011**
**kl. 9:00-16:00**

**Fyrri hluti: erindi** kl. 9:00 - 12:30
**Svandís Svavarsdóttir**, umhverfisráðherra.
**Martin Haas**, arkitekt hjá Behnisch Architekten í Þýskalandi.
**Mikael Koch**, arkitekt hjá Danskeark í Danmörku.
**Mark Clough**, verkfræðingur hjá Genex í Bretlandi.
**Helga J. Bjarnadóttir**, sviðsstjóri Umhverfissviðs EFLU.
**Harpa Birgisdóttir**, sérfræðingur hjá SBi í Danmörku.
**Dennis Carlberg**, arkitekt og forstöðumaður sjálfbærnimála við Boston University.

**Seinni hluti: málstofur** kl. 13:30 - 16:00
**Vottunarkerfi – mikilvæg tæki eða markaðsvara ?** (á ensku)
**Kynning á starfi vinnuhópa Vistbyggðarráðs** (á íslensku)

Skráning og nánari dagskrá á www.vbr.is og www.ai.is

Vistbyggðarráð · ARKITEKTAFÉLAG ÍSLANDS · vistmennt



**Ný nálgun við mataraðstoð**

**Hjálparstarf kirkjunnar ætlar að hverfa frá matargjöfum í poka og veita í staðinn barnafólki mataraðstoð með inneignarkortum í verslunum.**

Einnig er hægt að hringja í söfnunarsímann **907 2002**, gefa framlag á **framlag.is**, **gjofsemgefur.is** eða á söfnunarreikning **0334-26-886**, kt. 450670-0499.

**Valgreiðsla hefur verið send í heimabanka þinn.** Með því að greiða hana styður þú innanlandsaðstoð Hjálparstarfs kirkjunnar og hjálpar til sjálfshjálpar.

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Háaleitisbraut 66, 103 Reykjavík, Sími 528 4400

PIPAR\TBWA • SÍA • 111093

# Hreindýraleyfi verði seld hæstbjóðendum

**Fræðimenn við Háskólann á Akureyri segja að eðlilegt væri að selja veiðileyfi á hreindýr til hæstbjóðenda en ekki úthluta þeim á undirverði með happdrættisfyrirkomulagi. Það fæli burt dýrmæta veiðimenn frá útlöndum og minnki tekjur.**

**ATVINNUMÁL** Tekjur af hreindýrum á Austurlandi eru verulega minni en þær gætu verið vegna þess að veiðileyfin er seld á undirverði. Þetta segja kennarar við Háskólann á Akureyri.

Niðurstaða Jóns Þorvalds Heiðarssonar lektors og Stefáns Sigurðssonar aðjúnkts varðandi tekjur af hreindýraveiðum komu fram í erindi þeirra um efnahagsleg áhrif skotveiða á Íslandi. „Spyrja má hvort skotveiðar og veiðiferðamennska geti haft meira efnahagslegt vægi en nú er. Þetta er einkar áleitin spurning varðandi hreindýraveiðarnar,“ sögðu Jón og Stefán, sem kveða veiðar á hreindýrum á Íslandi ekki skilvirkar.

„Óskilvirkni veiðanna á hreindýrunum felst ekki í ofveiði eins og oft vill brenna við varðandi veiðar. Óskilvirknin felst í því að veiðileyfin eru seld á undirverði. Ekki er reynt að selja veiðileyfin á hæsta mögulega verði,“ segja fræðimennirnir og útskýra að vegna þess verði tekjur af veiðinni verulega minni en ella og minna fjárflæði komi til Austurlands en ef nýtingin væri skilvirk. Þeir áætla að 26 störf séu á Austurlandi vegna hreindýraveiðanna.

„Störf vegna hreindýraveiða á Austurlandi eru því færri nú en þau væru ef auðlindin væri nýtt á eðlilegan hátt. Eðlilegast væri að veiðileyfin yrðu boðin hæstbjóðanda,“ segja Jón og Stefán sem telja núverandi fyrirkomulag „fæla burt erlenda veiðimenn sem eru tilbúnir til að eyða miklum fjármunum á veiðiferðum.“



**HREINDÝR** Hægt væri að ná meiri tekjum af hreindýraveiðum með því að hætta að selja veiðileyfin á undirverði, að mati fræðimanna við Háskólann á Akureyri. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Jón og Stefán segja að ef veiðileyfi væru seld hæstbjóðanda væri auðvelt fyrir þá veiðimenn að leggja fram það hátt tilboð að öruggt yrði að þeir gætu veitt næsta tímabil. „Nú er því ekki til að dreifa heldur ræður tilviljun því hvort þessir dýrmætustu veiðimenn fá leyfi eða ekki. Fyrirkomulagið er einnig til þess fallið að þeir nenni ekki að eyða fyrirhöfn í slíkt happdrætti heldur veiði annars staðar í heiminum. Má því færa rök fyrir því að Ísland verði af vissum gjaldeyristekjum vegna óskilvirkrar nýtingar á auðlindinni hreindýr.“

Í erindinu kom fram að árinu 2009 greiddu hreindýraveiðimenn samtals 97 milljónir króna fyrir leyfi til að fella samtals 1.333 dýr. Þar af fóru 82 milljónir til landeigenda og Umhverfisstofnunar og Náttúrverndarstofa Austurlands fékk afganginn. Hver og einn veiðimaður er talinn hafa eytt að meðaltali tæpum 40 þúsund krónum á Austurlandi.

Á þessu ári er hreindýraveiðikvótinn 1.001 dýr. Fjórfalt fleiri skotveiðimenn sóttu um veiðileyfin. Þau kosta á bilinu 50 til 135 þúsund eftir því hvort um er að ræða kýr eða tarf og eftir veiðisvæðum.

**gar@frettabladid.is**

Minningarathöfn haldin í Fossvogi um sigurinn í Föðurlandsstríðinu mikla:

# Rússar minnast styrjaldarloka

**TÍMAMÓT** Í tilefni þess að 66 ár eru liðin frá sigrinum í Föðurlandsstríðinu mikla og lokum síðari heimsstyrjaldarinnar lagði sendiherra Rússlands, Andrei Tsyganov, krans að minnismerkinu Voninni í Fossvogskirkjugarði í gær. Sendiherrar annarra erlendra ríkja tóku einnig þátt í athöfninni auk íslenskra embættismanna.

Séra Timur Zolotuskij, prestur safnaðar heilags Nikulásar rússnesku rétttrúnaðarkirkjunnar í Reykjavík, hélt að því búnu stutta minningarmessu. Vonin var reist 2005 til minningar um sjómenn sem létu lífið í skipalestum bandamanna til Sovétríkjanna. **- ibs**



**MINNINGARATHÖFN** Sendiherra Rússlands og sendiherrar annarra erlendra ríkja lögðu í gær krans að minnismerkinu Voninni í Fossvogskirkjugarði til þess að minnast loka síðari heimsstyrjaldarinnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Eirberg

# TILBOÐSDAGAR

HoMEDICS

10% afsláttur af öðrum Homedics vörum



Nuddsæti
20%
afsláttur



Nuddpúði
20%
afsláttur



Tilboð
Lyftistólar
Verð frá: 89.900 kr.



Stafir
10%
afsláttur

# FJÖLDI TILBOÐA



Bakbretti
30%
afsláttur



Nálastungudýna
30%
afsláttur



Sissel
þjálfunarvörur
10%
kynningarafsláttur







Ýmis smá hjálpartæki
10%
afsláttur



Swopper
10%
afsláttur



Hnéhlíf
10%
afsláttur

Í sumar er opið virka daga frá kl. 9 - 18 • Eirberg ehf. • Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is



**RISAVAXIÐ SÓLARORKUVER** Í Les Mees í suðurhluta Frakklands er verið að reisa eitt stærsta sólarorkuver landsins. Það er um 50 hektarar að stærð og framleiðir um 36 megavött af rafmagni. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Hugmyndir um mikla uppbyggingu á Eyri við Reyðarfjörð:

# Skoða byggingu olíubirgðastöðvar

**FJARÐABYGGÐ** Hugmyndir eru uppi um að reisa 450.000 rúmmetra olíubirgðastöð á Eyri við Reyðarfjörð. Verkefnið er að frumkvæði verkfræðistofunnar Mannvits ehf. og hefur verið rætt á fundum nefnda og ráða Fjarðabyggðar undanfarið.

Jón Björn Hákonarson, forseti bæjarstjórnar, segir í samtali við Fréttablaðið að málið sé enn á frumstigi.

„Mannvit hefur óskað eftir áformayfirlýsingu frá Fjarðabyggð. Við munum nú ræða í bæjarráði hvernig okkar aðkoma að því gæti orðið en ég á von á að það gæti klárast í næstu viku.“

Jón Björn segir að áformayfirlýsing yrði ekki bindandi fyrir sveitarfélagið, en Mannvit muni vinna áfram að verkefninu. Ef það svo reynist vænlegt verði það sett í umhverfismat.

„En núna er þetta komið í umræðuna og bæjarráð mun afla sér frekari upplýsinga. Í framhaldinu munum við taka ákvörðun um yfirlýsinguna og þá hefst annar fasi í ferlinu,“ segir Jón Björn.

Á síðasta fundi bæjarstjórnar lét Fjarðalistinn, sem er í minnihluta, bóka þá skoðun sína að íbúar ættu að fá að kjósa um byggingu olíubirgðastöðvar. Meirihlutinn svaraði því til að slíkt sé fljótfærnislegt, en mikilvægt sé þó að íbúar séu upplýstir um gang mála. - þj



**FRÁ REYÐARFIRÐI** Verkfræðistofan Mannvit vinnur að hugmyndum um olíubirgðastöð við Reyðafjörð. Það er hins vegar enn á frumstigi.








**NÝJAR HÖFUÐSTÖÐVAR** Á sex hæðum munu 150 starfsmenn Actavis vinna að stjórn fyrirtækisins; tuttugu af þeim Íslendingar. MYND/ACTAVIS

# Actavis opnar nýjar höfuðstöðvar í Sviss

**Forstjóri Actavis segir að staðsetning nýrra höfuðstöðva í Sviss hafi ekki áhrif á rannsóknir, þróun og framleiðslu lyfja á Íslandi. Borgin Zug laðar til sín fjölda fyrirtækja með lágskattastefnu sinni.**

**VIÐSKIPTI** „Það er erfitt að fá erlenda sérfræðinga til að flytja til Íslands. Meginland Evrópu er mun hentugri staðsetning fyrir nýjar höfuðstöðvar,“ sagði Claudio Albrecht, forstjóri Actavis.

Albrecht vígði nýjar skrifstofur framkvæmdastjórnar fyrirtækisins við hátíðlega athöfn í Zug í Sviss í gær. Nú þegar eru um hundrað manns, frá 29 löndum, komnir til starfa. Við lok annars ársfjórðungs er gert ráð fyrir því að allar sex hæðir nýju höfuðstöðvanna, verði skipaðar starfsmönnum Actavis, samtals um 150 manns. Þar af eru rúmlega tuttugu starfsmenn sem flytjast ásamt fjölskyldum sínum frá Íslandi. Borgin Zug hefur síðustu ár laðað til sín fjölda fyrirtækja víða að með lágskattastefnu.

Albrecht segir að þrátt fyrir að höfuðstöðvar framkvæmdastjórnarinnar verði staðsettar í Zug þá muni enn verða unnið að rannsóknum, þróun lyfja og framleiðslu þeirra í Hafnarfirði. „Við leituðum að hentugum stað sem væri miðsvæðis í Evrópu; Zug reyndist hentugastur,“ segir hann en Kaupmannahöfn, London og Amsterdam komu jafnframt til greina.

Við vígsluathöfnina í gær kom fram að næstu daga fundi framkvæmdastjórinn í nýjum höfuðstöðvum um breytta framtíðarstefnu fyrirtækisins. Hún markist ekki síst af því að fólk nái sífellt hærri aldri og muni starfsemin taka mið af því; gera megi ráð fyrir miklum breytingum á næstunni í framleiðslu á samheitalyfjum. Þeir sem greiði fyrir vöruna geri sífellt meiri kröfur. Og því þurfi þessi geiri að breytast umtalsvert. Actavis þurfi að bjóða sífellt betri lausnir og vera þannig á undan samkeppnisaðilum. Þá sé ljóst að skilin á milli hefðbundinna lyfjaframleiðenda og samheitalyfjafyrirtækja séu sífellt að minnka. Og reikna megi með því að samheitalyfjafyrirtæki eins og þau eru í dag, verði sjaldséð eftir tíu ár.

Tekjur Actavis voru 1,7 milljarðar evra í fyrra. Stefnt er að því að tekjur aukist í tvo milljarða evra á næstu tveimur árum.

jab@frettabladid.is / svavar@frettabladid.is

## Forstjóri Actavis: Claudio Albrecht

Dr. Claudio Albrecht, fyrrverandi forstjóri samheitalyfjafyrirtækisins Ratiopharm, var ráðinn forstjóri Actavis í stað Sigurðar Óla Ólasonar um mitt ár 2010. Það var eftir honum haft í fyrra að til greina kæmi að skrá fyrirtækið á hlutabréfamarkað á ný. Actavis var afskráð úr Kauphöll Íslands árið 2007.

Albrecht bendir á að áður en til skráningar komi þurfi að huga að mörgu. Nú sé fyrirtækið ekki skráningarhæft, enn eigi eftir að samþætta fyrirtækjasamsteypuna eftir fjölmörg fyrirtækjakaup fram til ársins 2008.






VERKFÆRI SEM HÆGT ER AÐ TREYSTA Á !

TILBOÐ

TOPTUL
THE MARK OF PROFESSIONAL TOOLS

# SINDRI

IBTGCAI2802

## TOPPLYKLASETT 28 STK.

1/2" 8 - 32 mm
Framlenging með LED ljósi
Sterk plasttaska

TILBOÐ



**9.900** m/vsk
Fullt verð 18.900

IBTGCAI9402

## TOPPLYKLA, OG BITASETT 94 STK.

1/4" og 1/2" 4 - 32 mm
Djúpir toppar, kertatoppar,
bitar og fl.
Sterk plasttaska

TILBOÐ



**16.900** m/vsk
Fullt verð 22.900

LÍFSTÍÐARÁBYRGÐ Á TOPPUM OG FÖSTUM LYKLUM

IBTDJAC0106

## 6" SKRÚFSTYKKI MEÐ SNÚNINGI 180°

6" opnun

TILBOÐ



**16.900** m/vsk
Fullt verð 28.900

IBTGCAI130B

## TOPP, BITA OG FASTLYKLASETT 130 STK.

1/4" - 3/8" - 1/2"
Toppar 4 - 32 mm | 5/32" - 1 1/4"
Lyklar 8 - 22 mm
E toppar, sexkantbitar og fl.

3/8" framlenging með
LED Ljósi fylgir frítt með
[ Fullt verð 1.990 kr ]

TILBOÐ



**26.900** m/vsk
Fullt verð 39.900

TILBOÐ

SEXKANTSETT

Verð frá 1.990 kr.

FASTIR LYKLAR

Verð frá 490 kr.

TOPPAR

Verð frá 390 kr.

ÚRREKSETT

Verð 2.690 kr.

TILBOÐ



NÝTT BAKKAKERFI-
-SÉRSTYRKTAR
HLIÐAR OG BOTNPLATA

## VERKFÆRAVAGN Á HJÓLUM - 7 SKÚFFUR

1/4", 3/8" og 1/2" topplyklasett
Fastir lyklar, sexkantar og skrúfjárn,
djúpir toppar, höggskrúfjárn, öfuguggasett, slaghamar,
splittatangir, tangir, bitar og fl.
Sterkur vagn með lás

283 STK.



**179.900** m/vsk
Fullt verð 231.490

Vnr. IBTGT-28305

www.sindri.is / sími 575 0000

SINDRI

Viðarhöfða 6 - Reykjavík    Bæjarhrauni 12 - Hafnarfirði

Með fyrirvara um villur

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Er kannski ástæða til að hækka hæstu launin?

## Yfirvofandi læknaskortur

Kjör heilbrigðisstarfsfólks á Íslandi standast engan veginn samjöfnuð við það sem gerist í nágrannalöndunum. Ein birtingarmynd þess kemur fram í forsíðufrétt Fréttablaðsins í gær, þar sem sagt var frá því að margir læknar og hjúkrunarfræðingar á Íslandi notuðu sumarleyfi sín og uppsöfnuð vaktafrí til að fara á nokkurs konar vertíð í Svíþjóð og Noregi og hala inn margra mánaða laun á stuttum tíma.

Eyjólfur Þorkelsson, formaður Félags almennra lækna, segir frá því í fréttinni að valið standi jafnvel á milli þess að vinna í tíu mánuði á Íslandi og vera í fríi í tvo mánuði eða vinna í tvo mánuði í Svíþjóð og vera í fríi í tíu mánuði. Launin komi nánast út á það sama.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Eyjólfur og Elsa B. Friðfinnsdóttir, formaður Félags íslenzkra hjúkrunarfræðinga, segja bæði að það séu ekki einvörðungu kjörin sem freisti íslenzks heilbrigðisstarfsfólks, heldur líka skárri vinnutími og minna álag. Hér heima séu sumir við það að brenna út í vinnunni og líti á það sem ákveðna hvíld að skipta um starfsvettvang og vinna í öðru og betra starfsumhverfi í útlöndum.

Læknaskortur er yfirvofandi vandamál hér á landi, sem þegar er raunar farið að bera á. Ungir læknar flýta sér til útlanda í sérnám og þeir sem hafa verið í sérnámi ílendast margir hverjir ytra og sjá enga ástæðu til að koma heim. Forystumenn lækna hafa bent á að endurnýjun í stéttinni sé of hæg og á næstu árum geti orðið erfitt að manna til dæmis stöður sérfræðinga á Landspítalanum þegar núverandi sérfræðilæknar fara á eftirlaun. Víða úti um land er miklum erfiðleikum bundið að manna stöður lækna.

Yfirvöldum heilbrigðismála er mikill vandi á höndum. Vegna ástandsins í ríkisfjármálunum verður að spara í rekstri heilbrigðiskerfisins. Á Landspítalanum hefur nánast verið unnið kraftaverk í sparnaði en ein afleiðing þess er mikið álag á starfsfólk, sem getur ekki gengið lengi. Á sama tíma hefur ríkisstjórnin tekið þá afstöðu að halda beri niðri launum lækna og ráðherrar hafa látið frá sér fara misgáfulegar yfirlýsingar um þau efni. Hæst launuðu læknarnir hafa ekki eingöngu lækkað í launum, heldur eru þeir líka í þeim hópi sem fer verst út úr skattahækkunum ríkisstjórnarinnar.

Engin furða er að læknar, sem eru mjög hreyfanlegt vinnuafl og geta gengið inn í hálaunastörf nánast hvar sem er í heiminum, flytji af landi brott eða sjái litla ástæðu til að snúa heim frá námi. Sá sem frestar heimferð um einhver ár er orðinn mun líklegri til að eyða allri starfsævinni ytra, þannig að íslenzk sjúkrahús eða heilsugæzlustöðvar njóti aldrei starfskrafta hans.

Stóra hættan í málinu er sú að íslenzkt heilbrigðiskerfi dragist aftur úr og geti ekki lengur talizt í fremstu röð, einfaldlega vegna þess að hæfustu læknarnir fáist ekki til starfa þar lengur. Það er hætta sem stjórnvöld verða að horfast í augu við og ákveða hvernig eigi að bregðast við.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Kræfur

Ólafur Haukur Johnson, skólastjóri Menntaskólans Hraðbrautar, er kræfur náungi. Athugun Ríkisendurskoðunar leiddi í ljós að hann hafði misfarið með almannafé í áraraðir. Í kjölfarið tók Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra þá eðlilegu ákvörðun að slíta við hann samstarfi. Það var auðvitað ekkert annað í boði. Til að hlífa nemendum skólans og gera þeim kleift að ljúka námi var skólanum leyft að starfa eftir þröngum skilyrðum í eitt ár til viðbótar og þjónustusamningur gerður í því skyni.



### Bara víst

En síðan skýrslan kom út hefur Ólafur verið með stöðugan derring og látið eins og helsært fórnarlamb málsins. Í gær sendi hann frá sér einkennilega fréttatilkynningu þess efnis að hann ætlaði bara víst að taka inn nýja nemendur í haust, sama hvað hver segði. Til þess þyrfti hann bara að hækka aðeins skólagjöld og svo mundu eigendurnir leggja til restina af peningunum.

### Með eðlilegum hætti

Ef það er rekstrarform sem gengur upp þá er líklega ærin ástæða fyrir stjórnvöld að endurskoða þjónustusamningsgerð sína við einkareknar menntastofnanir. En hvað ef það gengur ekki upp, sem er sennilegra? Er Ólafur þá ekki að gera verðandi nemendum sínum mikinn óleik, með því að lokka þá í skóla sem alls óvíst er að muni starfa í nema ár í viðbót? Kannski er samt von, því í tilkynningu Ólafs segir líka: „Eigendur Menntaskólans Hraðbrautar hafa ákveðið að haga skólastarfi með eðlilegum hætti veturinn 2011-2012.“ Það var þá kominn tími til.



stigur@frettabladid.is

HALLDÓR




## Tryggvi og tól hagfræðinnar

Sjávarútvegur



Guðmundur Örn Jónsson
verkfræðingur

Vegna „tækifærismennsku ófyrirleitinna stjórnmálamanna“, lýðskrums og staðleysu í umræðunni um fiskveiðistjórnun hefur Tryggvi Þór Herbertsson farið yfir málið í nokkrum greinum með „tólum hagfræðinnar“.

Tryggvi bendir réttilega á að forsendur hagkvæmrar útgerðar séu takmarkanir á aðgangi að auðlindinni, að veiðirétturinn sé til lengri tíma og að veiðirétturinn sé framseljanlegur.

Aðeins fyrningarleiðin uppfyllir öll þessi skilyrði. Í henni fá útgerðir lögvarinn rétt til veiða með kaupum á langtíma veiðirétti meðan veiðirétturinn er aðeins til eins árs í núverandi kerfi. Sóknarmark, sem fyrrverandi sjálfstæðismenn í Frjálslynda flokknum hafa aðallega barist fyrir, uppfyllir ekkert skilyrðanna. Þar til viðbótar fullnægir fyrningarleiðin kröfum Sameinuðu þjóðanna um lágmarks mannréttindi sem núverandi kerfi gerir ekki.

Það er því engin tilviljun að þeir þrír nóbelsverðlaunahafar í hagfræði sem hafa tjáð sig um málið hafa mælt með fyrningarleiðinni. Hinn virti sérfræðingur á sviði samkeppnishæfni, Michael Porter, hefur einnig bent á mikilvægi nýliðunar, sem er eitt af því sem fyrningarleiðin tryggir. Sterkustu rökin fyrir hagkvæmni fyrningarleiðarinnar koma þó frá LÍÚ. Í umdeildri skýrslu bentu þeir á að núverandi útgerðarfyrirtæki gætu engan veginn staðist samkeppni við hagkvæmari nýliða sem myndu ryðja þeim til hliðar í samkeppni um kvótann.

Það er svo aðeins með fyrningarleiðinni að hægt er að fá óumdeilt verðmat á auðlindinni og munu því deilur um auðlindagjald heyra sögunni til. Það er líklegast meginástæðan fyrir andstöðu LÍÚ við leiðina.

Það er því stórmerkilegt að Tryggvi nefnir fyrningarleiðina aldrei á nafn. Í staðinn hælir hann nákvæmlega eins stjórnkerfi, sem Daninn Warming lagði til. Enda hefur forysta Sjálfstæðisflokksins barist gegn fyrningarleið meðan Pétur Blöndal og jafnaðarmenn eru helstu stuðningsmenn leiðarinnar. Því lýsir það Tryggva betur en Jóhönnu Sigurðardóttur þegar hann kallar hana lýðskrumara.

Nær væri fyrir Tryggva að líta í eigin barm ef hann vill minnka lýðskrum, enda verða fyrri fullyrðingar þingmannsins um að geta galdrað í burtu 20% af skuldum landsmanna varla nefnd öðru nafni.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Góðir siðir og vondir

Í DAG



Jónína Michaelsdóttir
Blaðamaður

Það kviknaði í mörgum hjörtum á fyrstu tónleikum Hörpunnar og gaman að skynja síðustu daga almenna gleði yfir þessu langþráða mannvirki. Ekki glittir í íslensku drýldnina og hofmóðinn, aðeins þakklæti, auðmýkt og einlæga hrifningu. Og léttir. Loksins geta okkar frábæru tónlistarmenn raunverulega notið sín hér á landi, sem og erlendir listamenn sem hafa áratugum saman heiðrað okkur með því að koma hingað og flytja sína tónlist, þó þeir yrðu að gera það í húsakynninum sem voru byggð undir aðra starfsemi. Og í framhaldi af því er allt í einu komið sumar, öllum að óvörum. Meira að segja veðurfræðingum. Og þetta var góð helgi. Sólin breytir öllu.

**Karlinn á kassanum**

Það eru ekki alltaf sólskinsskrif sem maður rekst á ef maður fer inn á netið, þó að það sé til. Áður fyrr stóð stundum karl uppi á kassa á Lækjartorgi með hnefann á lofti og fékk útrás fyrir allt sem honum mislíkaði eða vildi breyta. Hann talaði hátt og sparaði ekki lýsingarorðin. Karlinn á kassanum var hluti af stemningunni í miðbænum, rétt eins og Hjálpræðisherinn sem söng og prédikaði á sama stað. Þetta var náttúrlega ekkert lögbundið. Hver sem var hefði getað rölt með kassa ofan í bæ, tyllt sér upp á hann og hafið upp raust sína. Manni þótti þetta eins og hvert annað skemmtilegt fyrirbæri þegar maður var krakki, hlustaði ekkert á hvað maðurinn sagði, horfði bara á tilburðina. Í dag myndi þessi maður vera þegar margir hafa um nokkurn tíma tileinkað sér tiltekinn talsmáta, þá festist hann í sessi. Um það vitna algeng lýsingarorð sem fyrir löngu hafa fengið andstæða merkingu: ógeðslegt, geðveikt, geggjað, truflað. Þessi orð eru hugsunarlaust notuð yfir það sem er fallegast og best. En þetta er saklaust miðað við það þegar farið er að klína

> Alþingismenn og ráðherrar eru ekkert öðruvísi en annað fólk. Það getur verið skapmikið og breyskt á ýmsum sviðum, en í störfum sínum og samskiptum við annað fólk ber því að haga sér eins og siðað fólk. Uppnefni og ávirðingar gengisfella þá sjálfa.

virkur í blogginu og ekki láta sig vanta ef boðið væri upp á mótmælafund. Jafnvel þó að hann vissi ekki hverju væri verið að mótmæla.

**Ósiðir**

Mér finnst margir tala um að gengisfall á mannasiðum og orðfæri eigi að verulegu leyti rætur á blogginu. Ögrandi og rætin skrif sem beinast að tilteknum einstaklingum, fá klapp frá fjölda manns og skrifarinn færist í aukana. Finnst þetta vitna um að hann sé greinilega á réttri leið. Aðrir sjá hvað þetta er vinsælt og taka upp sama orðfæri og jafnvel óheflaðra.

Yfirleitt er það þannig að ónefnum á annað fólk í því augnamiði að gera lítið úr því. Ekki síst þegar um eða að ræða fólk sem þjóðin hefur valið sérstaklega á Alþingi Íslendinga.

Alþingismenn og ráðherrar eru ekkert öðruvísi en annað fólk. Það getur verið skapmikið, og breyskt á ýmsum sviðum, en í störfum sínum og samskiptum við annað fólk ber því að haga sér eins og siðað fólk. Uppnefni og ávirðingar gengisfella þá sjálfa, ekki þá sem þeir vilja gera lítið úr.

En nú er semsagt komið sumar. Bjartar nætur og betra skap. Tilvalinn tími til að gefa neikvæðni og önuglyndi frí. Helst varanlegt frí.

## AF NETINU

### Sumir jafnari en aðrir ?

Nú er komið í ljós að á ári óttans í Kauphþingi, skulfu allir þar á bæ á beinunum en voru látnir halda að með því að hreyfa ekki við hlutabréfum sínum væru þeir að sýna samstöðu til að berjast fyrir vinnustað sinn og í þessari samstöðu berðust einn fyrir alla og allir fyrir einn sem jafningjar.

En ennfremur hefur komið í ljós að sumir voru jafnari en aðrir og ef þeir voru nógu stórir var í góðu lagi að þeir neyttu allra bragða til að skara eld að eigin köku og gæfu skít í alla samstöðu.

Ætlun þeirra var greinilega að geta haldið sínu þótt aðrir yrðu að blæða.

omarragnarsson.blog.is
**Ómar Ragnarsson**

### Fasistabeljan

Það sætir almennri furðu, hvernig allt of margir þingmenn telja tíma sínum og kröftum best varið landi og þjóð til heilla. Í stað þess að þingmenn séu samtaka í að leita að leiða út úr efnahagsþrengingum þá berast fréttir, af hótunum þingmanna um meiðyrðamálaferli og að þeir uppnefni hverjir aðra ýmsum hætti og líki við; ketti, hryssur og nú fasistabeljur. Einhvern veginn þá finnst mér verulega skorta á að heiðurslistamaðurinn Þráinn Bertelsson sem telur víst drjúgan hluta þjóðarinnar vera fábjána, rökstyðji þetta orðaval sitt. Ekki virðist vera um góðlátlegt grín að ræða heldur virðist sem einhver særindi búa að baki og að Þráinn telji sig hafa orðið fyrir einhverju óréttlæti af hendi Þorgerðar Katrínar.

sigurjonth.blog.is
**Sigurjón Þórðarson**

ÁRSFUNDUR
EFTIRLAUNASJÓÐS FÍA

Ársfundur Eftirlaunasjóðs FÍA verður haldinn miðvikudaginn 25. maí, kl. 14.00 í Grjótsnesi, Hlíðarsmára 8, Kópavogi.

Dagskrá fundarins fer eftir samþykktum sjóðsins og 30. gr. laga nr. 129/1997 um starfsemi lífeyrissjóða.

Allir sjóðfélagar eiga rétt til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétt.

Ársfundargögn má nálgast í Hlíðarsmára 8, á vefsíðu sjóðsins, www.efia.is og í móttöku Eignastýringar Landsbankans - Austurstræti 11.

Stjórn Eftirlaunasjóðs FÍA.

FÍA
Eftirlaunasjóður

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
FÁÐU BEITTUSTU BRANDARANA Í SÍMANN
Skopmyndir Halldórs Baldurssonar eru á Vísi
m.visir.is Fáðu Vísi í símann!
Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.
Meiri Vísir.
vísir

MAÍ 2011
Gleraugu
25% afsláttur
TAX FREE*
& gott betur!
OPTIC REYKJAVÍK
SJÓNTÆKJAVERSLUN
Hamrahlíð 17
Blindrahúsinu 552 2002
Opið alla virka daga milli 9 - 18
*Gildir þegar keypt eru bæði umgjörð & sjóngler
Verðlækkun er á kostnað OPTIC REYKJAVÍK

# Umræða á villigötum

Umhverfismál

Magnús Jóhannsson
prófessor í lyfjafræði



Í desember 2010 var lagt fram á Alþingi frumvarp um breytingar á lögum um náttúruvernd nr. 44/1999. Nokkrar deilur hafa sprottið um þetta frumvarp og eru þær tilefni þessara skrifa.

Með frumvarpinu á að gera svipaða hluti og búið er að gera fyrir löngu í þeim löndum sem við viljum bera okkur saman við. Við Íslendingar erum nefnilega langt á eftir öðrum þjóðum í umhverfismálum og náttúruvernd og löngu tímabært að eitthvað sé gert í því. Þeir sem harðast hafa gengið fram gegn frumvarpinu og fylgismönnum þess eru starfsmenn skógræktarfélaga (hagsmunaaðilar?). Þeir hafa ítrekað gripið til rangfærslna og stóryrða um þá sem eru þeim ósammála og hér eru fáein dæmi: „... menn vilji banna skógrækt ...“; „... ströngustu hreintrúarmenn..“; „... mikil öfgasjónarmið ...“; „... tekin afstaða gegn landgræðslu og skógrækt ...“; „... skógræktarfólks, sem vill lífríki Íslands vel“; „.. .afnám frelsis einstaklingsins til gróðursetningar ...“; „... rasismi og hrísvandarhyggja ...“ Þetta er allt með ólíkindum og getur tæplega flokkast sem málefnaleg umræða. Hvað vill þetta fólk? Það virðist vilja fullkomið frelsi til að gera það sem því sýnist án tillits til annarra sjónarmiða.

Reynsla annarra þjóða af innflutningi framandi dýra og plantna er ákaflega blendin. Stundum er hægt að hafa gagn af framandi lífverum en á meðal þeirra getur leynst, þó ekki sé nema ein, sem veldur óbætanlegu tjóni. Það verður því sjaldan of varlega farið. Ástralía er oft tekin sem dæmi en þar hafa t.d. innfluttar kanínur, kettir og nokkrar jurtir valdið miklu og óbætanlegu tjóni. Ástralir hafa lært af þessari bitru reynslu og sem ferðamaður finnur maður fyrir ströngu eftirliti með framandi lífverum, bæði inn í landið og milli landssvæða. Íslendingum hefur gengið ákaflega illa að læra af reynslu annarra þjóða en það er virkilega mál að linni.

Ef forsvarsmenn skógræktarfélaga halda að um skógrækt á Íslandi ríki almennt sátt þá skortir þá jarðsamband. Ég tel að flestir Íslendingar séu hlynntir skógrækt ef hún er rekin með skynsemi og af smekkvísi. Ég tel hins vegar að verið sé að gera a.m.k. tvenns konar mistök í skógrækt á Íslandi, annað er þegar plantað er trjátegundum sem ekki eiga heima á viðkomandi svæði og hitt er þegar plantað er trjám á svæði sem eru mun verðmætari trjálaus. Þannig hafa mörg góð og aðgengileg berjalönd verið eyðilögð með skógrækt og önnur svæði þakin svo þéttum skógi að gangandi fólki er ófært þar um. Sumir skógræktarmenn virðast telja trjálaust land, eins og fallegt mólendi, vera ógróið og einskis virði. Fólk spyr sig í vaxandi mæli hvaða tilgangi þetta brölt þjóni og hvort þetta sé virkilega gert fyrir fólkið í landinu. Í ofanálag er þetta eins og heilagar kýr, ef einhver vogar sér að gagnrýna skógræktina þá er hann útmálaður sem andstæðingur skógræktar og landgræðslu og þar með hálfgert illmenni. Ég lýsi eftir hugarfarsbreytingu hjá stjórnendum skógræktarinnar og þeir ættu líka að minnast þess að fólki er alls ekki sama hvernig skattpeningar eru notaðir.

# Ég sé hvað þú hugsar – örugg á hjóli

Hjólreiðar

Sesselja Traustadóttir
hjólreiðamaður



Dásemdir vorsins kalla árlega fram hjólin úr bílskúrnum og þó að Íslendingar séu farnir að hjóla árið um kring er fjölgun hjólafólks í umferðinni enn árviss vorboði. Veturinn var mildur og hann var gott að hjóla í Reykjavík. Ofankoman í mars var mikil og eftir allt fannfergið var gott að fá rigningu til að skola vetrinum burt. En rigningin ræður ekki við alla mölina sem varð eftir á stígunum.

Þegar við sem erum vön umferð hjólum á milli staða bíður okkar þægilegt leiðarval. Við eigum að vera á götunni en megum heimsækja gangstéttirnar þegar okkur hentar. Þar erum við gestir og víkjum fyrir umferð gangandi. Hjólreiðamanni ber að láta vita af sér með ljúfum hætti fyrir gangandi vegfarendur. Á því hljóðlausa ökutæki sem hjólið er getur bjallan komið sér ágætlega. Öllu skemmtilegra fyrir borgarbraginn er þó ef hjólreiðamenn flauta lagstúf eða syngja lítið lag. Ef hinn gangandi tekur eftir þessu og víkur úr vegi fyrir hjólreiðamanninum þökkum við hjólreiðamenn að sjálfsögðu fyrir á hlýlegan hátt.

Þó að götusópar Reykjavíkurborgar séu komnir vel af stað með að hreinsa upp lausamölina eftir hálkueyðingu vetrarins ættu allir hjólandi að vera meðvitaðir um hve auðveldlega við skrikum í lausamölinni. Til að tryggja ferðafarsæld okkar fer best á að eiga rólegar beygjur og vera meðvituð um þessi óþægindi, einkum í nánd við blindhorn og þar sem líkur eru á óvæntum uppákomum.

Á götunum er lítið um lausamöl. Þar er umferðin greiðari og síður hindranir á veginum. Hjólið er ökutæki sem á að vera á götunni. Staða þess er alla jafna í víkjandi stöðu, hægra megin á akrein í 0,5-1 m fjarlægð frá götubrún. Þessi fjarlægð er öryggissvæði hjólreiðamannsins. Staðan gerir hann sýnilegri í umferðinni og inn í öryggissvæðið getur hann vikið, sé honum ógnað af annarri umferð. Þegar tekið er fram úr kyrrstæðum bílum verður hjólreiðamaðurinn að taka sér það pláss á akreininni að hann sé öruggur um að hjóla ekki á hurð bílsins – verði hún óvænt opnuð þegar hjólað er framhjá bílnum.

Þá er hjólið komið í ríkjandi stöðu á götunni. Í ríkjandi stöðu tekur hjólið sem ökutæki sömu stöðu á götunni og stórt vélknúið ökutæki. Þetta gerir hjólreiðamaðurinn til að tryggja sitt eigið öryggi og til að láta ekki þröngva sér í öngstræti sem geta reynst honum varasöm. Nokkur dæmi um það þegar hjólreiðamaður fer í ríkjandi stöðu eru þegar hjólað er framhjá hliðargötu, þegar hjólað er um miklar þrengingar á götu og á leið í gegnum hringtorg. Til að fara í ríkjandi stöðu, líttu þá í kringum þig og vertu viss um að vera í sambandi við bílstjórann fyrir aftan þig – horfðu í augu hans og gefðu merki áður en þú breytir um stöðu.

Það er ekki hugmyndin með ríkjandi stöðu að gerast lestarstjóri. En vissulega getur sú staða komið upp og þá reynir á heilbrigða skynsemi okkar allra; bílstjóra vélknúinna ökutækja og hjólreiðamanna. Umburðarlyndi og samvinna hefur aukist í umferðinni síðustu ár. Höldum áfram að rækta þá ánægjulegu þróun. Brosum og horfum í augu hvert annars. Við erum öll í leið.

> Umburðarlyndi og samvinna hefur aukist í umferðinni síðustu ár. Höldum áfram að rækta þá ánægjulegu þróun.

Eitt öruggasta hjálpartæki hjólreiðamannsins er augun. Augnsamband, líta aftur, fylgjast með umferðinni og gera sýnilegt þeim sem fylgist með þér, hvert augun þín líta. Bílstjórinn á vélknúna ökutækinu verður að sjá þig og hann vill líka sjá hvað þú ert að hugsa. Hann getur séð það með því að sjá hvert þú lítur. Með því að horfa í augu ökumannsins veist þú líka, hjólreiðamaður góður, hvað hann gerir næst og þá hefur þú val um að ákveða eigið öryggi.




# Jú Jón, sjómenn njóta auðlindaarðs

Auðlindir

Tryggvi Þór Herbertsson
prófessor í hagfræði og alþingismaður



Eitt af því sem ég sakna mest úr háskólaumræðunni er að takast málefnalega á við menn um grunnhugmyndir. Einn heldur einu fram og annar skorar þann á hólm í rökræðu. Þessi aðferð leiðir til þess að þekking verður til.

Við greinaflokki mínum um íslenska fiskveiðistjórnunarkerfið hef ég ekki fengið mikla málefnalega gagnrýni enn sem komið er. En nú ber vel í veiði! Jón Steinsson, sem er Milton Friedman fræðimaður við Chicago-háskóla, hefur mótmælt harðlega staðhæfingu sem ég setti fram í greinaflokknum. Í annarri af fimm greinum sem birtist hér í blaðinu held ég því fram að hluti auðlindaarðsins í sjávarútvegi renni til sjómanna vegna þess fyrirkomulags sem notað er til að ákvarða laun þeirra. Þar segi ég jafnframt: „Auðlind sem allir þjóðfélagsþegnar hafa jafnan rétt til að nýta er dæmd til að vera ofnotuð ef afrakstur hennar er nægilega eftirsóknarverður – auðlindarentunni er sóað. Sóunin felst í að of margir sjómenn munu fjárfesta í of miklum fjármunum í viðleitnin sinni að ná til sín auðlindarentunni. Þetta er það sem kallað hefur verið sorgarsaga almenninganna. Þannig verður sjálfstortíming í raun það sem allir keppa að. Hver útgerðarmaður hugsar aðeins um eigin hag. Frelsi í almenningum leiðir því að lokum tortímingu yfir alla þátttakendur.“

Best er að taka tilbúið dæmi til að sýna að gagnrýni Jóns á ekki við rök að styðjast. Segjum sem svo að fiskveiðar séu frjálsar og að auðlindarentunni sé allri sóað – að of margir sjómenn keppist um takmarkaða fiskveiðiauðlind á of mörgum skipum. Í dæmaskyni skulum við gera ráð fyrir að 10 þúsund sjómenn stundi sjósókn á þúsund skipum sem öll séu með sama aflaverðmæti – allir skipstjórarnir eru jafn fisknir.

Nú eru innleiddar aðgangstakmarkanir í veiðarnar, líkt og gert var hér á landi árið 1984, til að auðlindaarðurinn verði til. Útgerðin aðlagar sig. Sumir útgerðarmenn selja kvóta og aðrir kaupa. Skipum fækkar og sjómönnum með. Gerum nú ráð fyrir að þessu ferli sé lokið og fullri hagkvæmni sé náð í útgerð. Skipum hefur fækkað um 500 og sjómönnum um 5 þúsund. Að meðaltali er aflaverðmæti skipanna nú tvisvar sinnum hærra en áður (vegna einkaleyfis til að veiða) og laun sjómannanna hafa tvöfaldast (vegna hlutaskiptakerfisins). Auðlindaarðinum sem áður var sóað á altari of mikillar sóknargetu (offjárfestingar) er nú skipt á milli sjómannanna (vegna hlutaskiptakerfisins) og útgerðamannanna. Reyndar eiga útgerðirnar eftir að borga af sínum hlut fyrir heimildirnar sem þær keyptu. Það bendir til þess að auðlindaarðurinn sem féll útgerðinni í hlut endi að lokum hjá þeim sem seldi kvótann og fór út úr greininni, en það er önnur saga sem ég mun gera skil síðar. Ef hinsvegar um fastlaunakerfi hefði verið að ræða, eða að kvótakaupin væru greidd af óskiptum hlut, hefði (brúttó) auðlindarentan endað hjá útgerðinni.

Sjómenn njóta því auðlindaarðsins með útgerðunum vegna hlutaskiptakerfisins. Þannig er það nú Jón minn!

-góð kaup

# RÚMFATA LAGERINN

HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

GILDISTÍMI: 10.05.11 TIL 11.05.11



SÁPUKÚLUR **99,-**

S34501620
**Sápukúlur**
Frábært verð!



ALLAR VÖRUR FÁST Í PÓSTVERSLUN Í SÍMA 750-7000 EÐA Á WWW.RFL.IS

STK. AÐEINS **995,-**

252713140
**Íþróttagarðdvergar**
Frábært skraut í garðinn þinn, íþróttagarðdvergar á frábæru verði!



GÖNGUSKÓR **5.995,-**

GÖNGUSKÓR **9.995,-**

**Gönguskór**
Vandaðir og góðir gönguskór úr vatnsheldu NUBUCK leðri. Stærðir: 36-45.



SPARIÐ 30.000

FULLT VERÐ: 89.950,-
**59.950,-**

**LAVIA koja**
Glæsileg koja með vinnuaðstöðu.
Hér ertu með allt í sama húsgagninu á frábæru verði! Rúm, hillur, skrifborð, skúffur og skápur. Litir: Hlynur og grár. Stærð: B203 x D136 x H180 sm. Dýnustærð: B90 x L200 sm.



BAKPOKI MEÐ GRIND **4.995,-**

BAKPOKI **4.995,-**



FÓTBOLTASOKKAR **695,-**

**CHAMP fótboltasokkar**
Góðir fótboltasokkar, fáanlegir í fjórum flottum litum. Stærðir: 35 - 44.

# GÓÐ KAUP!



SPARIÐ 6.990

TRAMPOLÍN + ÖRYGGSNET **36.990,-**

**Trampólín**
Flott og gott trampólín í garðinn eða á pallinn.
St. H70 sm. Ø: 305 sm. Trampólín **26.990,-**
Öryggisnet **16.990,-**
Trampólín + öryggisnet **36.990,-**
Stigi **3.495,-**
Aukahlíf stærð: Ø 350 sm. **4.995,-**



Jutlandia Artwood

**GARCON borð og 2 OREGON stólar**
Nett og þægilegt garðhúsgagnasett úr gegnheilum harðviði. Stærð á borði: B70 x L70 sm.
Borð **12.990,-** Stóll **7.495,-**

SPARIÐ 7.990

BORÐ + 2 STÓLAR **19.990,-**



SPARIÐ 1.000

høie OF SCANDINAVIA

FULLT VERÐ: 3.495,-
**2.495,-**

**HØIE KADETT sæng**
Mjúk og þægileg sæng fyllt með sílikonhúðuðum holtrefjum. Saumuð í bylgjusaum.
Hvítt áklæði með bláum röndum úr 100% bómull. Þolir þvott við 60°C.
Stærð: 135 x 200 sm. Þyngd: 1200 gr.



KÚLUGRILL **3.895,-**

**COLORADO kúlugrill**
Lítið og nett kúlugrill úr emeleruðu, svörtu járni.
Stærð: Ø43 sm. Vinnuhæð: 60 sm.



GRILLBURSTI **299,-**

**Grillbursti**
Góður, langur grillbursti. Nauðsynlegur í sumar til að halda grillinu hreinu!

# VIKUTILBOÐ!



48% AFSLÁTTUR

FULLT VERÐ: 2.495,-
**1.295,-**

**TRIESTE sessur**
Flottar sessur með fallegu mynstri. Slitsterkt polysester áklæði.
Sessur fyrir stóla með stillanlegt bak. St. 50 x 116 sm. 6 sm. þykk.

Eða á meðan birgðir endast.

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**61** **BONO,** söngvari hljómsveitarinnar U2, er 51 árs í dag.

*„Tónlist getur breytt heiminum því hún breytir fólki."*

## Merkisatburðir

1513 Samþykkt er gerð að Leiðarhólmi í Breiðafjarðardölum, þar sem mótmælt var misbeitingu kirkjulegs valds.

1651 Heimilað er að stofna fjóra holdsveikraspítala.

1940 Hernámsdagurinn. Breskt herlið sett á land í Reykjavík. Allmargir Þjóðverjar handteknir.

1976 Fjórmenningar sem setið höfðu í gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar Geirfinnsmálsins, flestir í 105 daga, látnir lausir.

1990 Stúlkubarn fæðist Grímseyingum, en næstu sjö árin á undan höfðu einungis fæðst drengir, 15 alls.

ÞETTA GERÐIST: 10. MAÍ 1940

## Churchill verður forsætisráðherra



Þennan dag fyrir 65 árum tók Winston Churchill flotaforingi við forsætisráðherraembætti Bretlands. Neville Chamberlain hafði sagt af sér sem forsætisráðherra þann sama dag. Chamberlain hafði undirritað samkomulag við Adolf Hitler árið 1938 og hafði í framhaldi af því uppi stór orð um að þetta samkomulag myndi tryggja „frið á okkar tímum".

Allar friðarvonir hrundu þegar Þjóðverjar réðust inn í Pólland 1. september árið 1939 og fljótlega varð ljóst að Chamberlain réð illa við það verkefni að vera forsætisráðherra Breta á ófriðartímum. Chamberlain missti stuðning félaga sinna í Íhaldsflokknum í apríl árið 1940, strax og ljóst varð að Bretum myndi ekki takast að koma í veg fyrir að Þjóðverjar réðust inn í Noreg. Þegar Þjóðverjar réðust svo inn í Holland og Belgíu 10. maí sama ár samþykkti breska þingið vantraust á Chamberlain. Hann sagði af sér og Churchill var fenginn til þess að taka við. Þremur dögum síðar hélt Churchill sína fyrstu þingræðu og sagðist þá hafa „ekkert að bjóða nema blóð, svita og tár."

AFMÆLI



**SVEINN RÚNAR HAUKSSON** læknir er 64 ára



**MAGNÚS RAGNARSSON** leikari er 48 ára



**GÓÐ UMRÆÐA** „Menn geta rætt þetta fram og aftur, spáð í hvort Evrópusambandið sé góð viðbót eða ekki og umræðan öll verður upplýstari og faglegri," segir Anna Margrét Guðjónsdóttir varaþingmaður. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

ANNA MARGRÉT GUÐJÓNSDÓTTIR: VALIN EVRÓPUMAÐUR ÁRSINS 2010

# Miðla áfram minni reynslu

Anna Margrét Guðjónsdóttir varaþingmaður Samfylkingar var nýlega valin Evrópumaður ársins 2010 en viðurkenninguna hlýtur Anna Margrét fyrst kvenna. Evrópusamtökin völdu Evrópumann ársins í sjöunda sinn frá stofnun samtakanna en þau eru þverpólitískur vettvangur áhugamanna um Evrópusamvinnu.

Áhugi Önnu Margrétar á samstarfi Íslands við önnur Evrópuríki kviknaði fyrir alvöru árið 2006 þegar hún flutti til Brussel og stóð að opnun skrifstofu Sambands íslenskra sveitarfélaga þar í borg. Hún gegndi starfi forstöðumanns skrifstofunnar allt þar til hún flutti heim árið 2009. Í Brussel kynntist hún Evrópumálunum af eigin raun en sú reynsla vó þungt í þeirri ákvörðun Önnu Margrétar að skella sér í pólitíkina. Anna Margrét er landfræðingur að mennt og hefur meistarapróf í opinberri stjórnsýslu.

„Jú, það er ánægjulegt að fá þessa viðurkenningu sem setur um leið líka á mig skyldur - að halda áfram að miðla reynslu minni og þekkingu og um leið sannfæringu minni um mikilvægi aðildar Íslands að Evrópusambandinu. Ég held einnig að það skipti ekki síður máli að kona skuli hljóta þessa viðurkenningu í fyrsta sinn, það er mikilvægt að konur eigi sér fyrirmyndir í umræðunni," segir Anna Margrét.

Viðurkenningin er meðal annars veitt fyrir starf Önnu Margrétar við að deila þekkingu sinni á málaflokknum, í ræðu og riti, en hún situr meðal annars í stjórn Evrópuvaktar Samfylkingarinnar og stjórn Já-hreyfingarinnar.

„Þetta er mikið baráttumál í mínum huga, ekki síst eftir að hafa unnið og starfað við þetta, og kynnst á eigin skinni hvernig það er að standa fyrir utan Evrópusambandið en taka samt upp gerðir þess. Ég reyndi það í mínum daglegu störfum hvernig það er að vera aldrei inni í herberginu þar sem ákvarðanirnar eru teknar og það sannfærði mig endanlega," segir Anna Margrét.

Formlegar aðildarviðræður Íslands í Evrópusambandið hefjast í júní. Anna Margrét segir sér vera hvað efst í huga þessi misserin að Íslendingar tefli fram öllu sína besta fólki, á hverju sviði, til að ná fram besta mögulega samningi.

„Ég vona að menn átti sig á því að við verðum að nýta það fólk sem býr yfir mestri þekkingu í viðræðurnar sjálfar og undirbúning þeirra. Allar stofnanir og hagsmunasamtök þurfa að leggja fram sínar óskir og þekkingu til að samninganefndin geti farið fram með ákveðin skilaboð og þar skiptir miklu að það ferli sé unnið af heiðarleika hér heimafyrir. Í raun er það versta sem getur gerst að einhverjir hópar dragi lappirnar í aðildarviðræðum og sitji svo upp með það að þjóðin samþykki aðild sem ekki felur í sér bestu mögulegu kosti í viðkomandi málaflokki."

Hver sem niðurstaðan í þjóðaratkvæðagreiðslunni um aðild verður er umræðan um Evrópusambandið, kosti þess og galla, gott innlegg í umræðuna að mati Önnu Margrétar. „Menn geta rætt þetta fram og aftur, spáð í hvort Evrópusambandið sé góð viðbót eða ekki og umræðan öll verður upplýstari og faglegri."

juliam@frettabladid.is

---



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Hjörleifur Jónsson**

fyrrverandi forstjóri,

lést laugardagsmorguninn 7. maí. Útförin fer fram frá Háteigskirkju mánudaginn 16. maí kl. 13.00.

**Ingibjörg Snæbjörnsdóttir**
**Elín Birna Hjörleifsdóttir**
**Jón Hjörleifsson**
**Sigríður Hjördís Hjörleifsdóttir**
**og aðrir aðstandendur**

---



†

*Ástkær sonur okkar og bróðir,*

**Tryggvi Jón Jónatansson**

Eyrarvegi 18, Akureyri,

lést á heimili sínu 2. maí. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 13. maí.

**Jónatan S. Tryggvason** **Sigrósk R. Aðalsteinsdóttir**
**Ásta F. Reynisdóttir** **Heimir F. Heimisson**
**Eygló Jóhannesdóttir**
**Freyja P. Jónatansdóttir** **Ísak Már Friðriksson**

---



†

*Eiginmaður minn, tengdasonur, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Páll Þórðarson**

lögfræðingur og fyrrverandi framkvæmdastjóri,
Strýtuseli 20, Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ fimmtudaginn 5. maí. Útförin fer fram frá Digraneskirkju mánudaginn 16. maí kl. 13.
Blóm og kransar eru vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hans er bent á Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra vegna sumardvalar í Reykjadal, s. 535 0900.
Sérstakar þakkir til starfsfólks Skógarbæjar fyrir góða umönnun.

**Þorbjörg Einarsdóttir**
**Kristín Þ. Ottesen**
**Sigrún Pálsdóttir** **Ólafur Arason**
**Kristín Pálsdóttir** **Hörður Sigurðsson**
**Arna Pálsdóttir** **Halldór Haraldsson**
**og barnabörn**

---



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Ásmundur Jónsson**

Ásabraut 4, Akranesi,

lést fimmtudaginn 5. maí. Útför hans fer fram frá Akraneskirkju fimmtudaginn 12. maí kl. 14.
Blóm og kransar afþakkaðir.

**Helga Jóna Sveinsdóttir**
**Ingibjörg Ásmundsdóttir** **Jóhann O. Pétursson**
**Jón Óskar Ásmundsson** **Guðrún Margrét Halldórsdóttir**
**Svanhvít Ásmundsdóttir** **Þór Magnússon**
**Einar Aðalsteinsson** **Suzanne T. Aðalsteinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Ástkær faðir okkar, stjúpfaðir, afi og langafi,*

**Sigurður Gísli Bjarnason**

gullsmiður,

sem lést á Hjúkrunarheimilinu Skjóli föstudaginn 6. maí sl. verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju þriðjudaginn 17. maí kl. 13.

**Sigrún Sigurðardóttir** **Ásgrímur Þór Pálsson**
**Steinar Sigurðsson** **Ragnhildur Sverrisdóttir**
**Ragnhildur Sigurðardóttir** **Smári Grétar Sveinsson**
**Guðrún Hjálmarsdóttir** **Símon Friðriksson**
**afabörn og langafabörn.**



**Aloa Vera plantan** hefur meðal annars fengið viðurnefnið brunaplantan enda er hún góð til að lina hvers kyns brunasviða. Fáar jurtir hafa betri áhrif á sólbruna og er gott að hafa Aloa Vera gel við höndina eftir langa sólardaga.



**Íbúar Hrafnistu við Boðaþing fagna því að sundlaugin verður opnuð við hátíðlega athöfn á morgun.**

# *Biðin á enda*

Íbúar Hrafnistu við Boðaþing hafa verið langeygir eftir opnun sundlaugarinnar á staðnum. Fyrstu íbúar fluttu inn í mars í fyrra en framkvæmdum við sundlaugina lauk fyrir nokkrum mánuðum.

Sundlaugin, sem er sérhönnuð með þarfir eldra fólks í huga, er í þjónustumiðstöð fyrir eldri borgara, Boðanum, sem Kópavogsbær á og rekur. Vegna bágrar fjárhagsstöðu var ekki talinn rekstrargrundvöllur fyrir lauginni fyrst um sinn og því stóð hún ónotuð um nokkra hríð.

Fyrir nokkru kom upp sú hugmynd að Hrafnista tæki að sér að kosta mannahald við rekstur laugarinnar en fengi á móti að nýta laugina án þess að greiða leigu eða afnotagjald. Hrafnista fær þannig að nýta laugina fyrir heimilisfólk hjúkrunarheimilis, starfsfólk og íbúa leiguíbúða DAS. Kópavogsbær sér hins vegar um annan rekstur laugarinnar á borð við húsnæðiskostnað, vatn og rafmagn.

Formleg opnun sundlaugarinnar fer fram á morgun með ræðuhöldum og tónlistaratriðum. Þá munu einhverjir nýta sér tækifærið og stinga sér í laugina.

Þau Sigurður Bárðarson, Magðalena Stefánsdóttir, Svava Jónsdóttir og Dóra Magnúsdóttir tóku forskot á sæluna á dögunum fyrir myndatöku Fréttablaðsins og líkaði aðstaðan ljómandi vel.

*solveig@frettabladid.is*



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA


GÆÐAFISKUR
ÍSLENSK FÆÐUBÓT
BITAFISKUR
-næring fyrir líkama og sál




**Sölustaðir:**
10 -11, Inspired í Flugstöðinni, Samkaup, Nettó, Kaskó, Fjarðarkaup, Skeljungsbúðirnar, Olís, N1, Kaupfélag V- Húnvetninga, Kaupfélag Skagfirðinga,Verslunin Vísir, Bláa lónið, Hreyfing, Krambúðin, Fiskbúðin Freyja, Melabúðin.

Eirberg



**Rafskutlur**
-frelsi og nýir möguleikar
Einfaldar í notkun og hagkvæmar í rekstri
Ný kynslóð
Opið virka daga kl. 9 -18, lokað á laugardögum 1. maí til 31. ágúst
Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is

**Gólfhitakerfi**
**Ekkert brot ekkert flot**



- Þægilegur hiti góð hitadreifing
- Hitasveiflur / Stuttur svörunartími
- Aðeins 12mm þykkar hitadreifiplötur
- Fljótlegt að leggja
- Ekkert brot ekkert flot
- Dreifiplötur límdar beint á gólfið
- Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flísar, parket)
- Hentar vel í eldra húsnæði jafnt sem ný hús og sumarhús
- Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt

Skemmuvegur 10 (blá gata) 200 Kópavogur
Sími 567 1330 Fax 567 1345 www.hringas.is
Hringás ehf.



Stuðnings stöngin
LÉTTU ÞÉR LÍFIÐ
Yfir 4000 notendur á Íslandi síðan 1999

Stuðningsstöngin er hjálpar- og öryggistæki sem auðveldar fólki að vera virkt og athafnasamt við daglegt líf án þess að þurfa að reiða sig á aðra. Margir Iðjuþjálfara, sjúkraþjálfarar og læknar hafa mælt með stuðningsstöngunum fyrir sína skjólstæðinga.

- Auðveld í uppsetningu.
- Engar skrúfur eða boltar.
- Tjakkast milli lofts og gólfs.
- Hægt að nota við hallandi loft, timbur/gifsloft og mikla lofthæð.

Vilji
vilji.is
...léttir þér lífið
Sími 856 3451 • www.vilji.is

- Margir aukahlutir í boði.
- Falleg og nútímanleg hönnun.
- Passar allstaðar og tekur lítið pláss.
- Viðurkennd af Sjúkratryggingum Íslands, hjálpartækjamiðstöð.



Stuðningsstangirnar hafa fengið verðlaun fyrir notagildi, öryggi og hönnun á alþjóðlegum hjálpartækjasýningum í USA.



**Hlaupastingur** er verkur ofarlega í kviðarholi sem kemur stundum fram við mikla áreynslu. Menn eru ekki á eitt sáttir um hvað veldur en flestir telja hann stafa af rykkjum og skrykkjum sem koma á tengivefinn og þindina þegar líffæri eins og magi og lifur ganga upp og niður við hreyfingu.

# Um sjötíu prósent sára gróa

**Víka hjúkrunar er nú haldin í áttunda skipti en henni er ætlað að gera faglega þátt hjúkrunar sýnilegri. Liður í því er hjúkrunarbúðir þar sem meðal annars er hægt að fræðast um nýjungar í meðferð sára.**

Vika hjúkrunar stendur nú yfir á Landspítalanum. Yfirskrift hennar er Nýjungar og nauðsynjar í hjúkrun en markmiðið er að gefa fagfólki færi á að kynna sig og sín störf og gera faglega þátt hjúkrunar sýnilegri. „Þrátt fyrir sparnað og niðurskurð er mikil gróska á spítalanum og mikið verið að rannsaka og þróa enda leggjum við ekkert árar í bát,“ segir Eygló Ingadóttir, formaður hjúkrunarráðs Landspítalans.

Meðal þess sem er á dagskrá í vikunni eru svokallaðar hjúkrunarbúðir sem verða haldnar milli 13 og 16 á fimmtudag í K-byggingu við Hringbraut. Þar munu hjúkrunarfræðingar, ljósmæður og sjúkraliðar kynna sín störf fyrir öðru fagfólki og þeim sem hafa áhuga á hjúkrun. Ingibjörg Guðmundsdóttir er ein þeirra sem verða með kynningarbás en hún lauk master í hjúkrun í febrúar með rannsókn á notkun og árangri sárasogsmeðferðar á Íslandi. Sárasogsmeðferð er nýjung í meðferð sára. Henni var fyrst lýst í núverandi mynd árið 1997 en var tekin í notkun hér á landið árið 2004 og fer notkun hennar vaxandi. „Meðferðin byggir á því að undirþrýstingur er myndaður staðbundið í sárbeðnum með umbúðum og sogtæki sem tengt er við þær. Með þessu er sárið hreinsað og flýtt fyrir sárgræðslu,“ lýsir Ingibjörg. Rannsókn hennar er aftursýn. Hún byggir á sjúkraskrám allra sjúklinga sem fengu meðferð árið 2008. Sárin greru í 67,8 prósent tilfella, sem þykir góður árangur og betri en í sambærilegum erlendum rannsóknum. vera@frettabladid.is



Ingibjörg segir gagnsemi meðferðarinnar stjórnast af undirliggjandi sjúkdómum og að stundum sé frekari meðferðar þörf. Hún segir hana mikið notaða á sýkt skurðsár og hjá sjúklingum með sykursýki svo dæmi séu nefnd. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA.




SUMARDAGAR
20% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM VÖRUM
BASLER
Skipholti 29b • S. 551 0770




Fæst í Bónus, Samkaup, 10-11, Fjarðarkaup og Inspired Keflavíkurflugvelli

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
MEIRI MENNING
vísir

Jafnvægi fyrir líkama og sál
heilsumeðferð · heilsuvörur · dekur · leikfimi



Tilboð grenningarmeðferð
HEILSUDREKINN
kínversk heilsulind
Skeifunni 3j · Sími 553 8282 · www.heilsudrekinn.is

Kjólar fyrir öll tilefni



Útskriftir
Brúðkaup
Afmæli
Eða bara sumarið
Ótrúlegt úrval af nýjum sumarkjólum

FLASH
Laugaveg 54,
sími: 552 5201




StelpurKonur
Staðurinn - Ræktin
4x4 Súperfitness
Sumarsmellurinn í ár!

Öll námskeið 4 sinnum í viku í 4 vikur
Sumarkort innifalið!

TT námskeið 60 PLÚS STOTT PILATES mótun

Nýtt námskeið!
4x4 Fitness
70 mínútur - Sumarkort innifalið
Kraftmikið námskeið fyrir konur sem vilja koma sér í sumargírinn!

Innritun í síma 581 3730
Sjá nánar á www.jsb.is - Velkomin í okkar hóp!

DANSRÆKT JSB
leggur línurnar

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732 • jsb@jsb.is • www.jsb.is

# Áhyggjulaus innkaup

**Óæskileg aukefni og fyllingarefni í matvöru rata inn fyrir varir okkar á hverjum degi og erfitt getur verið að forðast þau. Í verslunum Maður Lifandi geta viðskiptavinir verið öruggir um að vörurnar séu án slíkra efna.**



Arndís Thorarensen, framkvæmdastjóri Maður Lifandi. MYND/GVA

„Viðskiptavinir okkar geta treyst þeim vörum sem seldar eru í Maður Lifandi og þurfa því ekki að lesa innihaldslýsingar til að ganga úr skugga um að þær séu án óæskilegra auk- og fyllingarefna, við sjáum um það," segir Arndís Thorarensen, framkvæmdastjóri Maður Lifandi sem sérhæfir sig í að bjóða slíkar vörur.

Maður Lifandi selur innfluttar lífrænt vottaðar vörur í bland við náttúrulegar. Í verslunum fást einnig íslenskar lífrænar og náttúrulegar vörur en eitt af markmiðum fyrirtækisins er að bjóða upp á sem mest af árstíða- og svæðisbundnum vörum.

„Með aukinni meðvitund um umhverfisáhrif neyslu vilja sífellt fleiri forðast vörur sem búið er að eyða mikilli orku og eldsneyti í að flytja milli landa og heimsálfa. Okkar markmið er því að bjóða vörur úr nánasta umhverfi og auka úrvalið af íslenskum lífrænum afurðum og vörum beint frá bónda," segir Arndís. „Það þyrftu miklu fleiri að framleiða lífrænar vörur hér á landi. Örfá bú framleiða lífrænt lamba- og nautakjöt og lífrænt ræktaðir kjúklingar, svínakjöt og egg eru ekki fáanleg hér á landi til dreifingar en við myndum hoppa á það fyrst verslana og selja með glöðu geði," segir Arndís og hvetur þá sem ætla sér að framleiða lífrænar vörur að hafa samband við Maður Lifandi. Íslenska neytendur þyrsti í lífrænt ræktaðar dýraafurðir enda framleiddar með velferð dýranna að leiðarljósi sem gefur af sér heilnæmari afurðir og lágmarkar umhverfisáhrifin af framleiðslunni.

„Ísland er langt á eftir öðrum Evrópulöndum hvað varðar framleiðslu á lífrænum vörum. Við búum við góðar, náttúrulegar aðstæður hér á landi til að rækta og framleiða slíkar vörur og íslenska lífrænt ræktaða grænmetið er rifið út þegar það kemur," segir Arndís en Maður lifandi fær vikulegar sendingar af nýju innfluttu lífrænu grænmeti og ávöxtum í viðbót við það íslenska grænmeti sem fæst hverju sinni.

Arndís segir þróunina í þessum efnum vera á einn veg og að íslenskir framleiðendur komist ekki hjá því að breyta áherslum sínum. Neytendur kalli eftir heilnæmari vörum.

„Það eru miklar breytingar væntanlegar en neytendur kalla bæði eftir auknu framboði og aðgengi að lífrænt vottuðum vörum. Við höldum stundum að bara ef vara er íslensk þá sé hún í lagi, en það er verið að flytja inn erfðabreytt fóður, eiturefni ýmis konar og tilbúinn áburð til að nota í framleiðslunni og því miður er það reglan fremur en undantekningin að kjötvörur séu þyngdar með því að bæta út í þær kartöflumjöli eða sojapróteini sem binda vatn og að fjölmörgum aukefnum eins og rotvarnar- þráavarnar- og bindiefnum sé bætt í neysluvörur. Í dag eru neytendur að verða sífellt betur upplýstir og gera því meiri kröfur en áður um vörur úr hágæða hráefnum. Þetta á líka við um aðrar vörur," segir Arndís en Maður Lifandi selur einnig lífrænar snyrti- og hreinlætisvörur, meðal annars frá íslenskum framleiðendum.

„Rannsóknir hafa sýnt að ýmis efni sem notuð eru í snyrti- og hreinlætisvörur séu krabbameinsvaldandi og hormónatruflandi. Framleiðendum er í raun í sjálfsvald sett hvað þeir setja í þessar vörur og því verða neytendur að vera á varðbergi. Um þetta eru sífellt fleiri meðvitaðir í dag. Við finnum fyrir auknum áhuga í verslunum okkar og markaðurinn er að taka við sér. Þó einkaneysla sé að dragast saman í samfélaginu finnum við ekki fyrir því í Maður Lifandi. Neytendur gera sér betur grein fyrir því en áður að ódýr matvæli séu í raun dýrkeypt blekking eins og fjallað hefur verið um í fjölmiðlum undanfarið."



**●LÍFRÆNIR ÁVEXTIR OG GRÆNMETI Í HVERRI VIKU** Maður Lifandi býður fjölbreytt úrval af innfluttum lífrænt ræktuðum ávöxtum og grænmeti, sem kemur í hverri viku, í viðbót við það íslenska lífræna grænmeti sem er fáanlegt hverju sinni. Rannsóknir hafa sýnt að lífrænt ræktaðir ávextir og grænmeti innihaldi meira af vítamínum, steinefnum og andoxunarefnum enda úr gróðurmold sem haldið er frjórri á náttúrulegan hátt. Þeir sem til þekkja eru sammála um að það sé einnig bragðmeira og betra.



**●PERSÓNULEG ÞJÓNUSTA OG RÁÐGJÖF** Starfsfólk Maður Lifandi á það sameiginlegt að hafa mikla reynslu, þekkingu og áhuga á heilbrigðum, náttúrulegum og lífrænum lífsstíl, og mikla þjónustulund. Það er því einstaklega vel í stakk búið til að veita viðskiptavinum hagnýtar upplýsingar og góð ráð, hvort sem þeir eru byrjendur eða lengra komnir. Áhugasamir geta einnig skráð sig á fyrirlestra og námskeið á vegum fyrirtækisins.


**10 árum yngri á 10 vikum**

Þorbjörg Hafsteinsdóttir, höfundur bókarinnar 10 árum yngri á 10 dögum, hefur í tvo áratugi rannsakað mataræði og nútíma lífsstíl og komist að niðurstöðu um hvers konar matur, vítamín og bætiefni viðhaldi best æsku og lífsþrótti. Í samstarfi við Þorbjörgu höfum við safnað saman nokkrum vörum sem hún telur mikilvægar gegn ýmsum kvillum og ótímabærri öldrun.

**Komdu við í Maður Lifandi og fáðu frekari upplýsingar**

**Startpakki Þorbjargar**

- Hörfræolía
- Clipper grænt te
- D-vítamín
- Eve (fjölvítamín)
- Chromium Picolinate (króm)
- Whey Protein (mysuprótein)
- B-sterkur (B-vítamín)
- Q-10 (andoxunarefni)
- Extra Virgin kókosolía

**10% afsláttur**





maður lifandi
www.madurlifandi.is

Borgartúni 24, 105 Reykjavík, Sími: 585 8700 | Hæðarsmára 6, 201 Kópavogur, Sími: 585 8710 | Hafnarborg, 220 Hafnarfirði, Sími: 585 8720

ÞÆGILEGT
&
UMHVERFIS-VÆNT



Baggubag eru sterkir, litríkir, umhverfisvænir pokar sem rúma jafn mikið og venjulegur plastpoki.

kr. 1299.-





Fallegir fjölnota postulínsbollar með sílikonloki og haldi.

kr. 1950.-

2011 GRÆNN APRÍL

náttúrulega heilsuhúsið


# Aubrey Organics paraben-frí sólarvörn

Nú fögnum við þegar sólin er farin að hækka á lofti en við þurfum þó að muna eftir að vernda húð okkar gegn geislum hennar því þeir geta valdið húðkrabbameini. Aubrey Organics er öflug steinefnasólarvörn sem er unnin úr lífrænum jurta- og olíugrunnum. Vörurnar innihalda ekki paraben, litarefni eða tilbúin ilmefni. Aubrey Organics sólarvarnirnar eru með háan sólarvarnarstuðul, minnst 15 og mest 30, þær veita því mjög góða vörn gegn UVA og UVB geislum sem eru skaðlegu geislar sólarinnar. Það er mikilvægt að velja sólarvörn sem hefur SPF stuðul 15 eða hærri. Aubrey Organics sólarvarnirnar eru náttúrúleg sólarvarnarkrem sem mýkja húðina, vernda hana og halda henni heilbrigðri. Í vörulínunni eru fimm tegundir sólarvarna og tvö krem sem eru nauðsynleg eftir sólina:




- SPF 30 með suðrænum tropical-ilmi
- SPF 30 ilmefnalaus fyrir viðkvæma húð og börn
- SPF 30 með andoxandi með grænu tei
- SPF 30 ilmefnalaust sólarstifti
- SPF 15 með suðrænum tropical-ilmi
- SPF 15 ilmefnalaust andlitskrem
- Andoxandi og yngjandi After sun
- og hreint Aloe Vera.

„Það er mikilvægt að bera á sig sólarvörn, hversu stutt sem verið er úti við og jafnvel þótt sólin sjáist ekki. Hvort sem þú ferð í sólbað, sund eða fjallgöngu. Verndaðu umhverfið og vandaðu valið á sólarvörn, því það skiptir öllu máli hvað við berum á húðina, taktu Aubrey Organics, náttúrulega sólarvörn með þér hvert sem er. Þá geturðu verið viss um að húðin á þér er og verður hamingjusöm,“ segir Hafdís Guðmundsdóttir, vörustjóri Heilsu ehf, sem flytur inn Aubrey Organics.



Tilvalið er að skella sér í notalegt leirbað og gæða sér á ljúffengum réttum í kjölfarið.

# Lífrænn lífsstíll á Hótel Náttúru í Hveragerði

Í friðsælu umhverfi Hveragerðis geta gestir og gangandi látið dekra við sig á Hótel Náttúru og notið gistingar í sumar en það er starfrækt í sama húsnæði og Heilsustofnun náttúrulækningafélags Íslands.

Hótelið er opið frá 20. júní til 20. ágúst en auk almennrar þjónustu hefur hótelið algjöra sérstöðu. „Heilsustofnun er meðal annars þekkt fyrir lífræna ræktun og heilbrigðan lífsstíl og munum við viðhalda þeirri stemningu í sumar. Allir geta komið við og fengið sér dýrindis máltíð en á kvöldverðarhlaðborði sumarsins verður lögð áhersla á Slow Food stemninguna og boðið upp á mikið af grænmetisréttum, fiski og íslensku lambakjöti. Þegar matnum sleppir geta bæði hótelgestir sem og þeir sem eru á ferðinni komið við í Baðhúsinu Kjarnalundi og nýtt sér fjölbreyttar meðferðir sem Hótel Náttúra býður upp á. Má þar nefna Bowen-meðferð bæði í vatni og á landi, jógatíma, nudd og leirböð. Fleira verður í boði t.a.m. hugleiðslumeðferðin „Innra bros“, tónaheilun, gönguferðir, jóganámskeið, tunglserímóníur o.fl. Í nágrenninu er síðan fjölbreytt afþreying s.s. hestaferðir, golf, skipulagðar göngu- eða hjólaferðir og margt fleira,“ segir Ingi Þór Jónsson, hótelstjóri á Hótel Náttúru.

Það fara allir endurnærðir frá Hótel Náttúru og allir geta nýtt sér þjónustu þess, hvort sem þeir gista eða ekki. Þjónustan er t.d. tilvalin fyrir ferðalanga. Það getur verið gaman að skella sér í notalegt leirbað og borða svo góðan grænmetisrétt á eftir. Verðið er sanngjarnt og einnig mun Hótel Náttúra bjóða upp á ýmis skemmtileg tilboð.

*www.hotelnattura.is*


Hótel Náttúra



Hótelið er rekið í húsakynnum Heilsustofnunar í Hveragerði og býður upp á fjölbreytta gistimöguleika sem henta bæði einstaklingum, fjölskyldum og stærri hópum.

- *Frábær aðstaða í Baðhúsinu Kjarnalundi*
- *Góðar gönguleiðir í nágrenni hótelsins*
- *Fjölbreyttur matur með áherslu á íslenska fiskinn*
- *Stutt frá áhugaverðum stöðum og afþreyingu*

Gisting Baðhús Slow Food
Leirböð Nudd Yoga
Bowen Golf Hestaferðir
Hjólreiðar Gönguferðir
Náttúruupplifun



Hótel Náttúra - Grænumörk 10
Hveragerði - Sími 483 0300
www.hotelnattura.is




Með fyrstu lífrænu garðyrkjustöðvunum sem ræktuðu lífrænt grænmeti á meðvitaðan hátt var garðyrkjustöðin á Sólheimum í Grímsnesi en þar hófst ræktun árið 1930.

# Lífræn fortíð héðan og þaðan

**Lífræn matvælaframleiðsla hér á landi er í stöðugri framþróun þrátt fyrir tiltölulega ungan iðnað. Fréttablaðið gluggaði í nokkur plögg fortíðar og skoðaði gamlar glefsur.**



Í dag er lífræn matvælaframleiðsla ekki viðurkennd nema hún sé vottuð eftir þar til gerðum reglum.

Þótt meirihluti íslenskrar ræktunar hafi frá landnámi verið lífræn véku lífrænir framleiðsluhættir fyrir tilbúnum áburði og efnum fyrir rest og við tók langt skeið þar sem lífrænir framleiðsluhættir voru ekki fyrir hendi. Á 20. öld vaknaði meðvitund á ný um lífræna fæðu og með fyrstu lífrænu garðyrkjustöðvunum sem ræktuðu lífrænt grænmeti á meðvitaðan hátt var garðyrkjustöðin á Sólheimum í Grímsnesi en þar hófst ræktun árið 1930. Fljótlega eftir það hófst lífræn ræktun í Hveragerði á vegum Náttúrulækningafélags Íslands.

Næstu áratugi vaknaði áhugi og vitund almennings um kosti lífrænnar fæðu. Náttúrulækningafélag Íslands og Garðyrkjufélag Íslands auglýsa í dagblaði árið 1949 fund þar sem ræða skyldi lífrænar ræktunaraðferðir. „Sem eru í því fólgnar að einungis er notaður safnhaugaáburður en enginn tilbúinn áburður. Húsadýraáburður, ásamt hálmi, moði, heyi, allskonar úrgangi úr görðum og frá heimilum o.fl. er sett í safnhauga eftir vissum reglum,“ segir í sömu grein og er vitnað í tilraunir sem hafi sýnt að dýr, sem alin eru á fóðri ræktuðu á þennan hátt, þurfi minna magn af því og verði auk þess lítt næm fyrir sjúkdómum.



Á 9. áratugnum fór almenningur að láta málið sig miklu skipta, verslanir með lífræna vöru dúkkuðu upp, má þar nefna að á Skólavörðustíg var í upphafi 9. áratugarins verslunin Kornmarkaðurinn starfrækt, sem seldi lífræn grjón og grænmeti. Þá fóru lífrænar vörur að verða meira áberandi í auglýsingum og ekki bara matvæli heldur líka hreinlætisvörur og sjampó. Smám saman hefur bæst við úrval af lífrænt vottuðum vörum og urðu ákveðin kaflaskil í íslenskri matvælasögu þegar fyrsta lífræna mjólkurafurðin, lífræn AB-mjólk, var framleidd árið 1997 og seld á almennum markaði. Var það bóndinn Bergur Elíasson á Vestri Pétursey í Mýrdal sem framleiddi lífræna mjólk í framleiðslu AB-mjólkurinnar en mjólkurbú Flóamanna framleiddi síðan afurðina.

Auðunn Hermannsson forstöðumaður vöruþróunar hjá Mjólkurbúi Flóamanna sagði við tilefnið að það mætti segja að með „framleiðslu á lífrænum mjólkurvörum sé að nokkru leyti snúið aftur til búskaparhátta sem tíðkuðust fyrr á tímum þó tækni nútímans sé nýtt.“

Í dag er lífræn matvælaframleiðsla ekki viðurkennd nema hún sé vottuð eftir þar til gerðum reglum en lífræn vottun hér á landi hófst árið 1994 þegar vottunarstofan Tún hóf starfsemi sína. Fyrstir til að fá vottun frá Túni um lífrænt ræktað grænmeti var matvælafyrirtækið Ágæti hf. og Stefán Gunnarsson, grænmetisframleiðandi á Dyrhólum í Mýrdal. Í viðtali við DV í tilefni af tímamótunum sagði Matthías H. Guðmundsson að lífrænt ræktað þýddi að ekki mætti nota „tilbúinn áburð, skordýraeitur eða illgresislyf,“ og að merkja yrði vöruna á sérstakan hátt. Þá yrði hún meðal annars að vera aðskilin frá annarri vöru en Matthías upplýsti að varan yrði geymd í sérhólfi á lager fyrirtækisins.

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 | **Umsjónarmaður auglýsinga:** Sigríður Hallgrímsdóttir sigridurh@frettabladid.is s. 512 5432

# Ræktar hveiti og bygg

**Eymundur Magnússon bóndi í Vallanesi hefur lagt sig fram um að kenna Íslendingum að borða bygg. Hann skar upp hveiti síðastliðið haust og gerir nú tilraunir með spelt.**



Eymundur Magnússon byrjaði að rækta bygg til manneldis árið 1985 og hefur kynnt notkun þess í matargerð undir merkinu Móðir jörð allar götur síðan.

Eymundur Magnússon byrjaði að rækta bygg til manneldis árið 1985 og hefur kynnt notkun þess í matargerð undir merkinu Móðir jörð allar götur síðan. „Byggið gleymdist svolítið þegar menn fóru að borða hvít hrísgrjón og hvítt hveiti en menn eru nú að hörfa aftur til þess að borða trefjaríkari korntegundir enda betra fyrir meltinguna,“ segir Eymundur. Hann er stórhuga og sáði hveiti síðastliðið vor sem hann uppskar í haust og er það eina íslenska heilhveitið á markaði um þessar mundir.

„Núna sáði ég spelti samhliða hveitinu og verður spennandi að sjá hvað kemur út úr því,“ segir Eymundur sem hefur það að markmiði að gera að minnsta kosti eina tilraun í ræktun á ári.“ En er ekki erfitt að rækta þessar korntegundir á Íslandi? „Ég hef náð að mynda skjól í kringum ræktarlandið með því að planta þúsundum trjáa sem gerir þetta mögulegt,“ útskýrir Eymundur.

Hann hefur markaðssett bygg undir nafninu bankabygg en það er meðal annars hægt að nota í staðinn fyrir hrísgrjón og í grauta. „Þá erum við með byggmjöl og bættum byggflögum við fyrir skemmstu en úr þeim er auðvelt að gera góða grauta á nokkrum mínútum,“ segir Eymundur. Móðir jörð hefur hin síðari ár lagt aukna áherslu á tilbúna rétti og eru framleidd þrenns konar tilbúin grænmetisbuff úr bankabyggi og „chutney“ úr rótargrænmeti. „Þá komum við með línu af hrökkkexi á síðasta ári sem við köllum Hrökkva en sjötíu prósent af innihaldi þess er gert úr byggi og heilhveiti sem telst nú frekar gott hér á norðurhjara. Önnur hráefni í tilbúnu réttunum okkar eru svo án undantekninga lífrænt ræktuð,“ fullyrðir Eymundur. En er það betra? „Já lífrænt ræktaðar afurðir innihalda meira af andoxunar- og næringarefnum en aðalröksemdin finnst mér samt vera að með því að velja lífrænt er fólk að sniðganga áburð og eiturefni sem notuð eru í venjulegum búskap og vernda þannig grunnvatnið og náttúruna.“

Vörur frá Móður jörð fást í Melabúðinni, heilsubúðum og flestum stórmörkuðum. Í Brauðhúsinu í Grímsbæ og hjá Reyni bakara eru svo bökuð brauð úr heilhveitinu og bygginu auk þess sem veitingastaðirnir Á næstu grösum, Grand Hótel og Sjávarkjallarinn nota eigöngu lífrænt heilhveiti frá Móður jörð.

**● UPPSKAR SJÖ TONN**

Eymundur Magnússon sáði hveiti síðastliðið vor og uppskar sjö tonn í haust sem eru nú komin í sölu um allt land. Hann sáði að nýju nú í vor og vonast eftir góðri uppskeru. Hveitið er meðal annars notað í vinsæl brauð frá Brauðhúsinu í Grímsbæ og hjá Reyni bakara og er einkar gott í bland við byggmjöl og byggflögur. Eymundur gerði auk þess tilraun með að sá spelti í vor og hlakkar til að vita hver útkoman verður. Spelt hefur hingað til ekki verið ræktað hér á landi.




STÖKKUR OG HOLLUR MEÐ ÍSLENSKU BYGGI

Álegg og ostar njóta sín vel með Hrökkva. Hann er fullur af heilkorna hollustu og bragðbættur með íslenskum jurtum s.s. kúmeni og hvönn. Frábært snakk beint úr pokanum.




Lífræn ræktun síðan 1990
Móðir Jörð ehf. - Vallanesi - Fljótsdalshéraði – sími: 471 1747
info@vallanes.net - Dreifing: Heilsa ehf
MÓÐIR JÖRÐ

# Fólk vill tileinka sér *lífrænan lífsstíl*

**Yggdrasill hefur starfað 25 ár og sérhæfir sig í innflutningi á lífrænt vottuðum mat-, snyrti- og hreinlætisvörum og dreifingu á þeim um land allt.**



Sirrý segir að þróunin hafi tvímælalaust verið í átt að aukinni neyslu á lífrænt ræktuðum vörum á undanförnum árum hérlendis. MYND/VALLI

„Fyrirtækið er frumkvöðull á sínu sviði og við erum stolt af því að hafa tekið þátt í að auðvelda aðgengi fólks að lífrænt vottuðum matvörum,“ segir Sirrý Svöludóttir, markaðsstjóri Yggdrasils heildsölu.

Hvað er lífrænn lífsstíll? „Það er lífsstíll sem allir geta tileinkað sér á einn eða annan hátt. Í lífrænni ræktun má ekki nota skordýra-, arfa- og sveppaeitur, erfðabreyttar lífverur, hormóna eða tilbúinn áburð. Lífrænn lífsstíll getur verið allt frá því að velja nokkrar lífrænar grunnvörur í eldhúsið yfir í það að lifa lífsstílnum til fulls með því að kaupa að mestu eða öllu leyti lífrænt vottaðar vörur, þ.m.t. föt, snyrti- og hreinlætisvörur. Foreldrar sem velja lífrænan barnamat eru því að velja þennan lífsstíl fyrir börnin og stuðla þannig að betri framtíð fyrir þau. Það tekur tíma að tileinka sér lífrænan lífsstíl og best að taka hann í skrefum eins og hentar hverjum og einum.“

Hvað hefur Yggdrasill lagt áherslu á? Við hjá Yggdrasil höfum lagt áherslu á að bjóða breitt úrval af fyrsta flokks lífrænt vottuðum vörum frá framleiðendum sem eru í fremstu röð í lífrænni ræktun í Evrópu. Við höfum einnig lagt áherslu á að bæta aðgengi fólks að lífrænum vörum í verslunum hér á landi. Þá er fræðsla veigamikill þáttur í starfsemi okkar en því meira sem fólk veit um kosti lífrænnar ræktunar því meiri líkur eru á að það kaupi þær.“

Sirrý segir að þróunin hafi tvímælalaust verið í átt að aukinni neyslu á lífrænt ræktuðum vörum á undanförnum árum hérlendis þó hún hafi byrjað seinna og verið hægari en í nágrannalöndum okkar. „Undanfarin ár hefur eftirspurnin orðið svo mikil að matvöruverslanir um land allt keppast við að bjóða upp á breitt úrval af lífrænt vottuðum matvörum. Það er mjög ánægjuleg þróun og jákvætt fyrir neytendur að sjá að slíkar afurðir eru að verða stór hluti af úrvali matvöruverslana. Neytendur eru orðnir mun meðvitaðri en áður um hvað þeir setja í matarkörfuna og hvað þeir bjóða sjálfum sér og börnum sínum.“




RAPUNZEL




Við framleiðum lífrænt með ást og umhyggju

Rapunzel er 35 ára gamalt fyrirtæki sem sérhæfir sig í ræktun og framleiðslu á fyrsta flokks lífrænt vottuðum afurðum. Rapunzel gerir miklar kröfur til hráefnavals bæði hvað varðar almenn gæði og gæði lífrænnar ræktunar. Rapunzel leggur mikla áherslu á sanngjarna viðskiptahætti með **Hand in Hand** verkefni sínu. Rapunzel sameinar hugmyndina um vottaða lífræna ræktun og heiðarleg viðskipti.

**Þegar þú vilt sameina gæði og gott bragð, veldu þá Rapunzel.**

HAND IN HAND ORGANIC RAPUNZEL FAIRTRADE
Yggdrasill

# Lífrænt skiptir máli fyrir barnið

**Hipp býður upp á mjög fjölbreytt úrval lífrænna matvæla fyrir börn. Allt frá ungum börnum sem eru að byrja að neyta fastrar fæðu og til þriggja ára aldurs.**

Áhugi á lífrænni ræktun hefur aukist mjög undanfarin ár. Einnig hefur vitund foreldra aukist um gæði fæðu fyrir yngstu kynslóðina. Líkamar barna eru enda viðkvæmir, líffærin og ónæmiskerfið enn að þroskast og því mikilvægt að tryggja hreinleika matarins sem þau neyta. Hreint og lífrænt mataræði er því kostur fyrstu mánuði og ár barnsins.

Rannsóknir sýna að sum epli, sem ekki eru lífrænt ræktuð, hafa verið úðuð allt að 16 sinnum með 36 mismunandi efnum og erfitt, ef ekki ómögulegt, er að hreinsa þau af fyrir neyslu.



Úrvalið frá Hipp er mjög fjölbreytt en hér má sjá lítinn hluta af því sem er í boði.

### LÍFRÆN EFNI AF BESTU GERÐ

Hipp framleiðir mikið úrval af krukkumat, sem hentar hverju aldurs- og þroskaskeiði, grauta, ávaxtamauk, máltíðir sem hita má í örbylgjuofni, drykki, snarl og mjólkurblöndur. Allt er þetta framleitt úr lífrænum innihaldsefnum af bestu gerð og hreinleikinn prófaður á öllum framleiðslustigum.

Vörurnar eru framleiddar úr náttúrulegu hráefni sem er ræktað án notkunar meindýraeiturs. Þá eru aldrei notuð erfðabreytt hráefni, kjötið er til að mynda af skepnum sem ræktaðar eru á lífrænan máta og vatnið sem notað er í vörurnar er úr eigin uppsprettu fyrirtækisins.

Hipp þarf ekki að treysta á gæði lífrænnar vöru af óþekktum uppruna því fyrirtækið hefur komið sér upp reyndum og áreiðanlegum birgjum sem rækta lífræna fæðu eftir ströngustu gæðakröfum.

### FJÖLBREYTT ÚRVAL

Hipp býður upp á mjög fjölbreyttar vörur. Af krukkumat má nefna ýmsar ávaxta- og grænmetisblöndur en einnig eftirrétti úr banönum, ýmsum ávöxtum og jógúrt. Einnig eru í boði kjötréttir úr kjúklingi, kalkún og nautakjöti sem blandað er við grænmeti, kartöflur, spagetti og margt fleira. Í Hipp er einnig að finna ýmsar tegundir grauta sem blanda á með vatni. Auk þess lífræna ávaxtasafa og ávaxtamauk í handhægum umbúðum.

Þá hefur Hipp einnig upp á að bjóða ýmsar tegundir af lífrænni barnamjólk fyrir mismunandi aldursstig sem skipt er frá einum og upp í fjögur. Þar má nefna stoðblöndur, tilbúnar stoðblöndur og tilbúnar ungbarnablöndur. Helsta nýjungin er stoðblanda fyrir svefninn. Það er heit stoðblanda fyrir börn frá 6 mánaða aldri að þriggja ára aldri. Blandan er sambland af graut og mjólk sem börn fá í pelann sinn fyrir svefninn sem gerir það að verkum að þau sofna vel mett og sofa þar af leiðandi lengur og betur.

### FYRIR BÖRN MEÐ OFNÆMI OG ÓÞOL

Erfitt getur verið að finna matvöru fyrir börn sem þurfa sérfæði, til dæmis ef þau mega ekki neyta matar sem inniheldur til dæmis mjólk, soja, hveiti, egg, glúten og hnetur. Á heimasíðu Hipp www.hipp.is er að finna leitarkerfi þar sem hægt er að merkja við innihaldsefni sem á að útiloka og smella á finna. Þá koma upp þeir valkostir innan Hipp línunnar sem henta barninu með þær sérþarfir sem um er að ræða.

### FYRIRTÆKI MEÐ REYNSLU

Fyrirtækið Hipp stendur á gömlum grunni. Það var upprunalega stofnað í lok 19. aldar af Joseph Hipp, þýskum kökusala, en sonur hans Georg þróaði þann hluta starfseminnar sem tók til barnamatar og kom á fót aðskilinni starfsemi árið 1932. Árið 1956 þegar flestir bændur sneru sér að hánytjalandbúnaði breytti Georg Hipp hins vegar fjölskyldubýlinu í eitt stærsta býlið með lífræna ræktun í Evrópu og í dag er Hipp einn stærsti framleiðandi lífrænna vara í heiminum.

Barnamaturinn frá Hipp er seldur í Bónus, Hagkaup, Kosti, Krónunni, Fjarðarkaup, Melabúðinni og Lyfju í Lágmúla og á Smáratorgi.

Nánari upplýsingar um Hipp og barnamatinn má nálgast á www.hipp.is.




Hipp býður upp á ýmsar tegundir af lífrænni barnamjólk fyrir mismunandi aldursstig.





SUMARIÐ ER KOMIÐ! Fallegar sumarvörur. Verslunin Emilía Bláu húsin Faxafeni s: 588-9925 emilia.is

# HEILSA

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Árangur með Herbalife í 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd




**TANTRA MASSAGE**
Authentic initiation into the tantric mysteries with tantra massage. Unique experience for men, women and couples. Tel: 698 8301 www.tantra-temple.com

Ódýrir og vandaðir ferðanuddbekkir og óléttubekkir til sölu. S. 891 6447, Óli.

**NUDD - FÓTAAÐGERÐIR - DETOX**

Tilboð fótaaðgerðir + nudd upp fyrir hné kr. 5.500 2 saman kr. 9.900. Tekið á kvillum, næringu, hreifingu, bætiefnum, vinnu, lífsstíl, hamingju og fl. 2ja st. meðferð kr. 7500. JB Heilsulind. S. 823 8280.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið



Smáskipanámskeið fjarnám. 20. maí - 20. ágúst. Skemmtibátanámskeið fjarnám. 20. maí - 20. ágúst. Skráning í síma 514 9602 eða á www.tskoli.is Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins.



Mósaíknámskeið haldið laugardaginn 14. maí. Skráning í síma 514 9602 eða á www.tskoli.is Tækniskólinn, skóli atvinnulífsins.

# HEIMILIÐ

## Dýrahald



**Pomma hvolpar til sölu**
Hreinræktaðir yndislegir Pomeranian hvolpar til sölu án ættbókar. Verð 130þús. Uppl. í s 848 6525.



**Hvolpur - Íslenskur fjárhundur**
Einstaklega flottur rakki með ættbók frá HRFÍ. Margrét s: 661-8842. http://www.simplesite.com/hektor/42442190

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Ferðalög




# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**GÓÐ GISTING Í MIÐBÆ RVK**
Dags- og vikuleiga.

**GISTIHÚSIÐ EGILSBORG**
**sími 896 4661**

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

Herbergi til leigu í 101, ca 20fm. Með eða án húsgagna. Laus 1. júní. Reyklaus. Uppl. í s. 618 2100.

**Íbúð til leigu!**
í Grafarvogi 102fm íbúð, 2 svefnherb., stór stofa, opið eldhús og bílskýli í kjallara. Gott útsýni, tryggingar eða bankaábyrgð. Verð 130þúsund á mán. Eingöngu skilvísir og reglusamir leigendur. Uppl. í síma 868 1196 eða 865 4595.

ROOM f/RENT w/FURNITURE IN 108 RVK NEAR KRINGLA AND IN 111/109 BREIÐHOLT 8973611

Stúdíó eða herbergi. Skammtíma-eða langtímaleiga. S. 822 4848.

4 herb. íbúð til leigu í Lundarbrekku í Kóp. 130.000 kr. S. 699 1056.

Herbergi í miðbæ Reykjavíkur húsgögn fylgja verð 40.000 Uppl. í síma 895 0482. Eftir kl 14:00

12fm herb. í kj. jörfabakka kr.20þ 90fm 3j.herb íbúð á 2h Teigaseli kr140þ 40/80fm iðnaðarhúsnæði Smiðjuv.4a 3ja mán trygging. Mail: se1.is

## Sumarbústaðir



Ca. 40 fm Kósy sumarbústaður til sölu í Kjósinni Hvalfirði. 30 min akstur frá Reykjavík. ATH skipti á bát. Gott verð Uppl. Elís. 897 6007 eða elli@adesso.is

## Geymsluhúsnæði

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 4 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Saumakona**
**Fatainnflutningsfyrirtæki óskar eftir að komast í samband við aðila sem gæti séð um að gera við fatnað( nýr, ónotaður fatnaður) Viðkomandi þyrfti að geta unnið heima. Um smáviðgerðir er að ræða, laga saumsprettur, skipta um rennilása og svo frv.**
**Upplýsingar í síma 892 0116.**




**Pókergjafarar óskast!**
**Óskum eftir heiðarlegum, duglegum, ábyrgum, aðlaðandi pókergjöfurum. Um er að ræða næturvinnu með góðum árangurstengdum launum fyrir rétta aðila. Aldurstakmark er 20 ár og þarf að ljúka 2 vikna námskeiði áður en hægt er að byrja.**
**Upplýsingar gefur Pétur í síma 659 3543 eða á paxel32@live.com**

Verkstjóri óskast á hjólbarðaverkst/smurstöð Bílkó. Leitum að ábyrgum, heiðarlegum og stundvísum starfsmanni. Reynsla af sambærilegu starfi æskileg. Frekari uppl. í síma 618 0560 Guðni.

NCS óskar eftir starfsfólki í næturvinnu í verslunum Helstu störf eru öryggisgæsla, verslunarstörf, áfyllingar ofl. Skilyrði; góð þjónustulund, hreint sakarvottorð og góð Íslensku kunnátta nauðsynleg. Lágmarksaldur 20 ár. NCS. Bæjarlind 4, 201 Kópavogur. Umsóknir á http://ncs.is/job.html

Smiðir - járnamenn óskast til starfa í Suður Noregi. Uppl. í s. 893 1918.

**Aðstoðarmaður Bakara!**
Aðstoðamaður bakara óskast í sumar, vinnutími frá 6 - 13. Upplýsingar á staðnum fyrir hádegi eða í síma 551 1531 Ingunn. Björnsbakarí Skúlagötu.

**Hlutastarf**
Óskum eftir starfsmanni í eldhús og verslun,,, viðkomandi þarf að hafa góðan grunn í asískri matargerð og þjónustulund. Asian, Kauptúni 3, uppl. asian@asian.is s: 693 3780.

Starfsmaður óskast í heildverslun með hárskraut og ýmsar smávörur. Æskilegt er að reynsla af slíkum störfum sé til staðar. Uppl. í s. 863 4252.

**Starfsmann í ræstingu**
Starfsmaður óskast í ræstingu, eftir kl 16:00, tímamælt ákvæði 50 tímar á mán. unnið mán-föst. S. 661-9777 eða rtt@rtt.is

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

Heitt spjall Dömuvaktin er flestöll kvöld frá 20-24. Dömurnar á Rauða Torginu, s. 908-6000 og 535-9999, dagskrá á RaudaTorgid.is (sjá: dömuvaktin).

Heit kona (35) leitar að villtu (leður?) ævintýri. Rauða Torgið Stefnumót, s. 905-2000 og 535-9920, augl.nr. 8468.

Náin kynni? Konur sem vita hvað þær vilja nota símatorg Rauða Torgsins. Konur auglýsa og sækja skilaboð í s. 555-4321 (frítt). Karlar hlusta á og svara auglýsingum í s. 905-2000 og 535-9920.

Samkynhn. KK finna góða vini á Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 og 535-9920.

FORSÍÐA VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN




**ÞÚ ERT MEÐ FRÆGA FÓLKIÐ Í VASANUM MEÐ VÍSI**

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

Meiri Vísir. vísir

## Fundir / Mannfagnaður

**AMNESTY INTERNATIONAL**

**Aðalfundur**

Aðalfundur Íslandsdeildar Amnesty International verður haldinn fimmtudaginn 19. maí 2011 kl. 20.00 í húsnæði deildarinnar að Þingholtsstræti 27, 3. hæð.
Dagskrá: Venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt samþykktum deildarinnar.
Stjórnin

## Fasteignir

*Hákon Svavarsson, löggiltur fasteigna-, fyrirtækja og skipasali*

**VALFELL**
FASTEIGNAMIÐLUN OG RÁÐGJÖF

**Skrifstofuhúsnæði á 9. hæð í Kringlunni 4-6.**





Húsnæðið er fallega innréttað og með glæsilegu útsýni. Húsnæðið er 127,4 fm með þremur rúmgóðum skrifstofum auk herbergis með ljósritunaraðstöðu og tæknirými. Að auki er stórt fundarherbergi og miðrými sem áður var móttaka, og eldhúskrókur til hliðar. Skrifstofuhúsnæðið er allt hið glæsilegasta og innréttað á vandaðan hátt. Frábær staðsetning, góð aðkoma og næg bílastæði í bílakjallara og við Kringluna. Húsnæðið gæti verið afhent fljótlega eða skv. nánara samkomulagi. **Uppl. veitir Hákon í síma 898 9396**

## Tilkynningar

**Reykjavíkurborg**
Skipulags- og byggingarsvið

# Auglýsing um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavík

**Í samræmi við 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýstar tillögur að breytingum á deiliskipulagi í Reykjavík.**

**Vesturhlíð 1**
Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir lóð leikskólans Sólborgar að Vesturhlíð 1.
Í breytingunni felst að lóð er stækkuð um 1637m² og gerður byggingareitur fyrir tvær færanlegar leikstofur á norðausturhluta lóðarinnar
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

**Klettasvæði, Skarfabakki**
Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Klettasvæðis/Skarfabakka vegna lóðanna nr. 1-3 við Korngarða og nr. 4 við Klettagarða. Í breytingunni felst stækkun lóðarinnar við Klettagarða 4 til austurs, skipta lóðinni nr. 1-3 við Korngarða í tvær lóðir, lengja Skarfabakka um 200 metra með landfyllingu ásamt því að sjóvarnargarðurinn Ábóti er fjarlægður.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

**Spítalastígur 8**
Tillaga að breytingu á deiliskipulagi á reit 1.184.1. Í breytingunni felst að heimilað verður að rífa núverandi skúrbyggingu milli Spítalastígs 8 og 10 og byggja þriggja hæða byggingu í hennar stað næst Spítalastíg og eina hæð baka til næst Bergstaðastræti.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar liggja frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, frá 10. maí 2011 til og með 23. júní 2011. Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðu sviðsins, ***www.skipbygg.is***. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega eða á netfangið *skipulag@reykjavik.is*, til skipulags- og byggingarsviðs eigi síðar en 23. júní 2011. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.** Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillögurnar.

Reykjavík, 10. maí 2011
Skipulagsstjóri Reykjavíkur

BORGARTÚNI 12-14 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 1111 - MYNDSENDIR 411 3071



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Ellert S. Svavarsson**

frá Ármúla, til heimilis að Hólabraut 8, Hafnarfirði,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi laugardaginn 7. maí. Útförin auglýst síðar.

**Bergþóra Valgeirsdóttir og fjölskylda.**



†

*Okkar ástkæra eiginkona, móðir, tengdamóðir og amma,*

**Erla Helgadóttir**

Kleppsvegi 104, Reykjavík,

lést á heimili sínu miðvikudaginn 27. apríl. Útför hennar hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Aðstandendur þakka auðsýnda samúð og vináttu við andlát hennar.

**Stefán Kr. Stefánsson**
**börn, tengdabörn og barnabörn.**



†

*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður og ömmu,*

**Vigdísar Þormóðsdóttur**

Hvassaleiti 58, Reykjavík.

**Þormóður Sveinsson**
**Höskuldur Sveinsson**
**Ásgerður Sveinsdóttir**
**Gunnhildur Sveinsdóttir**
**Sigríður Hjörleifsdóttir**
**Helena Þórðardóttir**
**Hallgrímur Hólmsteinsson**
**Svanbjörn Thoroddsen**
**og barnabörn.**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðmunda Ögmundsdóttir**

Tjarnarmýri 39, Seltjarnarnesi,

sem andaðist á líknardeild Landspítala Landakoti fimmtudaginn 5. maí, verður jarðsungin frá Fossvogskirkju föstudaginn 13. maí kl. 13.00. Blóm og kransar afþakkað en þeim sem vilja minnast hennar er bent á minningarsjóð Flateyjarkirkju á Breiðafirði. Minningarkort fást í versluninni Sjávarborg í Stykkishólmi, s. 438 1121, og hjá Gunnari, s. 824 5651.

**Guðný Gerður Gunnarsdóttir**
**Ögmundur Gunnarsson** **Rannveig Stefánsdóttir**
**Gunnar Freyr Gunnarsson**
**barnabörn og barnabarnabarn**



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Unnur Guðbjörg Jónsdóttir**

Hvanneyrarbraut 42, Siglufirði,

lést á Heilbrigðisstofnun Siglufjarðar föstudaginn 6. maí. Útförin fer fram frá Siglufjarðarkirkju laugardaginn 14. maí kl. 14.00.

**Gottskálk Rögnvaldsson**
**Rögnvaldur Gottskálksson** **Auður B. Erlendsdóttir**
**Gunnar Gottskálksson** **Erla Ósk Hermannsdóttir**
**ömmubörn og langömmubörn**

# Góðan daginn hafði sigur

Árlegri myndasögusamkeppni Borgarbókasafns og Myndlistaskólans í Reykjavík lauk á sunnudaginn með opnun sýningar á þeim sögum sem inn bárust. Fyrstu verðlaun hlaut Elín Edda Þorsteinsdóttir fyrir söguna Góðan daginn, en þar segir frá rólegum fundi hversdagshetju og einmana fíls niðri við strönd. Hún hlaut að launum námskeið hjá Myndlistaskólanum í Reykjavík.

Yfirskrift keppninnar var Ofurhetjan, til heiðurs hetjunni Wonder Woman sem á sjötugsafmæli í ár. Á sjötta tug myndasöguhöfunda á aldrinum 10 til 21 árs sendu sögur sínar í keppnina og eru þær með ýmsu sniði.

Valinn var einn sigurvegari en sex til viðbótar fengu viðurkenningu. Saga Inga Rúnars Kjartanssonar segir frá ofurhetju sem hrekur burt skrímsli með því að bjóða því mjólkurhristing; Kári Haraldsson segir frá ofurhetju sem leysir vandamál með klósettpappír og kallast því einmitt Herra klósettpappír; Ofurhendin í sögu Nicholas Þórs Peters Helgasonar er æpandi ófreskja sem kemur hætt stöddum fingrum til bjargar; Batman kid Karenar Aspar Einarsdóttur er ef til vill ekki sú ofurhetja sem hún sýnist vera en drýgir þó hetjudáð; Viðar Vignisson segir frá Risum í Reykjavík, sem virðast óþolinmóðir og hvatvísir en vinna þó hjörtu fólksins; og Chickman Hafrúnar Kolbeinsdóttur spyr hvað hefði getað orðið ef Bruce Wayne hefði séð eitthvað annað en leðurblöku út um glugga sinn á viðkvæmu augnabliki fyrir ríflega 70 árum.

Sýningin er á 1. hæð aðalsafns Borgarbókasafns í Tryggvagötu 15 og stendur út júní.



**SIGURMYNDIN** Fyrstu verðlaun hlaut Elín Edda Þorsteinsdóttir fyrir söguna Góðan daginn, en þar segir frá rólegum fundi hversdagshetu og einmana fíls niðri við strönd.

# Ljóðaupplestur á Bakkusi í kvöld

Sex íslensk ljóðskáld og eitt danskt lesa úr verkum sínum á Bakkusi í kvöld. Tilefnið er nýútkomin útgáfa danska forlagsins Arena á úrvali ljóðaþýðinga tíu íslenskra skálda af yngri kynslóðinni.

Ny islandsk poesi nefnist ljóðasafnið, sem er það þriðja í sérstökum ljóðaþýðingaflokki hjá Arena en áður hafa komið út söfn pólskra og þýskra ljóða. Í útgáfunni, sem er tvímála, er leitast við að kynna það sem er efst á baugi hjá ungum skáldum í viðkomandi löndum.

Íslensku ljóðin þýddu Erik Skyum Nielsen, Lóa Steffansdóttir og Nina Søs Vinth. Sú síðastnefnda er jafnframt ritstjóri bókarinnar. Hún er stödd hér á landi og var því ákveðið að efna til upplestrarkvölds. Sjálf er Nina skáld og mun hún lesa upp úr eigin verkum. Auk hennar lesa upp sex íslensk skáld af þeim tíu sem eiga ljóð í bókinni. Þau eru: Kristín Eiríksdóttir, Ingólfur Gíslason, Kári Páll Óskarsson, Sölvi Björn Sigurðsson, Haukur Ingvarsson og Kristín Svava Tómasdóttir.

Dagskráin hefst klukkan 20.30.



**KRISTÍN EIRÍKSDÓTTIR** Eitt tíu íslenskra skálda sem eiga ljóð í nýútkomnu dönsku þýðingasafni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



†

*Elskulegur sonur minn og bróðir,*

**Theódór Ásgeir Jónsson**

andaðist 3. maí síðastliðinn.

Útförin fer fram föstudaginn 13. maí kl. 15.00 frá Fossvogskirkju.

**Sigríður Jóhannsdóttir**
**Steinunn Magnúsdóttir** **Ísleifur Jónsson**
**Jóhanna Magnúsdóttir**
**Alda Haraldsdóttir** **Guðmundur Sveinsson**
**Róbert Guðmundsson**



†

*Elskuleg dóttir okkar, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Árný Sandra Róbertsdóttir**

lést á gjörgæsludeild Borgarspítalans miðvikudaginn 4. maí sl. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 12. maí kl. 15.00.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**
**Arnfinnur Róbert Einarsson**
**Sigrún Stella Einarsdóttir**
**Helena Hörn Einarsdóttir**



†

*Ástkær móðir, tengdamóðir og amma,*

**Björg Bjarnadóttir**

Hlíðarhjalla 44, Kópavogi,

lést á Landakotsspítala 4. maí sl. Útför hennar fer fram frá Garðakirkju miðvikudaginn 11. maí kl. 13.00. Við færum starfsfólki á Landakotsspítala og á Blóðlækningadeild Landspítala við Hringbraut innilegar þakkir fyrir kærleiksríka umönnun og gott viðmót.

**Bjarni Gautason**
**Þorbjörg Ásgeirsdóttir**
**Arnþór Bjarnason**
**Sara Björg Bjarnadóttir**
**Snjólaug Vala Bjarnadóttir**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**



HEIMAPIZZA fajitas kjúklingur 120g 295,-
250,-
STÄM pizza
L17cm. Ýmsir litir
HEIMAPIZZA pizzaostur 300g 445,-
STRÅLANDE rifjárn L28cm
Ryðfrítt stál/dökkgrátt 895,-
Eurovisionveisla heima hjá þér?
HEIMA PIZZA Pizzadeig
STRÅLANDE saxari H20cm. Hvítt 1.290,-
HEIMAPIZZA hvítlauksolía 300ml 595,-
EUROVISIONTILBOÐ
95,-
HEIMAPIZZA maískurl 300g 295,-
HEIMAPIZZA pizzadeig 380g 175,-
SNITTA hnífar L22cm
Ryðfrítt stál/plast
895,-/6 í pk.
MAGASIN kökukefli
L43cm. Gegnheilt birki 695,-
595,-
HEIMAPIZZA brauðstangaolía 300g
HEIMAPIZZA steikt beikon 120g 275,-
FRANK'S sterk vængjasósa 354ml 525,-
685,-
HEIMAPIZZA sterkir vængir 800g
HEIMAPIZZA rótsterkt pepperoni 120g 285,-
ENVIS penslar L20 og 18cm. Hvítt/rautt
695,-/2 í setti
DRÄLLA mjúk skurðarbretti B29×L37cm
Ýmsir litir 495,-/2 í pk.
HEIMAPIZZA
pizzanet 12" 995,-
pizzanet 14" 1.145,-
Ókeypis máltíð fyrir börnin
Þegar þú kaupir máltíð fá börnin, tíu ára og yngri að velja sér einn ókeypis rétt af barnamatseðli.
EUROVISIONTILBOÐ
1.990,-
Inniheldur: Heimapizza deig 2 stk., Heimapizza pizzaostur, pizza/pastasósa, Heimapizza grænmetisbakki, Heimapizza pepperoni, Heimapizza skinka og 2L gos
IKEA
Verslun opin 11-20 alla daga - Veitingastaður opinn 9:30-19:30
www.IKEA.is

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** samtök, **6.** líka, **8.** kæla, **9.** bar að garði, **11.** íþróttafélag, **12.** hanki, **14.** hroki, **16.** kyrrð, **17.** yfirgaf, **18.** spíra, **20.** tveir, **21.** hjartaáfall.

**LÓÐRÉTT**
**1.** á endanum, **3.** golf áhald, **4.** inúíti, **5.** spor, **7.** ítalskur róðrarbátur, **10.** meiðsli, **13.** útdeildi, **15.** kirtill, **16.** farvegur, **19.** samtök.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** stef, **6.** og, **8.** ísa, **9.** kom, **11.** kr, **12.** snagi, **14.** dramb, **16.** ró, **17.** fór, **18.** ála, **20.** ii, **21.** slag.

**LÓÐRÉTT: 1.** loks, **3.** tí, **4.** eskimói, **5.** far, **7.** gondóll, **10.** mar, **13.** gaf, **15.** bris, **16.** rás, **19.** aa.











# Tandurhrein blekking

**BAKÞANKAR**
**Bergsteins Sigurðssonar**



Á dögunum sótti ég námskeið ásamt norrænum kollegum mínum í New York. Meðal staða sem við heimsóttum í ferðinni var Scandinavian House, stofnun sem vinnur að framgangi norrænnar menningar vestra. Á jarðhæð var lítil minjagripaverslun með munum frá Norðurlöndum. Frá Íslandi mátti finna ýmsan varning, sápur og orkusteina, auk bæklinga sem lögðu mikið upp úr hreinleika landsins, óspilltri náttúru og ekki síst skemmtanalífinu.

**„MÉR** hefur alltaf fundist dálítið merkilegt hvað Íslendingar gera mikið úr því út á við hvað landið er hreint og skemmtanalífið viðburðaríkt," sagði ung blaðakona frá Svíþjóð við mig. „Ég hef tvisvar komið til Reykjavíkur og það sló mig hvað borgin var viðburðasnauð og ...." „Skítug?" botnaði ég þegar það sótti á hana hik. Hún jánkaði, hálfpartinn skömmustuleg yfir því að hafa hitt naglann á höfuðið.

**ÞARNA** hefði ég eflaust getað látið blóðið renna mér til skyldunnar, hlýtt herkalli Inspired by Iceland, og sett ofan í hana með fullyrðingum um að það væru sko ekki margar borgir af okkar stærðargráðu sem iðuðu jafn mikið af lífi, hún hefði greinilega aldrei komið á Iceland Airwaves eða Listahátíð í Reykjavík eða sagt henni frá Öskjuhlíðinni, sem að frátöldum sprautunálunum og notuðu smokkunum væri bara hin snyrtilegasta náttúruperla.

**ÉG** kinkaði hins vegar kolli. Í orðum hennar fólst nefnilega ekkert yfirlæti; þetta var bara almenn athugasemd við að það væri augljóst misræmi milli landkynningar og raunveruleikans. Óvíða er þetta misræmi greinilegra en í miðborginni, sögulegasta hluta Reykjavíkur, gestaherberginu sem flestir erlendir ferðamenn gista í, sem hefur fengið að grotna rækilega á undanförnum árum. Menning er að gera hlutina vel, sagði Þorsteinn Gylfason heimspekingur einu sinni. Það er freistandi að afmarka skilgreininguna við Ísland og segja: Íslensk menning er að gera hlutina vel og láta þá síðan drabbast niður.

**NÚ** er ég ekki að halda fram að Íslendingar séu endilega meiri sóðar en aðrar þjóðir. En til að fullyrða að hér búi hópur þrjú hundruð þúsund snyrtipinna þarf vænan skammt af afneitun. Á dögunum komu erlendir kvikmyndagerðarmenn til Íslands, með leikarann Jeremy Irons í farabroddi, til að fjalla um áhrif sorpmengunar í Ísafjarðardjúpi. Í þeim örfáu viðtölum sem Irons veitti á meðan dvaldi hér og var hann nær eingöngu spurður út í náttúrufegurðina. Annað hvort er það til marks um bíræfni eða sjálfsblekkingu.

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes




**Barnalán** — Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



58·12345

# ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ DOMINO'S

# MIÐSTÆRÐ Á 1.000 KR.

# MEÐ 3 ÁLEGGSTEGUNDUM

EF ÞÚ SÆKIR

dominos.is




stefánsson & stefánsson

# Fólk

folk@frettabladid.is



**13** *milljón sinnum hefur nýjasta myndband söngkonunnar Lady Gaga við lagið Judas verið spilað á Youtube. Sex dagar eru síðan myndbandið var sett inn.*

## Söng með Arcade Fire

**Cyndi Lauper, sem heldur tónleika í Hörpunni 12. júní, steig óvænt á svið með kanadísku hljómsveitinni Arcade Fire á New Orleans djasshátíðinni fyrir skömmu. Lauper og Régina Chassagne úr Arcade Fire sungu þar saman vinsælasta lag Lauper, Girls Just Want to Have Fun, við mikinn fögnuð viðstaddra. Lauper hélt áfram og söng einnig lag Arcade Fire, Sprawl II (Mountains Beyond Mountains), af síðustu plötu hljómsveitarinnar, The Suburbs.**



CINDY LAUPER






# Kexverksmiðjan vaknar til lífsins

**Mikla athygli vakti þegar greint var frá því að nokkrir gamlir vinir og kunningjar hefðu leigt gömlu kexverksmiðjuna Frón og hygðust opna þar gistiheimili. Um helgina voru síðan dyrnar opnaðar.**

Kex Hostel er með gistiaðstöðu fyrir 150 manns og hyggst bjóða upp á ódýra gistingu fyrir erlenda og íslenska ferðamenn. Eigendur gistiheimilisins eru þeir Pétur Marteinsson, fyrrum landsliðsmaður í knattspyrnu, Dagur Sigurðsson, margreynd handboltakempa, Eiður Smári Guðjohnsen, leikmaður Fulham, Hermann Hreiðarsson, leikmaður Portsmouth, og athafnamaðurinn Kristinn Vilbergsson. „Við vildum athuga hvort það væri ekki hægt að bjarga þessu húsi frá því að vera rifið, enda staðsetningin frábær," sagði Pétur í samtali við Fréttablaðið fyrir tæpu hálfu ári. Þá var hann á fullu í vinnugallanum að rífa út úr húsinu og gera allt klárt.

Gistiheimilið hefur þegar vakið nokkra athygli utan landsteinanna og fjallað hefur verið um það í erlendum ferðamannabæklingum og vefsíðum. Þá hefur verið gert töluvert úr eignarhlut Eiðs Smára og Hermanns Hreiðarssonar. Þeir tveir voru þó víðsfjarri um helgina þegar gistiheimilið var opnað með pompi og prakt. **- fgg**



Eigendurnir Kristinn Vilbergsson og Pétur Marteinsson ásamt matreiðslumanninum Friðriki V sem gægist út um gluggann. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Boðið er upp á flotta útiaðstöðu hjá Kex-hostel og þar söfnuðust gestirnir saman í blíðviðrinu.



Jónsi úr Sigur Rós fékk sér sæti hjá hjónunum Ella og Sollu. Þau hafa getað rætt um hollan mat.



Sigurður Kári Kristjánsson, varaþingmaður og lögfræðingur, bregður á leik ásamt Viðari Þór Guðmundssyni.



Pétur Marteinsson og Kristinn Vilbergsson ásamt stórpopparanum Herberti Guðmundssyni.


17. júní í Reykjavík



## Dagskráratriði óskast

Auglýst er eftir skemmti- og sýningaratriðum fyrir þjóðhátíðarskemmtun í Reykjavík. Í dagskránni er gert ráð fyrir barna og fjölskylduskemmtunum á sviðum, tónleikum, leiktækjum og ýmsum sýningum og götuuppákomum.

Hægt er að sækja um flutning atriða, uppákomur og viðburði á vefnum **www.17juni.is** en umsóknum má einnig skila í **Hitt Húsið, Pósthússtræti 3-5, 101 Reykjavík** á eyðublöðum sem þar fást. Umsóknarfrestur er til 12. maí.

Upplýsingar í síma 411 5502 eða á **17juni@hitthusid.is**

Hitt Húsið Sími: 411 5500 17juni@hitthusid.is www.17juni.is


## Verslar í Walmart

Leikaranum John Travolta þykir ekkert tiltökumál að kaupa bæði gjafir og nauðsynjavörur í bandarísku verslanakeðjunni Walmart þótt hann fljúgi um heiminn í einkaþotu.

Samkvæmt innanbúðarmanni verslar Travolta reglulega í Walmart og kaupir meðal annars fatnað sinn þar. „Hann heimsækir verslunina reglulega og kaupir ekki aðeins fötin sín þar, heldur einnig gjafir handa vinum og ættingjum. Fjölskyldumeðlimum finnst þetta fyndið í ljósi þess hvað hann er ríkur. En þau kunna líka að meta gjafirnar því þau vita að John eyðir miklum tíma í að finna hina fullkomnu gjöf handa hverjum og einum."

Þetta er þó ekkert feimnismál fyrir leikarann því hann hefur staðfest þetta í viðtali. „Í Walmart fást ótrúlegar gjafir, ég keypti nokkra kjóla þar til að gefa í jólagjöf og þeir slógu í gegn," sagði hann.



**SPARSAMUR** John Travolta sparar peninga með því að versla í Walmart.



**FYRSTA PLATAN** Karl Hallgrímsson hefur gefið út sína fyrstu plötu, Héðan í frá.

## Rétti tíminn er aldrei

„Ég ætla að spila fyrir alla sem vilja heyra," segir tónlistarmaðurinn Karl Hallgrímsson, sem ætlar að vera duglegur við spilamennsku í sumar. Hann heldur þrenna útgáfutónleika vegna fyrstu plötu sinnar, Héðan í frá, í byrjun næsta mánaðar.

Karl starfar sem tónmenntakennari í Naustaskóla á Akureyri. Hann hefur verið viðloðandi tónlist í fjölda ára, meðal annars á Akureyri og á Akranesi þar sem hann bjó um sjö ára skeið. Tvö gömul lög eru einmitt á nýju plötunni, eða frá árunum 1994 og 1995. „Ég átti svolítið af lögum og var búinn að prófa að spila þau með tveimur ólíkum hljómsveitum og tvisvar sinnum einn á tónleikum. Mér fannst það ganga upp allt saman og þá fór ég að skoða þennan möguleika," segir hann um tilurð nýju plötunnar. „Svo er maður búinn að læra það af reynslunni að rétti tíminn er aldrei. Kannski er ég búinn að vera að bíða eftir honum í tíu ár. Það er svolítil klikkun að vera svona lengi að þessu en í staðinn er ég að gefa út þroskaða og góða plötu," bætir hann við.

Hljómsveitin sem verður með Karli á útgáfutónleikunum er skipuð þeim Birgi Baldurssyni, Eðvarði Lárussyni, Pálma Gunnarssyni og Kjartani Valdemarssyni. Fyrst spila þeir á Græna hattinum á Akureyri 1. júní, síðan í Tónbergi á Akranesi 4. júní og loks á Café Rosenberg 6. júní.

Fyrir áhugafólk um þægilega og vandaða popptónlist er Héðan í frá fáanleg í verslunum Eymundsson. **- fb**






# Varanlegur árangur!

Fylgdu 8 vikna heilsuáætlun
danska ráðgjafans LENE HANSSON




„Flott bók, stútfull af upplýsingum um hvernig þú getur lifað heilsusamlegra lífi. Taktu ábyrgð á eigin heilsu – strax í dag!“

LINDA PÉTURSDÓTTIR
FRAMKVÆMDASTJÓRI BAÐHÚSSINS

„Bókin *Léttara og betra líf* opnar nýja leið til heilsubótar, skref fyrir skref.“

ÞORGRÍMUR ÞRÁINSSON
RITHÖFUNDUR

Einföld handbók sem leiðir þig áfram
matseðlar | uppskriftir | innkaupalistar | hreyfingaráætlun









VAKA-HELGAFELL
www.forlagid.is

midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075




Þriðjudagur er tilboðsdagur.




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| FAST AND FURIOUS 5 | 7 og 10 POWER |
| THOR 3D | 5, 7.30 og 10 |
| RIO - ISL TAL 3D | 5 |
| YOUR HIGHNESS | 10 |
| HOPP - ISL TAL | 6 |
| KURTEIST FÓLK | 8 - EKKI TILBOÐ |


SAMBÍÓIN




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| FAST FIVE | kl. 5:20 - 8 - 10:40 (Powersýning kl.10:40) | 12 |
| FAST FIVE Luxus VIP | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | VIP |
| SOMETHING BORROWED | kl. 6 - 8:20 - 10:40 | L |
| THOR 3D | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 7 |
| ARTHUR | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | 7 |
| CHALET GIRL | kl. 5:50 | L |
| UNKNOWN | kl. 8 | 16 |
| SOURCE CODE | kl. 10:40 | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| SOMETHING BORROWED | kl. 8 | L |
| THE LINCOLN LAWYER | kl. 10:20 | 12 |
| ARTHUR | kl. 8 - 10:20 | 7 |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| FAST FIVE | kl. 5:20 - 8 - 10:40 (Powersýning kl.10:40) | 12 |
| THOR | kl. 5:40 - 8 - 10:30 | 7 |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| THOR 3D | kl. 5.20 - 8 - 10.30 | 7 |
| SOMETHING BORROWED | kl. 5.30 - 8 - 10.20 | L |
| LINCOLN LAWYER | kl. 8 - 10.30 | 12 |
| ARTHUR | kl. 5.20 - 8 | 7 |
| RIO 3D ísl.Tal | kl. 5.30 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| FAST FIVE | kl. 5:20 - 8 - 10:10 -10:40 Powersýning kl.8) | 12 |
| SOMETHING BORROWED | kl. 5:50 - 8 | L |
| THE LINCOLN LAWYER | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| RED RIDING HOOD | kl. 5:50 | 12 |

ÞRIÐJUDAGSBÍÓ Í DAG
TRYGGIÐ YKKUR MIÐA Á WWW.SAMBIO.IS


SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
...KOMIN GÆÐI!




SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| FAST FIVE | KL. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| FAST FIVE Í LÚXUS | KL. 5.20 - 8 - 10.40 | 12 |
| THOR 3D | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| SCREAM 4 | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| HANNA | KL. 8 - 10.25 | 16 |
| RIO 3D ÍSLENSKT TAL | KL. 3.30 - 5.45 | L |
| RIO 2D ÍSLENSKT TAL | KL. 3.30 | L |
| HOPP ÍSLENSKT TAL | KL. 3.30 | L |

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS AUKAKRÓNUR 5%

| | | |
|---|---|---|
| FAST FIVE | KL. 5.20 – 9 | 12 |
| HÆVNEN | KL. 5.25 – 8 – 10.35 | 12 |
| THOR 3D | KL. 6 - 9 | 12 |
| HANNA | KL. 8 - 10.20 | 16 |
| RIO 3D ÍSLENSKT TAL | KL. 6 | L |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| FAST FIVE | KL. 5.45 - 8 - 10.20 | 12 |
| THOR 3D | KL. 5.40 - 8 - 10.15 | 12 |

NÁNARI UPPLÝSINGAR OG MIÐASALA Á midi.is
facebook /smarabio • facebook /haskolabio
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ GILDA EKKI Í BORGARBÍÓI




LAUS ALLRA MÁLA Leikarinn Nicolas Cage sleppur fyrir horn eftir að hafa verið handtekinn um miðjan apríl fyrir ölvun á almannafæri. NORDICPHOTOS/GETTY

# Sleppur við fangelsið

Nu er komið í ljós að leikarinn Nicolas Cage sleppur við fangelsisvist eftir að hafa verið handtekinn fyrir ölvun á almannafæri í New Orleans um miðjan apríl. Ekki er nóg með að Cage hafi verið ofurölvi heldur var hann einnig með dónaskap við vegfarendur og eiginkonu sína, hina kornungu Alice Kim. Fjölmiðlafulltrúi leikarans segir að hjónin séu ánægð með að málinu sé lokið og að Cage ætli sér ekki að láta þetta hafa áhrif á vinnu sína, en hann er staddur í New Orleans við tökur á kvikmyndinni Medallion.

# XIII spilar plötuna Salt

**Rokkhljómsveitin XIII leikur plötu sína Salt í heild sinni á tónleikum á Faktorý á föstudagskvöld. Sérstakir gestir verða In Memoriam og Hoffman. „Þetta er nú bæði vegna óska þeirra sem sýnt hafa XIII áhuga og okkur sjálfum til gamans,“ segir Hallur Ingólfsson, söngvari XIII. „Þetta verður ekki endurtekið. Þeir sem hafa verið að óska eftir lögum af Salt á tónleikum ættu því að grípa tækifærið núna.“ Salt var fyrsta plata XIII og kom út árið 1994 við mjög góðar undirtektir. Sveitin gaf síðast út tvöföldu plötuna Black Box haustið 2010. Miðaverð á tónleikana er 2.500 krónur.**

# Lífinu ég þakka

Leiklist ★★★

**Ótuktin**

Sýnt í Iðnó. Byggt á samnefndri bók eftir Önnu Pálínu Árnadóttur.

**Leikgerð, leikstjórn og undirleikur:** Valgerð Skagfjörð. **Flytjandi:** Katla Margrét Þorgeirsdóttir.



AÐSTANDENDUR VERKSINS Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson, Katla Margrét Þorgeirsdóttir og Valgeir Skagfjörð.

Gamla góða Iðnó stendur fyrir sínu. Nú er þar enn ein sýningin í huggulegu umhverfi þar sem saga er sögð og sungið á milli. Hræðilega erfið frænka kemur í heimsókn til ungrar konu í blóma lífsins. Frænkan var heldur leiðinleg hér áður fyrr og gaf bara vont súkkulaði og ljóta sokka í jólagjöf en nú er hún mætt og neitar að fara. Konan sem á húsið vísar henni í versta herbergið lengst í burtu en engu að síður er það frænkan sem sigrar að lokum. Anna Pálína Árnadóttir, söngkona og þáttastjórnandi hjá Ríkisútvarpinu, lést af völdum krabbameins aðeins 41 árs að aldri árið 2004. Hún var áður búin að vinna hug og hjörtu landsmanna með söng sínum og hafði á allra síðustu árunum ferðast um og talað um þessa frænku, þennan óvelkomna gest sem engu að síður varð að fá sitt pláss. Hún kallaði hana Kröbbu frænku. Anna Pálína var allan tímann mjög opinská um sjúkdóm sinn og Ótuktin er afrakstur skrifa hennar um þetta erfiða einvígi.

Valgeir Skagfjörð útbjó einleik eða öllu heldur tvíleik um Ótuktina og er það Katla Margrét Þorgeirsdóttir sem fer með hlutverk söngkonunnar sem segir sögu sína sem síðan er brotin upp með söng og Valgeir sér um undirleik á píanó og leiðir með henni nokkur samtöl.

Þetta er að mörgu leyti hugljúf stund þó í lengra lagi væri. Katla Margrét kann listina að stilla á hálj ljósin og hefur glettilega nærveru í erfiðum texta. Hún fer með hlutverk ungrar söngkonu, eiginkonu og móður og lýsir baráttuaðferð hennar við illvígan sjúkdóm sem hún getur ekki sigrast á en verður að sætta sig við að lifa með.

Sönglögum er fléttað inn í frásagnirnar. Það hefði mátt lýsa betur leikkonuna þó birtan svona rauðleit hafi vissulega líka sitt gildi. Kötlu Margréti tókst vel til við að glæða samtölin lífi, einkum voru samskiptin við hinn fremur durtslega lækni lifandi og lýsandi. Þessi sýning er nauðsynleg og góð en það hefði frá leikrænu sjónarmiði farið betur á því að minnka aðeins textaflæðið og lyfta betur fram dramatískum atriðum með leiknum smámyndum í stað þess að hún var sífellt að segja frá því hvernig hún hefði brugðist við hinu og þessu. Skugginn átti sitt hlutverk og það var sterk og mögnuð frásögn af því hvernig hann tók sér bólfestu í henni en henni tókst að bægja honum frá með ýmsum góðum ráðum, en engu að síður mætti hann aftur. Það er margt í þessari sýningu sem vafalítið vekur fólk til umhugsunar, eins og t.d. hvernig á að tala við þann sem er með krabbamein, eða hvernig á krabbameinssjúklingur að hegða sér? Þegar hún situr og spjallar við hina sjúklingana sem haldnir eru þessu meini, alls konar fólk, tekst henni að bregða upp ansi skýrri mynd. Eiginmaður Önnu Pálínu, Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson, á ekki aðeins sinn stóra þátt í verkinu heldur er hann jafnframt textahöfundur að öllum þeim lögum sem flutt eru. Þar á meðal eru yndislegar perlur eins og Haustvísa eftir Erna Tauro þar sem Aðalsteinn þýðir hugljúfan texta Tove Jansson og eins lokasöngurinn Lífinu ég þakka sem Violetta Parra samdi á sínum tíma og Aðalsteinn hefur nú samið íslenskan texta við. Þó að þetta sé erfitt og sorglegt viðfangsefni er sýningin á köflum smellin. Óhætt að lofa enn einni góðri kvöldstund í Iðnó.

Elísabet Brekkan

**Niðurstaða:** Erfiðu og sorglegu efni gerð skil á hjartnæman og oft smellinn hátt.

LYFJA
– Lífið heil
www.lyfja.is




SUNNY GREEN CHLORELLA
Er svitalykt eða táfýla?
Fyrir þig í Lyfju
ÍSLENSKA/SIA.IS/LYF 54872 05/11


BÍÓ ★ PARADÍS
BAR & CAFÉ

| | |
|---|---|
| ROUTE IRISH | 17:50, 20:00, 22:10 |
| KURTEIST FÓLK | 18:00 |
| BOY | 18:00, 20:00, 22:00 |
| ÚRBANIKKA: LOS ANGELES PLAYS ITSELF | 20:00 |
| REGÍNA | 18:00 |
| BÖRN | 20:00 |
| FORELDRAR | 22:00 |




BARA GÓÐAR MYNDIR www.bioparadis.is
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS


Bjóddu til veislu með
Casa Fiesta
CASA FIESTA ®
CASA FIESTA
NACHOS
Tortilla
Chips
CASA FIESTA
Nacho
Chips
CASA FIESTA
NACHOS
Tortilla
Chips
CASA FIESTA
Salsa Dip hot
CASA FIESTA
Guacamole Dip
CASA FIESTA
Cheese Dip

# sport

sport@frettabladid.is



**FRAMARAR** leita að þjálfara fyrir karlalið sitt í handbolta þessa dagana. Reynir Þór Reynisson er hættur eins og kunnugt er. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru tveir menn í myndinni hjá Fram - Einar Jónsson og Patrekur Jóhannesson. Einar er þjálfari kvennaliðs félagsins og var aðstoðarmaður Reynis. Hann þekkir því hópinn vel. Patrekur er síðan á leið heim frá Þýskalandi.



**PÉTUR PÉTURSSON** Er þekktur rólyndismaður en honum hljóp kapp í kinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Pétur fékk rauða spjaldið:

## Fleiri en ég áttu að fljúga út af

**FÓTBOLTI** Pétur Pétursson, aðstoðarþjálfari KR, fékk að líta rauða spjaldið í leik liðsins gegn Keflavík í 2. umferð Pepsi-deildar karla á sunnudag.

Pétur var heldur ósáttur við dóminn en hann fékk reisupassann undir lok leiksins. „Mummi (Guðmundur Reynir Gunnarsson) lenti í klafsi við Guðjón Árna Antoníusson, leikmann Keflavíkur, og þeir duttu báðir niður fyrir framan varamannaskýli Keflvíkinga,“ sagði Pétur.

„Þá stóðu allir upp sem voru á bekknum hjá Keflavík og byrjuðu að drulla yfir Mumma á meðan hann lá meiddur í grasinu. Ég fór yfir til þess að verja minn mann og fékk rautt fyrir það. Ég veit ekki hvað reglurnar segja en mér finnst þetta nokkuð hart.“

Þess má geta að Willum Þór Þórsson, þjálfari Keflavíkur, fékk áminningu undir lok leiksins.

„Ég viðurkenni fúslega að ég notaði ekki réttu orðin þegar ég fór að verja leikmanninn en það er sama, mér fannst þetta engu að síður hart.“

„Það áttu fleiri að fljúga út af en ég,“ bætti Pétur við. - esá

Valitor-bikarinn:

## Selfoss lagði ÍA

**FÓTBOLTI Selfoss komst í 32 liða úrslit Valitor-bikarsins í gær er það lagði ÍA eftir framlengingu og vítakeppni á Selfossi. Staðan eftir venjulegan leiktíma var 2-2.**

**ÍA komst í 1-2 er Stefán Þórðarson fékk að líta sitt annað gula spjald og þar með rautt. Seinna spjaldið fékk Stefán fyrir kjaftbrúk. Manni fleiri náði Selfoss að jafna og koma leiknum í framlengingu. Þar var ekkert skorað og því þurfti að grípa til vítaspyrnukeppni.**

**Þar reyndust taugar heimamanna sterkari og þeir fögnuðu sigrinum innilega í leikslok.**

- hbg

# Óvíst hvort ég spila handbolta aftur

**Atvinnumannsferill stórskyttunnar Einars Hólmgeirssonar er á enda. Hann þarf að fara í aðgerð á hné og verður líklega ekki búinn að jafna sig á henni fyrr en í lok ársins. Framhaldið er óljóst hjá Einari og svo gæti farið að hann spilaði ekki aftur handbolta. Einar segir erfitt að sætta sig við þessa niðurstöðu.**

**HANDBOLTI** „Þetta eru líklega endalokin. Ég er búinn að hitta lækni og hann er ekki bjartsýnn á framtíðina. Þetta er búið að vera mjög erfitt,“ sagði Einar Hólmgeirsson, leikmaður Ahlen-Hamm, sem hefur leikið sinn síðasta leik sem atvinnumaður. Tíminn mun svo leiða í ljós hvort hann spilar aftur handbolta síðar en svo gæti farið að hann verði að leggja skóna á hilluna.

Einar er meiddur á vinstra hné og fer í aðgerð fljótlega vegna meiðslanna. Það mun taka hann nokkra mánuði að jafna sig eftir aðgerðina í kjölfarið mun koma í ljós hvort hann geti spilað handbolta á nýjan leik.

Samningur Einars við Ahlen-Hamm rennur út í sumar og hann fær ekki nýjan samning. Engin eftirspurn er síðan eftir meiddum manni þannig að Einar á um lítið annað að velja en að koma heim.

„Ég hef það orð á mér að vera mikið meiddur og þess vegna er áhuginn enginn. Ég fór í aðgerð á þessu hné fyrir tveim árum vegna brjóskskemmda. Það hefur haldið vel síðan en er illa farið núna. Það þarf að taka það í gegn enda eru skemmdin stór og á vondum stað. Læknirinn segir mjög ólíklegt að ég verði atvinnumaður á nýjan leik. Ég veit ekki hvort ég spila handbolta á nýjan leik. Spurning hvort það sé þess virði. Ég er ekkert spenntur fyrir því að vera kominn með gervilið á mínum aldri,“ sagði Einar, sem er aðeins 29 ára.

„Það er ekkert annað hægt að gera núna en að byrja upp á nýtt. Ég kem væntanlega heim í sumar og fer í endurhæfingu. Ég verð samt örugglega aldrei tilbúin aftur fyrr en um jólin,“ sagði Einar, sem þarf nú að standa í stappi vegna tryggingamála en hann vonast eftir því að tryggingarnar muni greiða fyrir endurhæfinguna.

Að sama skapi getur hann ekki spilað handbolta á meðan og því eru engar líkur á því að hann spili hér heima á meðan á endurhæfingu stendur.

Þegar Einar fór utan sem atvinnumaður átti hann bjarta framtíð í vændum. Hann spilaði vel og var orðinn lykilmaður í íslenska landsliðinu. Síðustu ár hafa aftur á móti verið ein samfelld sorgarsaga þar sem hver meiðslin hafa rekið önnur.

„Ég er búinn að vera meiddur út í eitt eftir jól. Sex eða sjö mismunandi meiðsli. Það var orðið mjög þreytandi að vera ónýtur og geta síðan ekki neitt. Fyrstu tvö árin mín í Þýskalandi gengu vel en síðan fór að halla undan fæti. Þessir síðustu mánuðir hafa svo verið skelfilegir. Ég þarf samt að játa mig sigraðan núna,“ sagði Einar, sem var að gæla við að geta spilað í Þýskalandi í tvö ár í viðbót.

„Ég á sem betur fer heilbrigð börn og góða fjölskyldu. Við höfum átt mjög góðan tíma úti og maður verður að taka það með sér. Það er erfitt að sætta sig við þetta og ég er enn að átta mig á þessu. Ég held ég geri það ekki fyrr en eftir nokkra daga.“ henry@frettabladid.is



**BALLIÐ BÚIÐ** Atvinnumannsferill Einars Hólmgeirssonar hefur verið ein sorgarsaga síðustu ár. Nú er komið að endalokum og Einar flytur heim í sumar ásamt fjölskyldu sinni. NORDICPHOTOS/BONGARTS

Argentínumaðurinn Maxi Rodriguez fór hamförum er Liverpool valtaði yfir Fulham á Craven Cottage:

# Tvær þrennur á skömmum tíma hjá Maxi

**FÓTBOLTI** Liverpool leikur við hvurn sinn fingur þessa dagana og fjarvera Steve Gerrard virðist ekki hafa nein áhrif á liðið. Leikmenn Liverpool léku listir sínar á Craven Cottage í gær er þeir kjöldrógu Fulham, 2-5. Liverpool komst fyrir vikið upp í fimmta sæti deildarinnar.

Argentínumaðurinn Maxi Rodriguez er hreinlega sjóðandi þessa dagana og skoraði aftur þrennu. Hann gerði það einnig gegn Birmingham hinn 23. apríl. Hann skoraði svo eitt mark gegn Newcastle um mánaðamótin og er því kominn með sjö mörk í síðustu þremur leikjum.

„Þetta var frábær frammistaða hjá strákunum. Við byrjuðum með látum og það var hreinn unaður að fylgjast með fótboltanum sem við spiluðum. Hreyfingin á mönnum og vinnuframlag var til fyrirmyndar,“ sagði himinlifandi stjóri Liverpool, Kenny Dalglish.

„Fulham beit frá sér í síðari hálfleik en við mættum þeim. Við höfum staðið okkur frábærlega síðan í janúar. Ber að þakka leikmönnum og þjálfurum fyrir það.“

Eiður Smári Guðjohnsen var í byrjunarliði Fulham fjórða leikinn í röð. Hann fann sig ekki frekar en félagar hans og var tekinn af velli um miðjan síðari hálfleik. Mark Schwarzer átti skelfilegan dag í marki Fulham. - hbg



**MAGNAÐUR MAXI** Maxi Rodriguez fagnar hér einu af þrem mörkum sínum í gær. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES


BM·VALLÁ

bmvalla.is



Sumarið er komið!

Má bjóða þér landslagsráðgjöf?

Áslaug Katrín Aðalsteinsdóttir,
landslagsarkitekt okkar, veitir viðskiptavinum ókeypis ráðgjöf og aðstoð við mótun hugmynda og útfærslu.

Ráðgjöfin ásamt tölvuteikningu er þér að kostnaðarlausu.
Hafðu samband við sölufulltrúa okkar og pantaðu tíma.

Happdrætti
Allir sem nýta sér landslagsráðgjöf og kaupa í kjölfarið efni til framkvæmda hjá BM Vallá fara í pott og geta unnið ferð til London fyrir tvo. Gildir út árið 2011.

Komdu til okkar og fáðu hugmyndir fyrir garðinn þinn.

BM Vallá ehf.
Bíldshöfða 7
110 Reykjavík
Sími: 412 5000
Fax: 412 5001
sala@bmvalla.is

FARTÖLVUR • FARTÖLVUR • FARTÖLVUR • FARTÖLVUR

# FARTÖLVUR

NÝJAR VÉLAR • SÝNINGARVÉLAR • NOTAÐAR VÉLAR

# RÝMINGARSALA

# LOKADAGUR

## EKKI MISSA AF ÞESSU!

TÖLVULISTINN TL.IS

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR

NÓATÚNI 17 S: 414 1700
STRANDGÖTU 9 S: 414 1730
MIÐVANGI 2-4 S: 414 1735
HAFNARGÖTU 90 S: 414 1740
AUSTURVEGI 34 S: 414 1745
REYKJAVÍKURVEGI 66 S: 414 1750



> **Ryan Gosling**

„Ég ætla bara að halda áfram að vinna mína vinnu og vona að ég verði ekki rekinn. Ef fólk vill hengja mig upp á vegg, þá mun ég elska það."

***Ryan Gosling leikur ungan og metnaðarfullan saksóknara sem fær það verkefni að sækja til saka útsjónarsaman verkfræðing sem ákærður er fyrir að hafa myrt eiginkonu sína og hyggst verja sig sjálfur í sakamálamyndinni Fracture sem er á Stöð 2 Bíó kl. 20 í kvöld.***

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ SVAVAR HÁVARÐSSON OG TVEIR MEISTARAR

# Af grimmum örlögum

Svo bar til liðna viku að tveir þeirra sem ég hef í mestum metum komu við sögu á sjónvarpsskjánum. Fyrir rúmlega viku fjallaði David Attenborough um mæður og börn þeirra í náttúrunni (Wild Mothers and Babies) og á laugardagskvöldið var sýnd sjónvarpsmyndin Into the Storm frá árinu 2009 sem byggir á ævi Winston Churchill, fyrrum forsætisráðherra Bretlands, þar sem honum er fylgt eftir hin örlagaríku ár síðari heimsstyrjaldarinnar.

Efnistök Attenborough að þessu sinni voru í senn heillandi og sorgleg. Fylgst var með mæðrum og afkvæmum nokkurra dýrategunda á fyrstu ævidögum þeirra og ekki síst þeim hættum sem bíða hvarvetna. Tvennt situr eftir í hugskotinu. Það var fæðing og fyrstu dagar fjögurra lítilla ljónshvolpa en örlög þeirra voru að deyja í skoltinum á ungu karlljóni sem þá hafði hrakið gamla karlljónið frá hópnum. Ung karldýr líða það ekki að ungviði annarra ljóna vaxi úr grasi á þeirra vakt svo dráp hvolpanna var óumflýjanlegt. Þetta var þó ekki þægilegt á að horfa.

Hitt var pælingin um hvort dýrin deili með okkur tilfinningaböndum við ungviðið, en í myndinni var fylgst með lemúramóður sem neyðist til að skilja ungann sinn eftir, en hann var hálfdauður úr sulti. Það myndskeið verður lengi minnisstætt. Í langan tíma engdist dýrið yfir ákvörðuninni en sjálfsbjargarviðleitnin tók síðan yfir.



Ekki þarf að fjölyrða um verkefnið sem Churchill glímdi við á stríðsárunum. Þá barst heimurinn á banaspjótum og tugir milljóna lágu í valnum þegar byssurnar þögnuðu. Þá má velta fyrir sér, fyrst við erum komin svona miklu lengra en dýr merkurinnar, af hverju við veljum yfir okkur grimm örlög sem dýrin geta ekki umflúið. Vitandi vits, eins og það er kallað.

## RÚV

**15.25 Leiðin til Düsseldorf** (e)
**15.55 Þýski boltinn** (e)
**16.55 Íslenski boltinn** (e)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Tóti og Patti** (5:52)
**18.20 Fréttir**
**18.50 Veðurfréttir**
**19.00 Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva** Bein útsending frá fyrri forkeppninni í Düsseldorf. Vinir Sjonna syngja í kvöld og verða fjórtándu á svið. Kynnir er Hrafnhildur Halldórsdóttir.
**21.10 Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva** Sýnt verður skemmtiatriði sem flutt var í hléi í söngvakeppninni í kvöld.
**21.25 Vormenn Íslands** Hitað upp fyrir Evrópumót landsliða leikmanna yngri en 21 árs sem fram fer í Danmörku í júní.
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.15 Rannsókn málsins - Draugalest** (1:2) Bresk spennumynd frá 2008 í tveimur hlutum. Stúlka fellur úr parísarhjóli og lætur lífið og talið er að það hafi verið slys. Spákona segir lögreglunni að málið sé ekki svo einfalt og skömmu seinna verður annað dauðsfall. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna.
**23.05 Aðþrengdar eiginkonur** Bandarísk þáttaröð um nágrannakonur í úthverfi sem eru ekki allar þar sem þær eru séðar. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna. (e)
**23.50 Fréttir** (e)
**00.00 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 When Harry Met Sally**
**10.00 Stuck On You**
**12.00 Happily N'Ever After**
**14.00 When Harry Met Sally**
**16.00 Stuck On You**
**18.00 Happily N'Ever After**
**20.00 Fracture**
**22.00 The Hitcher**
**00.00 Find Me Guilty**
**02.00 Dungeon Girl**
**04.00 The Hitcher**
**06.00 Bourne Identity**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 The New Adventures of Old Christine** (17:22)
**10.35 Wonder Years** (10:17)
**11.00 American Dad** (2:20)
**11.20 The Office** (2:6)
**11.50 Burn Notice** (6:16)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 So You Think You Can Dance**
**14.20 So You Think You Can Dance**
**15.05 Sjáðu**
**15.30 Camp Lazlo**
**15.50 Ben 10**
**16.15 Aðalkötturinn**
**16.40 Strumparnir**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons** (6:25)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Two and a Half Men** (9:24)
**19.45 Modern Family** (6:24)
**20.10 The Big Bang Theory** (6:23)
**20.35 How I Met Your Mother** (7:24)
**21.00 Bones** (7:23)
**21.45 Hung** (4:10)
**22.15 Eastbound and Down** (4:6)
**22.45 Daily Show: Global Edition**
**23.15 Gossip Girl** (12:22)
**00.00 Ghost Whisperer** (8:22)
**00.45 The Ex List** (3:13)
**01.25 NCIS: Los Angeles** (2:24)
**02.10 Eleventh Hour** (2:18)
**02.55 Cronicle of an Escape**
**04.35 American Dad** (2:20)
**05.00 How I Met Your Mother** (7:24)
**05.25 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**15.40 Pepsi mörkin**
**16.50 Spænsku mörkin**
**17.40 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu** Skyggnst á bakvið tjöldin hjá liðunum sem leika í Meistaradeild Evrópu. Hitað upp fyrir komandi leiki og um leið hinir ýmsu leikir krufðir til mergjar.
**18.10 Þýski handboltinn: Füchse Berlin - Göppingen** Bein útsending frá leik Füchse Berlin og Frisch Auf Göppingen í þýska handboltanum.
**19.50 Spænski boltinn: Real Madrid - Getafe** Bein útsending frá leik Real Madrid og Getafe í spænsku úrvalsdeildinni.
**22.00 European Poker Tour 6** Sýnt frá European Poker Tour þar sem mætast allir bestu spilarar heims.
**22.50 OneAsia Tour - Highlights** Samantekt frá því besta og markverðasta sem gerðist á nýjasta mótinu í OneAsia mótaröðinni í golfi.
**23.45 Spænski boltinn: Real Madrid - Getafe** Útsending frá leik Real Madrid og Getafe í spænsku úrvalsdeildinni.
**01.30 Þýski handboltinn: Füchse Berlin - Göppingen**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Fulham - Liverpool** Útsending frá leik Fulham og Liverpool í ensku úrvalsdeildinni.
**12.25 Newcastle - Birmingham** Útsending frá leik Newcastle United og Birmingham City í ensku úrvalsdeildinni.
**14.10 Everton - Man. City** Útsending frá leik Everton og Manchester City í ensku úrvalsdeildinni.
**15.55 Stoke - Arsenal** Útsending frá leik Stoke City og Arsenal í ensku úrvalsdeildinni.
**17.40 Premier League Review** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
**18.35 Man. City - Tottenham**
**20.45 Ensku mörkin** Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans. Glæsileg mörk og mögnuð tilþrif.
**21.15 Man. Utd - Chelsea** Útsending frá leik Manchester United og Chelsea í ensku úrvalsdeildinni.
**23.00 Man. City - Tottenham**

## SKJÁREINN

**07.20 Spjallið með Sölva** (12:16)
**08.00 Dr. Phil** (173:181)
**08.45 Pepsi MAX tónlist**
**17.05 90210** (18:22)
**17.50 Dr. Phil** (174:181)
**18.35 America's Funniest Home Videos** (42:50)
**19.00 Being Erica** (13:13)
**19.45 Whose Line Is It Anyway?** (5:39)
**20.10 Matarklúbburinn - LOKAÞÁTTUR** (7:7)
**20.35 Innlit/ útlit - LOKAÞÁTTUR** (10:10)
**21.05 WAGS, Kids & World Cup Dreams** (1:5) Fimm kærustur þekktra knattspyrnumanna halda til Suður Afríku í aðdraganda heimsmeistarakeppninnar sem haldinn var á síðasta ári.
**21.55 The Good Wife** (16:23) Þáttaröð með stórleikkonunni Julianna Margulies sem slegið hefur rækilega í gegn.
**22.45 Makalaus** (10:10)
**23.15 Penn & Teller** (6:10)
**23.45 CSI** (17:22)
**00.00 Matarklúbburinn** (7:7)
**00.25 Pepsi MAX tónlist**
**00.35 Heroes** (19:19)
**01.15 The Good Wife** (16:23)
**02.00 Pepsi MAX tónlist**
**06.00 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**08.10 Wells Fargo Championship** (1:4)
**11.10 Golfing World** (80:240)
**16.00 Ryder Cup Official Film 2002**
**18.00 Golfing World** (82:240)
**18.50 PGA Tour - Highlights** (17:45)
**19.45 Open de Espana** (2:2)
**22.00 Golfing World** (82:240)
**22.50 PGA Tour - Highlights** (11:45)
**23.45 ESPN America**
**00.00 Golfing World** (82:240)
**00.50 Wells Fargo Championship** (2:4)
**06.00 ESPN America**

## EXTRA

**19.35 The Doctors**
**20.15 Grey's Anatomy** (2:24) Fimmta sería þessa vinsælasta dramaþáttar í heimi. Meredith og Derek komast að því að það að viðhalda hinu fullkomna sambandi er mun erfiðara en þau áttu von á.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.55 Glee** (17:22) Önnur gamanþáttaröðin um metnaðarfullu menntaskólanemana sem halda áfram að keppast við að vinna söngkeppnir á landsvísu þrátt fyrir mikið mótlæti frá klappstýrukennaranum Sue sem nýtir hvert tækifæri til þess að koma höggi á söngkennarann Will og hæfileikahópinn hans. Fjölmargar gestastjörnur bregða á leik í þáttunum og má þar m.a. nefna Oliviu Newton-John og Britney Spears.
**22.45 The Event** (19:22) Hörkuspennandi þættir um venjulegan ungan mann sem hafður er fyrir rangri sök. Ásamt kærustu sinni lendir hann á flótta og áður en þau vita af eru þau orðin flækt í meiri háttar samsæri gegn forseta Bandaríkjanna.
**23.30 Nikita** (8:22)
**00.15 Saving Grace** (8:14)
**01.00 Grey's Anatomy** (2:24)
**01.45 The Doctors**
**02.25 Sjáðu**
**02.50 Fréttir Stöðvar 2**
**03.40 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## N4

**18.15 Að norðan** Með Hildu Jönu Gísladóttur. Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.
**19.00 Fróðleiksmolinn**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Höskuldur Ólafsson, forstjóri Arion banka, er gestur í kvöld.
**21.00 Græðlingur** Hvað verður í tísku í garðyrkjumálum landsmanna 2011?
**21.30 Svartar tungur** Þeim semur ótrúlega þessum körlum.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7 FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |




## Í KVÖLD



**STÖÐ 2 SPORT 2 KL. 18.35**

### Man. City - Tottenham

Bein útsending frá stórleik Manchester City og Tottenham sem berjast um fjórða sæti ensku úrvalsdeildarinnar og þar með keppnisrétt í Meistaradeild Evrópu næsta vetur.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.03** Vítt og breitt **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Eyðieyjan **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Hádegisútvarpið **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Stjórnarskrá að eigin vali **14.00** Fréttir **14.03** Sker **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Náðarkraftur **15.25** Málstofan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Í heyranda hljóði **21.20** Tríó **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Fimm fjórðu **23.05** Matur er fyrir öllu **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## BBC entertainment

**11.05** ,Allo ,Allo! **11.40** ,Allo ,Allo! **12.10** Keeping Up Appearances **12.40** Fawlty Towers **13.15** ,Allo ,Allo! **13.45** ,Allo ,Allo! **14.20** The Weakest Link **15.05** The Weakest Link **15.55** Fawlty Towers **16.25** ,Allo ,Allo! **17.00** ,Allo ,Allo! **17.30** The Inspector Lynley Mysteries **18.20** The Inspector Lynley Mysteries **19.10** Top Gear **20.00** The Graham Norton Show **20.45** The Office **21.15** Little Britain **21.45** Coupling **22.15** Jack Dee Live at the Apollo **23.00** The Inspector Lynley Mysteries **23.50** The Inspector Lynley Mysteries

## DR 1

**10.35** Grøn glæde **11.00** Lisa goes to Hollywood **11.30** Ønskehaven **12.00** Smag på Norden **12.30** Kongehuset indefra **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Aftenshowet **14.00** Timmy-tid **14.10** Chiro **14.15** Den fortryllede karrusel **14.30** Lille Nørd **15.00** Landsbyhospitalet **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Hvad er det værd? **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Aftenshowet **18.00** Hammerslag **18.30** TV Avisen **18.55** SportNyt **19.00** Det Europæiske Melodi Grand Prix 2008, 2. semifinale **21.00** McFusk & Co

## NRK 1

**11.05** Aktuelt **11.35** Urix **12.00** NRK nyheter **12.05** Tett på dyrene **12.35** Norge rundt **13.00** NRK nyheter **13.10** Par i hjerter **14.00** NRK nyheter **14.10** Nummer 1 **14.50** Filmavisen 1960 **15.00** NRK nyheter **15.10** Dyrisk **15.40** Oddasat - nyheter på samisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Førkveld **16.40** Distriktsnyheter **17.45** Ut i naturen **18.15** Kjærlighetshagen **18.45** Extra-trekning **18.55** Distriktsnyheter **21.00** Kveldsnytt **21.15** Holby Blue **22.05** Norge i krig - oppdrag Afghanistan **22.35** Bakrommet: Fotballmagasin

## svt1

**10.30** Det söta livet **11.00** Hoppsan! **12.30** Världens kläder **13.10** Gomorron Sverige **14.00** Rapport **14.05** Hollywoodredaktionen **14.30** Så ska det låta **15.30** Sverige idag **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Huset fullt av hundar **19.00** Eurovision Song Contest **21.00** Fotboll är gud **21.55** Två kockar i samma soppa **22.45** Rapport **22.50** Brottet och straffet







## LÖGIN VIÐ VINNUNA



*„Zoo Kid, Two Door Cinema Club og Janelle Monae hafa verið mikið á spilaranum upp á síðkastið. Ef til vill er það sumrinu að þakka.“*

Þórey Björk Halldórsdóttir, fatahönnuður.

# Vinir Sjonna hanga á bláþræði

Coming Home, íslenska laginu í Eurovision, er spáð tíunda sæti af blaðamönnum í Düsseldorf þar sem keppnin fer fram. Felix Bergsson, sérstakur fjölmiðlafulltrúi hópsins, vitnar í þekktan frasa pólitíkusa í kosningaslag og segir drengina hafa fundið fyrir miklum meðbyr að undanförnu. „Það er mikil stemning fyrir strákunum og þeir fengu fínar undirtektir eftir æfinguna í dag [gær].“

Í gærkvöldi var síðan komið að generalprufu hópsins en dómnefndir í löndunum sem Ísland er með í riðli kveða upp sinn dóm eftir þá æfingu. „Þeir voru eilítið stressaðir á æfingunni um daginn og fundu aðeins fyrir þessu. Þeir hafa tekið þetta svo létt hingað til. En það er gott að þeir séu búnir að taka stressið út fyrir kvöldið,“ segir Felix, sem kveðst aldrei aftur ætla að fara út í Eurovision í þessu hlutverki. „Þetta er „once in a lifetime“, ég er bara að gera þetta fyrir vin minn Sjonna.“

Mikil vinátta hefur myndast milli Íslendinga og Norðmanna sem spáð er mikilli velgengni í keppninni og Alexander Rybak, sigurvegarinn frá 2009, hefur farið fögrum orðum um Vinina og dáðst að því að þetta séu allt alvöru tónlistarmenn. Slíkt er ekki algilt í þessari keppni.„Ég fór síðan með Rybak í partí og það var ótrúleg upplifun, þeir ætluðu hreinlega að rífa hann í sig.“

- fgg



**SPENNANDI KVÖLD** Vinir Sjonna og Þórunn Erna Clausen eiga spennandi kvöld fram undan en íslenska laginu er spáð tíunda sætinu af blaðamönnum.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Kanadíski grínistinn **Jon Lajoie** kemur til landsins í dag og treður upp í Háskólabíói á fimmtudaginn. Lajoie sló fyrst í gegn með grínatriðum sínum á vefsíðunni Youtube og hefur notið talsverðra vinsælda undanfarin misseri. Hann ku vera spenntur fyrir komunni til landsins, en í færslu sem hann birti á Twitter-síðu sinni á dögunum sagðist hann ekki geta beðið og bætti við í fullkominni kaldhæðni að hann væri sérstaklega spenntur fyrir flugferðinni, sem hann sagði taka 15 klukkutíma.

- afb






**LÆTUR STAMIÐ EKKI STÖÐVA SIG** Arnar Grant lætur stamið ekki stöðva sig við að láta drauma sína rætast. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

ARNAR GRANT: LÉT EINELTIÐ ALDREI HAFA ÁHRIF Á MIG

# Leitaði sér aðstoðar til Þýskalands vegna stams

„Ég stama sjálfur. Ég þekki þetta vandamál mjög vel þannig að ég átti ekkert erfitt með að leika þetta,“ segir heilsuræktarfrömuðurinn Arnar Grant.

Ný auglýsing Arnars og félaga hans Ívars Guðmundssonar fyrir próteindrykkinn Hámark í leikstjórn Hannesar Þórs Halldórssonar hefur vakið mikla athygli. Þar vísa þeir á skemmtilegan hátt í Óskarsverðlaunamyndina The King's Speech sem fjallar um baráttu Georgs VI, konungs Bretlands, við stam og ótta hans við að tala opinberlega.

Það sem margir vita ekki er að Arnar hefur sjálfur stamað síðan í barnæsku og er því pínulítið að gera grín að sjálfum sér í auglýsingunni. „Maður á ekki að taka sjálfan sig allt of alvarlega. Hver hefur sinn djöful að draga,“ segir Arnar. „Mér finnst allt of margir sem eru með eitthvað mein láta það stoppa sig í því sem þá langar til að gera. Ég hef aldrei látið þetta stoppa mig í einu eða neinu.“

Í The King's Speech fer aðalpersónan í talþjálfun með góðum árangri. Spurður hvort Arnar hafi gert slíkt hið sama segist hann ekki hafa farið í slíka þjálfun hér á landi. Hann fór aftur á móti til Þýskalands fyrir mörgum árum til að leita sér aðstoðar. „Þetta er bæði kostnaðarsamt hérna heima og svo finnst mér hugað mjög illa að þeim sem stama. Þeir sem stama hafa átt erfitt uppdráttar með að fá hjálp. Þetta er líka einmitt hópurinn sem veigrar sér við því að fara af stað og tala við einhverja sem geta hjálpað,“ greinir hann frá. „Það er fullt af hæfileikaríku fólki sem stamar sem á alls ekki að láta það hægja á sér við að láta drauma sína rætast.“

Lentir þú í einelti í barnæsku vegna stamsins? „Já, en ég lét það aldrei hafa áhrif á mig. Fólk talaði stundum um þetta þegar maður heyrði til og stundum fór fólk að hlæja þegar maður var að tala við það. Mörgum sem þekkja ekki þessi vandamál bregður þegar þeir tala við fólk sem stamar.“

Arnar og Ívar hafa sent frá sér margar skemmtilegar Hámarksauglýsingar og ætla ekkert að hægja á sér í þeim efnum. „Við höfum gert nokkrar í viðbót í allt öðrum stíl. Við reiknum með að setja þær í gang í haust,“ segir Arnar hress.

freyr@frettabladid.is

# Nýr framkvæmdastjóri Kraums

„Ég er hæstánægður. Þetta er afar spennandi og skemmtilegt,“ segir Jóhann Ágúst Jóhannsson, sem hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri tónlistarsjóðsins Kraums. 42 umsóknir bárust um stöðuna.

Jóhann Ágúst tekur við af Eldari Ástþórssyni sem er kominn til starfa hjá tölvuleikjafyrirtækinu CCP. „Það er búið að vera gaman að fylgjast með Kraumi og það hafa verið flottir hlutir í gangi þar. Það er meiriháttar gaman að halda áfram því starfi sem hefur verið í gangi,“ segir Jóhann, sem hefur mikla reynslu af störfum innan tónlistargeirans. Hann starfaði í nokkur ár í versluninni 12 Tónum og hefur að undanförnu unnið fyrir hljómsveitirnar Amiinu og Nóru. Hann er menntaður viðskiptafræðingur frá HÍ og hefur lokið meistaranámi í menningarstjórnun frá Bifröst og námi í viðburðastjórnun frá Hólum.

Kraumur tónlistarsjóður, sem var stofnaður í byrjun árs 2008 af Aurora velgerðarsjóði, hefur það meginhlutverk að efla íslenskt tónlistarlíf. Úthlutanir sjóðsins á styrkjum fyrir árið 2011 verða tilkynntar á morgun og bíða margir tónlistarmenn spenntir eftir niðurstöðunni. Alls bárust 233 umsóknir um styrki sem er nýtt met.



**NÝR STJÓRI** Jóhann Ágúst Jóhannsson hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri Kraums. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Frá því Kraumur hóf starfsemi sína hafa yfir áttatíu listamenn og hljómsveitir hlotið stuðning frá sjóðnum og má þar nefna Bang Gang, Bloodgroup, Diktu, Hjaltalín, Mugison og Lay Low.

-fb




# Yrsa á heimsmælikvarða

**Heimspressan hefur kveðið upp úr um að glæpasögur Yrsu Sigurðardóttur standast samanburð við það besta í veröldinni. Þær eru nú fáanlegar í nýjum kiljuútgáfum. Hefurðu lesið allar bækur Yrsu? Byrjaðu núna!**

---

„Stenst samanburð við það besta í glæpasögum samtímans, hvar í heiminum sem er.“
**Times Literary Supplement**

*Tilboðið gildir til 6. júní 2011

Eymundsson.is

**Eymundsson**
*Bóksali frá 1872*

ENNEMM / SÍA / NM46490

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VÍSIR

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Pósthúsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Ryan Giggs Eurovision

Eins og kemur fram á öðrum stað í blaðinu rennur upp úrslitastund hjá Vinum Sjonna í kvöld þegar lagið Coming Home verður flutt í Eurovision-höllinni í Düsseldorf. Þeir félagar hafa smám saman verið að fikra sig upp vinsældalista Eurovision-spekinga en einn þeirra, **Benedikt Brynleifsson**, hefur þó verið vinsæll meðal dyggustu Eurovision-aðdáendanna. Sem í flestum tilvikum eru hommar. Benedikt hefur verið myndaður mun meira en aðrir liðsmenn Vinanna og hefur verið kallaður Ryan Giggs Eurovision-keppninnar.



### Judy Garland og Frank Sinatra Íslands

Hljómsveitin Hjaltalín kom víða við í nýlegri Evrópureisu sinni og spilaði meðal annars á stofutónleikum í París við góðar undirtektir. Upptaka af tónleikunum er nú á netinu og þar má sjá söngvarana **Högna Egilsson** og **Sigríði Thorlacius** slá um sig á frönsku á milli laga. Sigríður söng að auki eitt lag á frönsku. Tónleikarnir voru fyrir frönsku tónlistarsíðuna la Blogothèque, en þar er Högna og Sigríði líkt við Frank Sinatra og Judy Garland. - fgg



## Mest lesið vísir

1. Helgi Seljan fór í hjartaþræðingu
2. Kona höfuðkúpubrotnaði
3. Fannst á lífi eftir sjö vikur í óbyggðum
4. Launin margföld í Noregi
5. Pöddur og skordýr í heimahúsum
6. Venja á börn af pela fyrir 1 árs








SAGA OG ÞÓR
Hágæða svæðisskiptar heilsudýnur

Verðdæmi:
SAGA Queen rúm 129.900
ÞÓR Queen rúm 149.900

BOAS
Leður hægindasófi 3 sæta 169.900
Hægindastóll 79.900
Tilboð Svefnsófi 127.425 (25% afsl)
Til í ljósu og dökku leðri

BOAS
Lyftustóll
2 tegundir
Verð frá
129.900
Til í ljósu og dökku leðri

IQ-CARE
Ein besta heilsudýna í heimi

Þrýstijöfnun er lykilorðið
Svæðisskiptar heilsudýnur með betri stuðningi, mýkra axlasvæði og góðum stuðningi við mjóbak
Betri öndun
Til í öllum algengustu rúmstærðunum

IQ-Care heilsukoddinn
IQ-CARE
Aðlagast fullkomlega að hálsi og höfði.
Fæst í 3 stærðum

ÚRVAL STILLANLEGRA HEILSURÚMA
PROFLEX
Mest selda stillanlega heilsurúmið hjá Svefn og heilsu með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu.

BOARD S-CAPE
WALLHUGGER
dregst að veggnum eins og nafnið bendir til.
Einn mest seldi ameríski botninn í heiminum.
Fæst í eftirfarandi breiddum:
80, 90, 97, 120, 140 og 150 cm
**Board** hefur allt sem gott stillanlegt rúm þarf að hafa á fábæru verði.
**S-Cape** er einnig með þráðlausa fjarstýringu og nuddi.

PRODIGY™
Framtíðin í stillanlegum rúmum.
Sjón er sögu ríkari

Baldursnesi 6 — AKUREYRI
Svefn & heilsa
www.svefn.is
Listhúsinu Laugardal — REYKJAVÍK

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00